

Morgunblaðið

ÞRIÐJUDAGUR 16. SEPTEMBER 2025

• Stofnað 1913 • 217. tölublað • 113. árgangur •



ALLT ÖNNUR
STAÐA SKAGA-
MANNA

BESTA DEILDIN 30

LÖNGU TÍMA-
BÆR SÝNING Á
VERKUM ÍSLEIFS

SAFNASAFNIÐ 32



RENAULT 5
MÆTIR AFTUR
TIL LEIKS

BÍLAR 12 SÍÐUR



Ljósmynd/Sigurjón Einarsson

Sjaldséður gestur finnur nóg að éta við Akrafjall

Sjaldséður gestur, gjóður (l. Pandion haliaetus), lét sjá sig við Akrafjall nú um helgina. Gjóðurinn er ekki algengur hér á landi, raunar er þessi talinn sá 38. sem sést hefur frá því að Íslendingar hófu að telja fugla. Hann sást fyrst á föstudag og hefur síðan dvalið í rólegheitum í hliðum fjallsins en mun líklega láta sig hverfa þegar kólna tekur.

„Það eru tjarnir þarna upp frá með nógu af fiski í. Hann hefur nóg að éta og liggur líklega ekki á að koma sér í burtu,“ segir Sigurjón Einarsson, náttúrufræðingur og fuglaáhugamaður, sem fangaði augnablikið er gjóðurinn veiddi sér til matar um liðna helgi. Hér á landi eru 75-80 fuglategundir sem kalla má íslenskar en í heild hafa

sést 440 tegundir. Sjálfur hefur Sigurjón séð 267 þeirra. Gjóður er ránfugl af gjóðaaætt, en er þó eini fluglinn í ættinni. Hans helsta fæða er fiskur og var hann kallaður fiskiörn á árum áður. Hann verpir um allan heim en flækist hingað til Íslands stundum og þá aðallega frá Evrópu. magnea@mbl.is

Ólíkar sviðsmyndir fjárlagafrumvarps



Daði Már Kristófersson

■ Varað er við aukinni óvissu í alþjóðaviðskiptum, í kjölfar umfangsmikilla tollabreytinga sem bandarísk stjórnvöld hafa kynnt, í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Í greinargerð við fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar eru teiknaðar upp ólíkar frávíkssviðsmyndir.

Í svartsýnni sviðsmynd fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að tollahækkanir verði víðtækari og dragi úr alþjóðaviðskiptum. Það leiði til minni útflutnings, verra aðgengis að erlendu fjármagni og veikara gengis krónunnar. Í greinargerðinni er bent á að undir þessari sviðsmynd gæti afkoma ríkissjóðs versnað um 35-40 milljarða króna á næsta ári. Útgjöld myndu hækka um 25-30 milljarða króna, einkum vegna aukins atvinnuleysis og hærri vaxtagjalda. mj@mbl.is » 14

Sér ekki tilganginn í ríkisolíufyrirtæki

● Framsókn vill að orkufyrirtækin séu í eigu þjóðarinnar

Óskar Bergsson
oskar@mbl.is

„Í Noregi eru það einkaaðilar sem leita og finna nærri alla olíu þar í landi. Ef ríkisolíufélagið Petoro er með þá er það alltaf í litlum minnihluta. Ef það ætti að vera sambærilegt félag á Íslandi þá er það óþarfi vegna þess að það eru engir samningar í sambandi við olíuleit sem kalla á þátttöku einhvers ríkisolíufélags,“ segir Heiðar Guðjónsson, hagfræðingur og fjárfestir, um þingsályktunartillögu Miðflokksins þar sem lagt er til að hefja á ný leit að olíu og gasi á íslenskum landgrunni og stofna ríkisolíufélag til að tryggja að afraksturinn renni til þjóðarinnar.

Heiðar segist ekki sjá tilganginn í því að stofna ríkisolíufélag því að lögin sem snúa að Drekasvæðinu séu Íslendingum hagfeld.

Olíuleit

» Miðflokkurinn lagði fram þingsályktunartillögu um olíuleit og stofnun ríkisolíufyrirtækis.

» Heiðar Guðjónsson fjárfestir telur hagstæða samninga og íslenska löggjöf tryggja að stofnun ríkisolíufyrirtækis sé óþörf.

„Í leyfunum sem hafa verið boðin út af hálfu íslenska ríkisins tekur ríkið helminginn af öllum rekstrarhagnaði án þess að leggja út neitt fé, hvorki í leit né vinnslu. Það er bundið í viðkomandi vinnslu- og leitarleyfi að þessi hluti af rekstrarhagnaðinum falli ríkinu í skaut.“

Hann leggur áherslu á að það séu skilmálar leyfisins að þeir sem fá leitar- og vinnsluleyfi greiði helminginn af rekstrarhagnaði verkefnisins beint til íslenska ríkisins og það þurfi ekkert ríkisolíufélag í kringum það.

Þarf að draga úr innflutningi

Sigurður Ingi Jóhannsson formaður Framsóknarflokksins segir að þingsályktunartillaga Miðflokksins hafi ekki verið rædd í þingflokknum.

„Við höfum lagt áherslu á að nýta íslenskar auðlindir í raforkumálum, draga úr innflutningi á bensíni og olíu og spara þannig gjaldeyri.“

Sigurður Ingi leggur áherslu á að orkufyrirtækin séu sem mest í eigu íslensku þjóðarinnar en vill ekkert útiloka í þessum efnum.

Hagfeldið lög gera ... » 2

Telur að loftslagsmarkmið náist



Guðlaugur Þór Þórðarson

■ Orkufyrirtækin hafa selt svokölluð aflátsbréf fyrir milljarðatugi og einnig hefur ríkissjóður gert svo og hafa þær tekjur runnið í ríkissjóð.

Þetta segir Guðlaugur Þór Þórðarson, fyrrverandi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, í samtali við Morgunblaðið.

Fram hefur komið það mat núverandi ráðherra málaflökksins að svo kunni að fara að Ísland muni þurfa að kaupa loftslagsheimildir fyrir allt að 11 milljarða, sökum þess að vanta muni upp á að markmið í loftslagsmálum náist í losunarbókhaldi árána 2021-2030.

Guðlaugur Þór segir aftur á móti í minnisblaði sem hann lagði fyrir ríkisstjórnina skömmu fyrir stjórnarskipti að mat sérfræðinga sé að uppfærð losunarmarkmið muni nást árið 2030. » 6



Morgunblaðið/Eyþór

Skattahækkunar Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir tæplega 30 milljarða króna skattahækkunum á fólk og fyrirtæki þvert á kosningaloforð.

Skattahækkunar í samhengi

Ólíkt samhengi Daða og Viðreisnar

BAKSVIÐ

Andrea Sigurðardóttir
andrea@mbl.is



Það vakti athygli þegar Viðreisn birti myndband á samfélagsmiðlum flokksins sem sýndi fréttamann Rúv. segja við Daða Má Kristófersson fjármálaráðherra um þá nýkynnt fjárlagafrumvarp: „Ég held að margir hafi búist við skattahækkun annaðhvort á fólk eða fyrirtæki.“ Fjármálaráðherra brást við þeirri athugasemd fréttamannsins með orðunum: „Já, það er ekki í þessu frumvarpi“.

Yfirskrift myndbandsins á samfélagsmiðlum er: „Engir skattar á fólk og fyrirtæki, eins og var lofað“. Þar er væntanlega vísað í loforð Viðreisnar fyrir síðustu alþingiskosningar um að flokkurinn ætlaði sér ekki að hækka skatta á almenning. Af færslu Viðreisnar mætti ráða að flokkurinn hefði staðið við loforð sitt um að hækka ekki skatta á almenning. Á það hefur aftur á móti

verið bent að fjárlagafrumvarpið feli í sér margvíslegar skattahækkunar á fólk og fyrirtæki sem nema alls tæpum 30 milljörðum króna.

Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir þingmaður Miðflokksins spurði fjármálaráðherra að gefnu tilefni í óundirbúnum fyrirspurnum í þinginu í gær hvernig ráðherrann skilgreindi almenning.

Daði Már sagðist frekar hefðu búist við því í sínu fyrra starfi við Háskóla Íslands að vera beðinn um að skilgreina hugtök, en sagði þó að almenningur tæki til allra Íslendinga. Sagði hann þingmanninn taka orð sín úr samhengi.

„Þegar rætt er um breytingar í fjárlagafrumvarpinu þá eru sem sagt engar breytingar í fjárlagafrumvarpinu sem ekki höfðu þegar verið tilkynntar í fjármálaáætlun.“

Bætti hann því við að hann kynni betur við að ræða málin á grundvelli þess sem sagt er í samhengi. Hann minntist þó ekki á samhengið í framsetningu Viðreisnar á samfélagsmiðlum.

Hagfelld lög gera ríkisfyrirtæki óþarft

● Þakkar Eykoni hagstæða samninga fyrir Íslands hönd

Óskar Bergsson
oskar@mbl.is

„Ég sé ekki tilganginn í því að stofna ríkisolíufélag því löggin sem snúa að Drekasvæðinu eru Íslendingum hagfelld,“ segir Heiðar Guðjónsson, hagfræðingur og fjárfestir, um þingsályktunartillögu Miðflokksins, þar sem lagt er til að hefja á ný leit að olíu og gasi á íslenskum landgrunni og stofna ríkisolíufélag til að tryggja að afraksturinn renni til þjóðarinnar.

Hann þakkar Eyjólf Konráði Jónssyni alþingismanni sem á áttunda áratugnum var í forystu fyrir Íslendinga um landgrunnsréttindi.

„Það er honum að þakka að Ísland á réttindi langt út fyrir 200 mílurnar, út frá landgrunni Reykjaneshryggs og Austfjarða. Drekasvæðið er á mörkum norskrar og íslenskrar landhelgi og íslenska ríkið getur tekið þátt í olíufundi Noregsmegin eftir að olía hefur fundist. Hins vegar ef norska ríkið ætlar að vera með Íslandsmegin þá þurfa þeir að taka þátt í verkefninu frá fyrsta degi. Þetta þýðir að ef Norðmenn finna olíu á þessu svæði þá getum við komið inn í verkefnið þeirra megin sem 25% hluthafi.“

Hvernig sérðu fyrir þér upphafspunkt í þessu verkefni?

„Í Noregi eru það einkaaðilar sem leita og finna nærri alla olíu þar í landi. Ef ríkisolíufélagið Pétro er með þá er það alltaf í litlum minnihluta. Ef það ætti að vera sambærilegt félag á Íslandi þá er það óþarfi vegna þess að það eru engir samningar í sambandi við olíuleit sem kalla á þátttöku einhvers ríkisolíufélags.“

Hver yrði þá aðkoma íslenska ríkisins að olíuleitinni og -vinnslunni?

„Í leyfunum sem hafa verið boðin út af hálfu íslenska ríkisins tekur ríkið helminginn af öllum rekstrarhagnaði án þess að leggja út neitt fé, hvorki í leit né vinnslu. Það er bundið í viðkom-



Ljósmynd/Óvind Hagen

Olíuleit Miðflokkurinn hefur lagt fram þingsályktunartillögu um olíuleit og að stofnað verði olíufélag í eigu ríkisins, sem tryggi arð til þjóðarinnar.

Heiðar
GuðjónssonSigurður Ingi
Jóhannsson

andi vinnslu- og leitarleyfi að þessi hluti af rekstrarhagnaðinum falli ríkinu í skaut.“

Heiðar leggur áherslu á að það séu skilmálar leyfisins að þeir sem fá leitar- og vinnsluleyfi greiði helminginn af rekstrarhagnaði verkefnisins beint til íslenska ríkisins og það þurfi ekkert ríkisolíufélag í kringum það.

Á Drekasvæðinu er engin vinnsla fyrir hendi og segir Heiðar að þess vegna þurfi að finna stóra lind til þess

að það sé hagkvæmt að vinna verkefnið áfram.

„Ef slík lind finnst myndi hún falla í efsta þrep skattlagningar þannig að rétt rúmlega helmingur af rekstrarhagnaði verkefnisins fer beint til íslenska ríkisins. Þannig er olíulöggjöfin á Íslandi og útfærslan á henni er í höndum Orkustofnunar og ráðuneytisins,“ segir Heiðar Guðjónsson.

Ekki verið rætt í þingflokknunum

Sigurður Ingi Jóhannsson formaður Framsóknarflokksins segir að þingsályktunartillaga Miðflokksins hafi ekki verið rædd í þingflokknunum.

„Við höfum lagt áherslu á að nýta íslenskar auðlindir í raforkumálum, draga úr innflutningi á bensíni og olíu og spara þannig gjaldeyri.“

Sigurður Ingi leggur áherslu á að orkufyrirtækin séu sem mest í eigu íslensku þjóðarinnar en vill ekkert útiloka í þessum efnun.

Eldsneytið ekki á vélar Icelandair

● Strangar gæðakröfur í flugrekstri

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is

„Við gerum ekki ráð fyrir að þessi staða muni hafa áhrif á flugáætlun en nýr farmur af flugvélaeldsneyti er væntanlegur til landsins á næstu dögum,“ segir Ásdís Ýr Pétursdóttir, forstöðumaður samskipta hjá Icelandair.

Eins og greint var frá í Morgunblaðinu í gær uppfyllti farmur af flugvélaeldsneyti frá olíubirginum Vitol ekki gæðakröfur. Vitol er aðaleldsneytisbirgir Icelandair í Keflavík.

Ásdís segir að umrætt eldsneyti hafi ekki verið sett á vélar Icelandair. „Nei. Um er að ræða nýjan farm sem ekki hefur verið tekinn til notkunar. Allt eldsneyti sem er í tönkum í Keflavík og nýtt er á vélar Icelandair hefur verið prófað út frá sömu stöðlum og uppfyllir ströngustu gæðakröfur,“ segir hún.

Ásdís segir jafnframt að ekki gæti komið til þess að eldsneyti sem stenst ekki gæðakröfur færi í notkun. „Öryggisferlar í flugrekstri eru þannig byggðir upp að eldsneyti er ekki afhent eða notað fyrr en allar gæðakröfur hafa verið staðfestar



Morgunblaðið/Eyþór

Icelandair Eldsneyti sem ekki stóðst gæðakröfur fór ekki í notkun.

og formlegt samþykki liggur fyrir. Þetta tryggir að öryggi sé ávallt í forgangi og að flugvélar Icelandair fljúgi einungis á eldsneyti sem hefur fullkomlega staðist allar kröfur.“

Ekki fengust svör um hversu mikil magn af flugvélaeldsneyti stóðst ekki gæðakröfur. Ásdís vísar á eldsneytisbirginn um þær upplýsingar. Hún segir að Icelandair hafi verið í sambandi við Vitol eftir að málið kom upp. „Vitol upplýsti okkur um stöðuna um leið og málið kom upp og við vinnum náið saman að lausn málsins.“

96% UPPLIFA AUKIN LÍFSGÆÐI MEÐ SAGAPRO



SagaPro er náttúrulegt bætiefni framleitt úr hvannarlaufum sem getur fækkað þvaglátum með því að hjálpa þvagblöðrunni að fyllast betur.


96% þátttakenda í neytendakönnun sem framkvæmd var árið 2023 sögðu að notkun á **SagaPro** hefði bætt lífsgæði þeirra.

Þú færð **SagaPro** í öllum helstu matvöruverslunum, apótekum og á [saganatura.is](#)


**saga
natura**



Gott til
endurvinnslu



SMYRJUM Á SMYRJUNINNI



Nýttu þér sérkjör á smurþjónustu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota til 19. september.

Toyota Kaptúni

Kauptúni 6, Garðabæ, s. 570 5070

Toyota Akureyri

Baldursnesi 1, Akureyri, s. 460 4300

Toyota Selfossi

Fossnesi 14, Selfossi, s. 480 8000

Toyota Reykjanesbæ

Njarðarbraut 19, Reykjanesbæ, s. 420 6610

Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur

Skemmuvegi 16, Kópavogi, s. 440 8000
Bæjarflöt 13, Reykjavík, s. 440 8000

Bílatangi

Suðurgötu 9, Ísafirði, s. 456 4580

Bifreiðaverkstæði KS

Hesteyri 2, Sauðárkróki, s. 455 4570

Bílaleiga Húsavíkur

Garðarsbraut 66, Húsavík, s. 464 1888

Bílaverkstæði Austurlands

Miðási 2, Egilsstöðum, s. 470 5070

Bílageirinn

Grófinni 14a, Reykjanesbæ, s. 421 6901



Sérkjör á olíum, olíusíum, loftsíum, frjókornasíum, bensín- og hráolíusíum, þurrkublöðum, þurrkugúmmíi, perum, rúðuvökva, frostlegi, Adblue og þjónustu.*

*Afsláttur af vörum gildir eingöngu með þjónustu á staðnum.

TOYOTA
ENGIN VANDAMÁL – BARA LAUSNIR

Ánægð með aðgerð lögreglunnar

● Komið til skila að við fundahöldum Vítisengla er brugðist ● Markmið stjórnvalda að hafa yfirhöndina í samskiptum við skipulögð glæpasamtök ● Grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að þau þrífist hér

Ólafur E. Jóhannsson
oej@mbl.is

„Ég vil fyrst segja að ég er mjög ánægð með aðgerðir lögreglunnar. Það er ástæða fyrir því að brugðist var svona við. Það er líka af ástæðu að sérstaklega er fjallað um skipulagða glæpastarfsemi í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þau orð eru ekki upp á punt, lögreglan er í aðgerðum gagnvart hópum eins og þessum og mun halda því áfram,“ segir Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir dómsmálaráðherra í samtali við Morgunblaðið.

Það bar til tíðinda um sl. helgi að lögreglan stóð í ströngu í Kópavogi þar sem fram fór gleðskapur á vegum bifhjólasamtakanna Vítisengla, en systursamtök þeirra í Evrópu, Hells Angels,



Morgunblaðið/Sverrir

Vítisenglar Meðlimir Hells Angels hafa ekki átt greiða leið hingað. Ekki eru upplýsingar um að þeir hafi verið þátttakendur í gleðskapnum um helgina.

skilgreina Europol sem glæpasamtök. Lögreglan fylgdist með samkomunni á vettvangi sem og úr lofti með dróna. Þrír liðsmenn samtakanna voru teknir höndum, en síðan látnir lausir.

„Það er mikilvægt að það hafi komist til skila til þessara samtaka sem og út í samfélagið að við fundahöldum af þessu tagi er brugðist,“ segir Þorbjörg Sigríður.

Hún segir að íslenskur hluti Vítisengla hafi þarna átt hlut að máli og erfitt sé að tala um að sá hluti sé uppbyggður með einhverjum öðrum hætti en hinn erlendi. Það hafi framkallað viðbrögð lögreglunnar um helgina. Hún kvaðst ekki hafa upplýsingar um hvort einhverjir erlendir meðlimir systursamtaka Vítisengla hafi verið á staðnum.

Spurð hverju það sæti að samtök af þessu tagi fái að starfa hér á landi óáreitt segir Þorbjörg Sigríður að svo sé ekki.

„Þessi samtök hafa framkallað vandamál og ég er mjög ánægð með að þessi samkoma um helgina hafi orðið til þessara viðbragða lögreglu. Hells Angels eru samtök sem starfa víðs vegar í heiminum og markmið stjórnvalda er að ná tökum á og að hafa yfirhöndina í samskiptum við skipulögð glæpasamtök. Við erum staðföst í því að grípa til allra þeirra aðgerða sem við getum til að koma í veg fyrir að samtök af því tagi fái þrífist hér,“ segir hún.

„Það er því mjög eðlilegt að þessi samkoma um helgina hafi framkallað þá aðgerð af hálfu lögreglu sem við sáum,“ segir Þorbjörg Sigríður.

Náttúruverndarviðurkenning var veitt á Umhverfisþingi í Hörpu í gær

Hefur helgað líf sitt jöklum

Oddur Sigurðsson, jarð- og jöklafræðingur, hlaut Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti í gær. Fræðimanninum var þakkað fyrir óþreytandi vinnu í riflega hálfu öld.

Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, afhenti viðurkenninguna á umhverfisþingi í Hörpu en því lýkur í dag.

Oddur hefur helgað líf sitt rannsóknum og fræðslu um jökla Íslands. Hann vakti fyrstur manna athygli á því að jökullinn Ok væri horfinn. Oddur hefur verið óþreytandi að vekja athygli á áhrifum loftslagsbreytinga á jökla. Hann er einnig verðlaunaður fyrir að hafa skrifað fjölda skýrsla og bóka, útbúið kort og miðlað þekkingu sinni um jökla, sérstaklega til ungs fólks.



Morgunblaðið/Eggert

Skíðaferðir

veturinn '25 – '26

hreyfing

upplifun

samvera

Sjá nánar á fjallakofinn.is

Fjölbreytt og glæsilegt úrval, allt frá jólum og fram í mars

Skíða-, snjóbreitta- og skíðagönguferðir

Tékkland – Austurríki – Noregur

Sóknarfæri í nánun samstarfi

● Heimsókn Þorgerðar til Grænlands

Kjartan Leifur Sigurðsson
kjartanleifur@mbl.is

Heimsókn Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur utanríkisráðherra til Grænlands lauk í gær.

Heimsóknin er sögð mikilvægur liður í samstarfi Íslands og Grænlands hvað varðar samráð um öryggis- og varnarmál en Þorgerður Katrín fundaði þar meðal annars með Vivian Motzfeld utanríkisráðherra Grænlands þar sem málefni norðurslóða voru til umræðu.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu.

Í heimsókninni fylgdist utanríkisráðherra jafnframt með alþjóðlegu varnaræfingunni Arctic Light 2025 ásamt varnarmálaráðherrum Norðurlanda. Í æfingunni taka þátt 550 hermenn frá fjölda Atlantshafsbandalagsríkja og beinist hún að fjölbreyttum verkefnum á norðurslóðum, meðal annars björgun á sjó, viðbrögð við mengunarslysum og vernd mikilvægra innviða. Markmið æfingarinnar er að efla sameiginlega viðbragðshæfni bandalagsríkja í Norður-Atlantshafi.

Í tengslum við æfinguna funduðu ráðherrarnir um þróun öryggismála



Ljósmynd/Utanríkisráðuneytið

Fundur Þorgerður Katrín með varnarmálaráðherrum Norðurlanda.

á norðurslóðum og mikilvægi þess að efla eftirlit og viðbragðsgetu á svæðinu með skilvirkum hætti.

Þá gafst utanríkisráðherra einnig tækifæri til þess að hitta Íslendinga sem hafa sest að í Nuuk, höfuðstað Grænlands.

„Það er forgangsmál að rækta tengslin við Grænland, okkar góðu og kærnu vinabjóð til áratuga, og á góðum fundi með grænlenka utanríkisráðherranum ræddum við einmitt sóknarfærin í okkar nánun samstarfi,“ er haft eftir Þorgerði Katrínu í tilkynningunni.

Tveggja rétta leikhústilboð

Aðalréttur og eftirréttur

Val um tvo aðalrétti

200 gr. nautalund

með stökkum andafitu kartöflum,
smjörsteiktum sveppum og bernaïse sósu.

*200 gr. beef tenderloin with crispy duck fat potatoes,
butter-fried mushrooms and béarnaise sauce.*

Smjörbakaður þorskhnakki

með Haricot baunum, dill eplum, steiktum pancetta
skinkubitum og kartöflumús.

*Butter-baked cod loin with haricot beans, dill apples,
crispy pancetta and mashed potatoes.*

Eftirréttur

Appelsínudúett

Frönsk dökk súkkulaði-appelsínukaka og silkimjúk
appelsínuostakaka. Bornar fram með þykkri
appelsínusósu og þeyttum rjóma.

*Orange Duet. French dark chocolate-orange cake and
silky orange cheesecake. Served with a thick orange
sauce and whipped cream.*

**Steik og
eftirréttur**
8.510 kr.

**Þorskur og
eftirréttur**
6.390 kr.

Borðabókanir á
finnssonbistro.is
eða á info@finnssonbistro.is

FINNSSON
==KRINGLAN==

Endurvinnslu- stöð Sorpu fær gálgafrest

- Seinkun á þróun lóðar á Dalvegi
- Fast skotið á yfirvöld í Kópavogi

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is

Bæjaryfirvöld í Kópavogi hafa ákveðið að fresta lokun endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg. Til stóð að stöðinni yrði lokað 1. september síðastliðinn en nú hefur verið ákveðið að hún verði opin út janúar á næsta ári.

Í bréfi Ásdísar Kristjánsdóttur bæjarstjóra í Kópavogi, sem lagt var fram í stjórn Sorpu á dögunum, kemur fram að auglýst hafi verið eftir áhugasömum aðilum um þróun á lóðinni við Dalveg. Umsóknarfrestur rann út í lok júnímánaðar en enn hefur ekki verið unnið úr innsendum tillögum. Stefnt er að því að sú hugmynd sem valin verður til áframhaldandi samstarfs verði þróuð í tvö ár á eftir og gildir lóðarvilyrði á þeim tíma. Innan þess tíma skal framkvæmdaaðili vinna að tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir lóðina í takt við sínar hugmyndir og hugmyndir bæjarfélagsins um heildarsýn fyrir Kópavogsdal sem settar voru fram á síðasta ári.

Fá ekki lóð í Breiðholti

Til stóð að bráðabirgðastöð yrði reist á Glaðheimasvæðinu í Kópavogi en vinna við uppbyggingu hennar var stöðvuð þegar Kópavogsbær tilkynnti þessa ákvörðun sína. Áætlað var að kostnaður við að koma upp bráðabirgðastöðinni yrði 50-75 milljónir króna.

Sorpa hafði einnig ráðgert að mæta lokun stöðvarinnar við Dalveg með því að stækka móttöku-stöðina við Jafnasel. Borgarráð Reykjavíkur hafnaði þeirri beiðni með vísan til umsagna fjármála- og áhættustýringarsviðs og umhverf-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Dalvegur Til stóð að loka stöðinni 1. september en því var frestað.

is- og skipulagssviðs. Í umsögnunum kemur fram að borgin megi ekki við því að missa umrædda lóð. Þá er því beint með skýrum hætti til Kópavogsbæjar að yfirvöld þar geti sjálf leyst eigið vandamál.

Kópavogur geti leyst málið

„Lóð endurvinnslustöðvar Sorpu við Dalveg 1 hefur ekki verið ráðstafað heldur hefur bæjarráð Kópavogsbæjar samþykkt að auglýst verði eftir áhugasömum aðilum um þróun á lóð bæjarins við Dalveg 1 samanber fundargerð bæjarstjórnar Kópavogs 25. febrúar sl. Bænum er því í lófa lagið að koma í veg fyrir þjónustuskerðingu fyrir íbúa Kópavogs, Reykjavíkur og Garðabæjar með að fresta ráðstöfun lóðarinnar þar til ný stöð hefur verið reist við Glaðheima,“ segir í umsögn Guðmundar Benedikts Friðrikssonar skrifstofustjóra.



Morgunblaðið/Ingó

Jarðvarmavirkjun Fyrirverandi ráðherra segir að jarðvarmavirkjanir eigi ekki að vera inni í loftslagsbókhaldinu.

Selja loftslagsheimildir fyrir tugi milljarða

- Tekjur af aflátsbréfum bein niðurgreiðsla til nýrra virkjana

Ólafur E. Jóhannsson
oej@mbl.is

„Loftslagsmarkmiðin ganga í grófum dráttum út á eitt, að taka út jarðefnaeldsneyti en nota græna íslenska orku í staðinn, eins og við Íslendingar höfum gert í áratugi og hagnast vel á,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, fyrirverandi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, í samtali við Morgunblaðið. Hann var spurður álits á því mati arftaka síns í embætti að svo kunni að fara að Ísland muni þurfa að kaupa loftslagsheimildir fyrir 11 milljarða, sökum þess að það muni vanta upp á að markmið í loftslagsmálum náist í losunarbókhaldi áráanna 2021-2030.

Hann segist ekki vita hvaða forsendur ráðherrann miði við í því tilliti, en segir að á síðasta minnisblaðinu sem hann hafi farið með inn í ríkisstjórn hafi komið fram að sérfræðingar geri ráð fyrir að uppfærð losunarmarkmið muni nást árið 2030, vissulega með nýtingu sveigjanleikaúrræða, en til þess séu þau. Guðlaugur Þór segir það oft gleymast í umræðunni að Íslendingar séu búnir að selja loftslagsheimildir fyrir tugi milljarða sem runnið hafa beint í ríkissjóð.

„Ég held að flestir átti sig ekki á því þegar fjallað er um þessi mál, að við

höfum verulegar tekjur af þessu, og ef ræða á þessi mál á málefnalegan hátt verður bæði að sýna tekjur og gjöld,“ segir hann.

Guðlaugur Þór nefnir einnig svokölluð aflátsbréf sem íslensk orkufyrirtæki selji og hafi þau fengið milljarðatugi í tekjur fyrir vikið.

„Ég er ekki með nýjustu tölur, enda ekki með aðgang að þeim,“ segir hann og nefnir að skv. nýlegri skýrslu Reykjavík Economics stefni í að tekjurnar af aflátsbréfunum geti orðið 17 milljarðar á ári.

„Tekjurnar af aflátsbréfunum eru bein niðurgreiðsla til byggingar nýrra virkjana,“ segir Guðlaugur Þór.

Hann nefnir að í ETS-kerfinu, sem alþjóðleg fyrirtæki eins og flugfélög og stóriðja eru í, séu gefnar út loftslagsheimildir og íslenska ríkið fái þriðjung þeirra í sinn hlut. Það hafi síðan selt þær heimildir og tekjurnar runnið í ríkissjóð.

„Þetta fyrirkomulag skilar okkur háum fjárhæðum. Það er mjög mikilvægt að menn leggi öll spilin á borðið og reikni þetta út, ef menn ætla að taka ákvarðanir um að fara út úr kerfinu. Við verðum að gæta hagsmuna okkar í ETS-kerfinu því aðstæður okkar eru óðrúvísi en annarra í EES. Það kom mér á óvart þegar ég áttaði mig á því

hvað ríkið hafði miklar tekjur af sölu loftslagsheimilda í ETS-kerfinu,“ segir Guðlaugur Þór.

Hann segir einnig að jarðvarmavirkjanirnar eigi ekki að vera inni í losunarbókhaldinu, enda eigi þær ekki heima þar. Hann nefnir að Ítalir séu ekki með sínar virkjanir inni í því bókhaldi. Þegar hann yfirgaf ráðuneytið fyrir tæpu ári hafi verið í gangi vinna í ráðuneytinu til undirbúnings því að koma virkjunum undan loftslagsbókhaldinu.

„Það myndi muna mjög miklu og gera okkur auðveldara með að ná loftslagsmarkmiðunum. Það er fráleitt að hafa útblástur frá jarðvarmavirkjunum þar inni,“ segir Guðlaugur Þór.

Í grunninn eru kerfin sem heyra undir loftslagsmál þrjú talsins: ETS-kerfið, sem losun frá stóriðju og alþjóðasamgöngum fellur undir, annað varðar skuldbindingar um minnkun þess sem kallað er samfélagslosun á ábyrgð Íslands, ESR-kerfið, og hið þriðja varðar losun frá landi, svo sem graslendi og votlendi og nefnt er LULUCF-kerfi.

„Í þessum málum þarf að tala út frá staðreyndum. Ef það er þannig að við töpum á þessu, þá þurfum við að endurskoða málið. En við verðum að líta til þess hvaða tekjur við höfum, því þær eru umtalsverðar,“ segir Guðlaugur Þór.

Áhyggjur af tilfærslu til ríkisins

- 80 sinna heilbrigðiseftirlitinu í dag

Forsvarsmenn sveitarfélaga hafa áhyggjur af fyrirhugaðri tilfærslu heilbrigðiseftirlits frá sveitarfélögum til stofnana ríkisins og tók stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga undir þær áhyggjur á seinasta fundi.

„Heilbrigðiseftirlitin sinna mikilvægu hlutverki um allt land og mikilvægt er að þjónustan verði áfram aðgengileg og sérfræðistörf haldist í heimabyggð. Þá er óljóst hvernig verður staðið að þeim verkefnum sem áfram verða á hendi sveitarfélaga við þessa yfirfærslu og leggur stjórn áherslu á að þessar breytingar verði ekki til þess að auka kostnað sveitarfélaga og atvinnulífs,“ segir í ályktun stjórnarinnar.

Lagt var fram minnisblað aðal- hagfræðings og yfirlögfræðings sambandsins á fundinum þar sem kemur fram að á seinasta ári var kostnaður sveitarfélaga vegna rekstrar heilbrigðiseftirlita nær 650 milljónir króna á verðlagi ársins í ár. Er mikill meirihluti kostnaðar laun og launatengd gjöld en um 80 einstaklingar sinna eftirlitinu hér á landi og nær helmingur starfanna er á landsbyggðinni.

Þar segir að ljóst sé að ákvörðun



Morgunblaðið/Eggert

Eftirlit Færa á m.a. eftirlit með matvælum frá sveitarfélögum til MAST.

ráðuneytanna um að færa eftirlitið alfarið til ríkisstofnana muni verða umdeild á sveitarstjórnarstiginu. Ráðherrar hafi þó lagt áherslu á að með fækkun eftirlitsaðila yrði lagt upp með að standa vörð um störf in á landsbyggðinni og leitast við að tryggja að þau héldust í heimabyggð.

Fyrirhugaðar breytingar á eftirliti með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum eru til umsagnar í samráðsgátt og vill sveitarstjórnarfolk að þétt samstarf verði haft við sveitarfélögin um næstu skref. omfr@mbl.is

VARSTU AÐ VEIÐA? RÉTTU TÆKIN VARÐVEITA GÆÐIN

Vakúmpökkun er besta leiðin til að lengja geymslupolið.
Einfaldar í notkun og frábærar til að pakka bráðinni.
Við hjá PMT bjóðum réttu tækin, vakúmvélar og poka bæði fyrir heimili og fyrirtæki.




PMT
PLAST, MIÐAR & TÆKI

**Framúrskarandi
fyrirtæki 2025**

Allt til merkinga og pökkunar // S. 567 8888 - sala@pmt.is - www.pmt.is

Karlmenn, strákar, herramenn, gumar, gæjar,
séntilmenn, peyjar, **piltar** og sérstaklega

SÖNGMENN ÓSKAST!



Karлакór Grafarvogs

óskar eftir áhugasömum mönnum til þess að
taka þátt í blómlegu og skemmtilegu kórstarfi
og þurfa að uppfylla aðeins eitt skilyrði:

Að hafa gaman af því að syngja!

Æfingar eru á mánudagskvöldum í Grafarvogskirkju kl. 19.30.

Fyrirspurnir má senda í tölvupósti á irise@simnet.is.



Framkvæmdir ekki stöðvaðar

● Kæru náttúruverndarsamtaka um Hvammsvirkjun hafnað ● Lýkur í janúar

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur hafnað kröfu náttúruverndarsamtaka um stöðvun undirbúningsframkvæmda vegna Hvammsvirkjunar. NASF á Íslandi, Náttúrugrið og Náttúruverndarsamtök Íslands kærðu ákvörðun sveitarstjórnar Rangárbings ytra frá 15. ágúst um að veita Landsvirkjun framkvæmdaleyfi fyrir undirbúningsframkvæmdunum.

Samtökin krefjast þess jafnframt að fallist verði á að þátttökuréttur sá sem almenningi var veittur við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á grunnvatn og eldhraun hafi ekki samrýmt lögum. Í úrskurði nefndarinnar segir að framkvæmdir standi yfir og áætlað sé að þeim verði lokið í síðasta lagi í janúar. „Vænta má efnisúrskurðar í máli þessu fyrir þann tíma. Þá eru þær breyttu aðstæður fyrir hendi nú



Morgunblaðið/Árni Sæberg
Vinna Unnið að gerð frávinnsluskurðar vegna Hvammsvirkjunar.

miðað við þær sem voru þegar kveðinn var upp bráðabirgðaurðurkurður í máli nefndarinnar ... að fyrir liggur leyfi sérhæfðs leyfisveitanda, Umhverfis- og orkustofnunar ... Jafnvel þótt ýmis álitaefni séu uppi í þessu máli, sem þarfnast nánari athugunar og telja verði efnisleg rök að baki kæru verður eigi hjá því litið að áhrifasvæði framkvæmdanna hefur þegar verið raskað, verulegt fjárhagslegt tjón getur hlotist af stöðvun framkvæmda fyrir leyfishafa og að framkvæmdirnar virðast vera í samræmi við deiliskipulag svæðisins.“ [hdm@mbl.is](#)

STAKSTEINAR



Jóhannes Óli Sveinsson, Krístrún Frostadóttir og Lilja Hrönn Hrannarsdóttir á þingi UJ.

Ungliðar ganga í takt með Krístrúnu

Á laugardag fór fram landsþing Ungs jafnaðarfólks (UJ), ungliðahreyfingar Samfylkingarinnar; samvisku flokksins, sem halda á gamla settinu við efnið þegar hagsmunir og málamiðanir bera hugsjónir þeirra ofurlíði.

Híð sögulegasta á þinginu var þó það sem ekki gerðist: forsetakosning. Lilja Hrönn Hrannarsdóttir sóttist eftir endurkjöri, en Jóhannes Óli Sveinsson samfélagsmiðlastjóri UJ skoraði hana á hólmi. Á kjördag dró Lilja Hrönn framboð sitt fyrirvaralaust til baka – að sögn í nafni flokkseiningar – og Jóhannes Óli sjálfkjörinn.

Við blasir að þar er ósögð saga að baki, en sagt er að Krístrún Frostadóttir formaður flokksins hafi hlutast til um að nýtt fólk yrði í forystu þar sem annars staðar í flokknum. Lilja Hrönn var kjörin forseti 2023, ári eftir að Krístrún varð formaður.

Skipti máli að í síðustu viku ályktaði UJ gegn áformum Loga Einarssonar og ríkisstjórnar Krístrúnar um að hækka skráningargjöld háskóla upp í 100.000 kr.? „Stúdentar eiga ekki að þurfa að borga fyrir vanfjármögnun opinberra háskóla“ og hagræðingu í ríkisrekstri, sagði þar.

Ótrúlegt en satt var ekki eitt orð um það í ályktun landsþings UJ. Alger eining, ekkert andóf og allir í takt með Krístrúnu!

Hægt er að lýsa skoðun á ritstjórnargreinum Morgunblaðsins á slóðinni [www.mbl.is/mogginn/leidarar](#)



Úlpur og kápur á frábæru verði

Stærðir 42-60

Þú getur skoðað úrvalið og pantað í netverslun [www.curvy.is](#)
Opíð í verslun Curvy á 2. hæð í Holtgördum
Alla virka daga frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16

Curvy



Lea Úlpa
12.990 kr
Stærðir 42-54



Callie Kápa
15.990 kr
Stærðir 42-60



Cam Úlpa
13.990 kr
Stærðir 42-60

Verslunin CURVY | Holtgördum 2. hæð | Sími 581-1552 | [www.curvy.is](#)

Atkvæðagreiðsla hafin um verkfall

● Lagt til að verkfall hefjist 25. mars

Ómar Friðriksson
[omfr@mbl.is](#)

Atkvæðagreiðsla félagsfólks í Afli starfsgreinafélagi og Félagi íslenskra rafvirkja um boðun verkfalls í verksmiðju Alcoa-Fjarðaáls á Reyðarfirði hófst í gær.

Verði verkfallsboðun samþykkt hefst verkfallið þó ekki á næstunni heldur á það að hefjast einni mínútu eftir miðnætti hinn 25. mars á næsta ári og verður ótímabundið.

Boðun vinnustöðvana í álverinu er mun lengra ferli en algengast er á vinnumarkaði þar sem tíma tekur að slökkva á kerum. Ákvæði er í kjarasamningi félaganna við Alcoa um að boðað verkfall komi fyrst til framkvæmda sex mánuðum eftir að boðunin hefur verið samþykkt í atkvæðagreiðslu. Þá fyrst hefst niðurkeyrsla og stöðvun kera í verksmiðjunni.

Kjaraviðræður hafa gengið illa undanfarna mánuði en deilan hefur verið til sáttameðferðar hjá ríkissáttasemjara. Í samþykkt trúnaðarráðs Afli 11. september sl. segir að samningaviðræður um framlagðar kröfur vegna endurnýjunar kjarasamnings félagsins við Alcoa-Fjarðaál



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Álverið Verði verkfall samþykkt hefst það þó ekki fyrr en 2026.

sem rann út 28. febrúar sl. hafi reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu ríkissáttasemjara.

Síðustu kjarasamningar stéttarfélaganna fyrir hönd starfsfólks í álverinu voru gerðir í febrúar 2021 og framlengdir með breytingum í mars á árinu 2023. Kjaraviðræður um endurnýjun samninga hófust í dember á seinasta ári en hafa reynst árangurslausar.

Undir lok seinasta mánaðar kom fram í sameiginlegri tilkynningu samninganefnda félaganna að tilboði Alcoa hefði verið hafnað einróma og staðhæfðu þær að ljóst væri orðið að eigendur Alcoa væru ekki tilbúnir að tryggja sömu launahækkanir og sambærileg kjör og gilda í öðrum álverksmiðjum á Íslandi.



Vinnum með þeim bestu

Í áratugi höfum við hjá Fastus heilsu stutt okkar besta fólk í heilbrigðisgeiranum með því að útvega tæki, búnað og lausnir sem skipta máli – svo þau geti sinnt okkur þegar mest á reynir, við bestu mögulegu aðstæður.

FASTUS
HEILSA

Höfðabakki 7, 110 Reykjavík | fastusheilsa.is

Auðlindin nýtist og skapi atvinnu

● Malartekju í Seyðishólum í Grímsnesi verði haldið áfram ● Framkvæmdaleyfi var hafnað en sveitarstjórn reynir aftur ● Rauðamölin er eftirsótt ● Unnið verði í sátt við náttúru og nágranna

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

„Okkur þykir mikilvægt að nýta auðlindir innan sveitarfélagsins og skapa með því atvinnu á svæðinu,“ segir Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps. Á vettvangi sveitarstjórnar þar hefur nú verið samþykkt framkvæmdaleyfi fyrir malarnámi úr Seyðishólum, sem eru því sem næst fyrir miðri sveit í Grímsnesi, rétt ofan við Kerið, og blasa við frá Biskupstungnabraut. Í námur á þessu svæði hefur lengi verið sótt rauðamöl, sem eftirsótt hefur verið til dæmis í vegslóða og húsgrunna.

Gjall sótt í Seyðishóla frá 1939

Efnistaka úr námunni í Seyðishólum hefur legið niðri um nokkurt skeið, en nú er vilji til að taka aftur upp þráðinn. Sveitarstjórn hefur tvívegis gefið út framkvæmdaleyfi, merkt fyrirtækinu Suðurtaki ehf. sem er með heimilisfesti í Grímsnesi. Útgáfu leyfanna hefur hins vegar í tvígang verið hafnað af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, meðal annars vegna athugasemda sem eigendur sumarhúsa í nágrenni Seyðishóla hafa gert. Þó hefur Suðurtak ehf. ýmsu breytt varðandi malarnámið, svo sem því magni sem í hólana yrði sótt. Fyrst miðaðist útgáfa leyfis við að á 15 árum yrðu þarna teknir 500.000 m³ af gjalli en samkvæmt nýjustu áætlunum er skammturinn nú kominn í 435.000 m³. Efnid færi að mestu í útflutning. Synjun úr-



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Gryfja Malarnáman í Seyðishólum sem menn vilja moka meiru úr. Hefðin er fyrir hendi. Í bakgrunni sést niður Grímsnesið og að Ölfusá og Ingólfsfjalli.

skurðarnefndar hefur meðal annars byggst á því að vissum atriðum í skipulags- og náttúruverndarlögum hafi ekki verið fylgt.

„Samkvæmt heimildum sem ég hef undir höndum hófst malarnám í Seyðishólum árið 1939 og hér um slóðir var gjall þarna fengið og notað víða. Það er því ekki eins og þetta sé eitthvað alveg nýtt. Þeir sem námuna ætla að nýta vinna þetta í sem bestri sátt við nágranna og mæta þeirra sjónarmiðum, svo sem með því að flutningi efnis úr námunni séu sett skilyrði svo ónæði



Fjóra Steindóra Kristinsdóttir

verði sem minnst,“ segir Fjóra sveitarstjóri. Fyrir nokkrum misserum var á



Björn Kristinn Pálmarsson

vegum Grímsnes- og Grafningshrepps sett af stað skráning á malarnámum innan merkja sveitarfélagsins, þannig að mál væru á hreinu og nýting þeirra heimil. Margir á þessu svæði séu í verktakastarfsemi og þeim líkt og sveitarfélaginu sé í mun að hafa umhverfismálin á hreinu

Mótmæli hafa stoppað

„Í Seyðishólunum eru alls fjórar námur og við vildum að áhersla yrði lögð á eina, þá sem Suðurtak ehf. hefur til afnota. Á vegum þess

fyrirtækis var gerð skýrsla um mat á umhverfisáhrifum malarnáms og nauðsynlegra leyfa aflað. Þá var eins og við manninn mælt að um leið og málið fór í kynningu komu mótmæli sem svo hafa stoppað málið. Suðurtak situr uppi með svarta-pétur af því að þeir ætluðu að vinna málið rétt. Þetta er öfugsnúið því ég þykist vita að hér í uppsveitum Árnes-sýslu séu víða námur sem er sótt í þegjandi og hljóðalaust og engar athugasemdir gerðar,“ segir Björn Kristinn Pálmarsson, varaoddviti Grímsnes- og Grafningshrepps.

Hautlínan frá sænska merkinu **Ten Points**



Ten Points Felina
33.990 kr.



Ten Points Karin
28.990 kr.



Ten Points Pandora
33.990 kr.



Ten Points Pandora
30.990 kr.



Ten Points Pandora
28.990 kr.



Ten Points Penny
31.990 kr.



Ten Points Selma
33.990 kr.



Ten Points Selma
33.990 kr.

TEN POINTS®
SWEDEN • EST. 1983

Vefverslun | aprilskor.is

apríl

Orkuveitan sækir fram í Japan

- Orkuveitan kynnti tækifæri til djúpborunar og tækni Carbfix á heimssýningunni í Osaka
- Mun á næstu dögum funda um samstarf í Tókýó
- Djúpborun sögð geta skilað mikilli orku

BAKSVIÐ

Baldur Arnarson
baldura@mbl.is



Fulltrúar Orkuveitunnar og Orku náttúrunnar kynntu starfsemi sína á heimssýningunni í Osaka í gær, eftir að Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra hafði ávarpað viðburðinn.

„Við erum m.a. að nýta tækifærið til að kynna tækni okkar fyrir völdum aðilum en næstu daga munum við einnig eiga fundi í Tókýó um djúpnýtinguna,“ sagði Sævar Freyr Práinsson forstjóri Orkuveitunnar við Morgunblaðið en kynningin fór fram í norræna skálanum.

„Við erum þannig að fara að hitta mögulega samstarfsaðila til að leysa þær verkfræðilegu hindranir sem fylgja því að bora dýpra ofan í jörðina og ná þannig enn meiri raforku úr jarðhitanum en áður. Sömuleiðis erum við hér að hitta fyrirtæki til að kynna tæknina að baki Carbfix og hvernig hana má nýta við niðurdælingu kolefnis. Hér í Japan eru berglög allt um kring sem eru vel nýtanleg til niðurdælingar.

Flest í iðnaði

Fyrirtækin eru af ýmsum toga en flest í iðnaði. Þau eiga það sameiginlegt að þau munu þurfa að nýta sér Carbfix-tæknina til niðurdælingar. Við gerum ráð fyrir að fyrsta slíka verkefnið sem ris á Íslandi hefji göngu sína árið 2029 og gætu verkefnið hér í Japan farið í gang einhverjum árum síðar. Vð erum því að horfa til langs tíma í samstarfi okkar við hina japönsku aðila.“

Eru viðræður á frumstigi?

„Við erum búin að vera að ræða þessa tækni við marga aðila í mörg ár, þannig að ég myndi ekki segja að viðræðurnar væru á frumstigi. Það er mikill áhugi [af hálfu Japana] en aftur á móti eru þetta langar tímalínur sem þarf að undirbúa mjög vel og standa þannig að málum að þær verði að veruleika,“ segir Sævar Freyr og upplýsir að djúpboranirnar muni hugsanlega njóta styrkja úr japönskum sjóðum.



Morgunblaðið/Baldur

Forstjóri Sævar Freyr Práinsson kynnti tækni Íslendinga í jarðhita og kolefnisbindingu á fundinum í Japan.



Í norræna skálanum Hanna Katrín Friðriksson ávarpar gesti.

Hera Grímsdóttir, framkvæmdastýra rannsókna og nýsköpunar hjá Orkuveitunni, segir djúpborun bjóða upp á mikla möguleika.

Geti skilað 30-50MW

„Orkuveitan hefur í hundrað ár verið leiðandi í að próa jarðhita. Fyrsta kynslóðin byggði upp hitaveituna á höfuðborgarsvæðinu. Næsta kynslóð fór að búa til rafmagn úr jarðhitanum og nú er þriðja kynslóðin að fara að bora dýpra til að sækja enn meiri orku. Djúpborun er hagkvæmari og skilur eftir sig minna kolefnisspor enda þarf ekki að bora jafn margar holur. Fyrir vikið þarf ekki að stækka vinnslusvæðið lárétt heldur er hægt að stækka það lóðrétt niður. Það getur skapað mikil tækifæri á Íslandi, og um heim allan, og meðal annars þess vegna hafa Japanir sýnt okkur áhuga með því

að hitta okkur á fundum fyrir þessa heimssýningu,“ segir Hera sem áætlað að hver borhola geti í framtíðinni skilað 30-50 MW með djúpborun. Þannig skilað allt að tífalt meiri orku en hefðbundnar borholur. Ætlunin sé að bora tilraunaholu með djúpborun á Nesjavöllum á næsta ári sem vonandi verði komin í notkun 2028. Orkuveitan hafi sótt um stóran styrk vegna verkefnisins í samstarfi við ítalska orkufyrirtækið Enel.

Tæknin hefur þróast

Spurð hversu raunhæft sé að djúpborun geti skilað þessum árangri segir Hera að málið snúist kannski frekar um áhættuvilja. Þær tvær borholur sem boraðar voru með djúpborun á Íslandi árin 2009 og 2016 hafi staðfest að mögulegt sé að vinna orku nærri kvikunni og að ofurhiti sé til staðar, en í framhaldinu hafi tæknin þróast enn frekar meðal annars til að mæta efnafræðilegum áskorunum og auknum hita.

Sævar Freyr segir djúpborun munu geta knúið heilu borgirnar. „Við erum sannfærð um að það þurfi í raun aðeins að raða saman þeirri þekkingu sem er orðin til í heiminum til að við náum að leysa þetta verkefni og þá getum við kallað þetta tunglskot okkar Íslendinga. Tæknin er enda á heimsmeðalvarða og verandi jafnaðarorka allan sól- arhringinn gæti hún skilað íslensku samfélagi hundruðum milljarða til framtíðar.

Það er ekki hlutverk Orkuveitunnar að fara með jarðhitann til annarra landa, en við getum sótt okkur hugverkaréttindi sem hafa má tekjur af við nýtingu tækninnar í öðrum löndum. Hvað Carbfix varðar höfum við séð fyrir okkur fjögur verkefni og að hvert og eitt gæti skilað 350 milljörðum, alls 1.400 milljörðum, ef þau verða að veruleika,“ segir Sævar Freyr.

Þá kynntu Árni Haraldsson, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar, og Kristinn I. Lárusson, framkvæmdastjóri viðskipta hjá Carbfix, starfsemi fyrirtækjanna og vakti kynningin greinilega áhuga heimamanna.

Fá leyfi til leitar að málum

● Leita að nikkel, kopar, silfri og gulli

Umhverfis- og orkustofnun hefur veitt félaginu Íslenskum jarðmálum ehf. rannsóknarleyfi til fimm ára til að leita að málum suður af Eyjafjardardal og í átt að Bárðardal en rannsóknarsvæðið tilheyrir Eyjafjardarsveit og Þingeyjarsveit.

Í greinargerð með útgáfu leyfisins segir að tilgangur rannsókna sé að leita að málum og rannsaka hvort þeir finnast í vinnanlegu magni á svæðinu.

„Í fyrsta áfanga rannsóknarinnar er ráðgert að nota dróna til að finna málma í jörðu og notast við fjórhjól og göngu til að komast á milli staða. Samkvæmt umsókn er gert ráð fyrir að fyrsti áfanginn muni taka um þrjú ár. Finnist málmar á svæðinu þurfi að kjarnabora til að staðfesta mælingar og greina þéttleika og aðgengi máls í jörðu. Tekið er fram í umsókninni að það yrði gert í samráði við Umhverfis- og orkustofnun,“ segir þar.

Umsóknin fór til umsagnar nokkurra stofnana, m.a. Náttúrufræðistofnunar, þar sem fram kemur að um sé að ræða leit að nikkel, kopar, silfri og gulli á svæðinu. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við veitingu leyfisins með þeim aðferðum sem lýst er að því undanskildu að ef fara eigi í kjarnaboranir þurfi að meta hvort þær þurfi í mat á umhverfisáhrifum. „Stofnunin tekur ekki undir fullyrðingar umsækjanda um að „finnist málmar í nýtanlegu magni á svæðinu þá myndi það hafa afar jákvæð áhrif á uppsveitir Eyjafjarðar og Bárðardals“ þar sem slík vinnsla myndi hafa gríðarleg umhverfisáhrif,“ eins og segir í greinargerð. Náttúruverndarstofnun gerir ýmsar athugasemdir og bendir m.a. á að þrátt fyrir að notkun dróna og fjórhjóla eftir slóðum feli ekki í sér beint jarðrask geti hún haft margvísleg áhrif á fuglalíf og náttúrulega kyrrð svæðisins. *omfr@mbl.is*

LEIÐRÉTT

Nafn ljósmyndara vantaði

Ljósmynd af borgarísjaka birtist á blaðsíðu 11 í Morgunblaðinu 11. september sl. Ljósmyndara var ekki getið en Axel Thorarensen á Gjögri tók myndina.

NÝ HAUSTSENDING

YFIRHAFNIR - DRAGTIR - SKÓR

comma,

Tískan

ÁRMÚLI 5

BEINT FLUG TIL

Rio de Janeiro

1.-8. febrúar 2026

Morgunverður í Keflavík – kvöldverður í Rio de Janeiro

Beint flug frá Íslandi til Rio de Janeiro 1.–8. febrúar 2026

– Eingöngu fyrir félaga í Moggaklúbbnum

Hvernig hljómar það að byrja daginn á morgunverði í Keflavík og enda kvöldið á suðrænum kvöldverði í Rio de Janeiro, allt á einum degi og í tveimur heimsálfum?

Borgin sem slær taktinn fyrir alla Suður-Ameríku bíður þín með sól, sandi og samba og án millilendinga. Upplifðu stórbrotna náttúru, líflegar götur, gullinn sand og ómótstæðilega samba-stemningu.

Þú færð allt sem þú þarft í einni ferð: beint flug frá Íslandi, sól og dýrðlegt veður, strandstemningu sem á engan sinn líka og gistingu á 4* hóteli á Copacabana.

Í samstarfi við Kóлумbus ævintýraferðir býður Moggaklúbburinn upp á beint flug frá Íslandi til Rio de Janeiro. Flogið verður í Boeing-787 Dreamliner þotu frá þýska flugfélaginu TUI.

Brottför frá Leifsstöð kl. 08:15 þann 1. febrúar og lent í Rio rúmum 12 klukkustundum síðar, kl. 17:30 að staðartíma. Gist verður á **Hotel Othman Rio Palace 4*** sem staðsett er á miðri Copacabana-ströndinni.



Ferðin er einungis í boði fyrir meðlimi Moggaklúbbsins

M Moggaklúbburinn
...meira fyrir áskrifendur

Einstakt
tækifæri fyrir
áskrifendur
Morgunblaðsins

BEINT FLUG TIL

Rio de Janeiro
11-13. febrúar 2026



Aðalfararstjóri í ferðinni verður **Draupnir Rúnar Draupnisson** en honum til aðstoðar verða **Sigurður K. Kolbeinsson**, forstjóri Kólumbus ævintýraferða, og **Hildur Jónsdóttir**, svæðisstjóri Kólumbus í Suður-Ameríku.



**Kristsstyttan, Sykurtoppurinn, heilsustundir
Evu og Silju á ströndinni og Stuðlabandið með
tónleika á Copacabana-ströndinni þar sem
íslensk gleði mætir brasilískum sólardansi**

Í þessari einstöku ferð mætir Stuðlabandið sjálft á svæðið með íslenskt stuð, alþjóðlega tónlist og suðræna stemningu í farteskinu. Þessi vinsælasta danshljómsveit Íslands mun halda sögulega tónleika á sjálfri Copacabana-ströndinni og tryggja að íslensk gleði mæti brasilískum sólardansi í ógleymanlegri veislu þar sem norðrið og suðrið slá taktinn saman.

Flestir sem heimsækja Rio kaupa sér skoðunarferðir á hinn táknræna **Sykurtopp** (Sugarloaf-klettinn) og til að sjá hina frægu **Kristsstyttu** á Corcovado-fjalli en þessir staðir eru ekki aðeins kennileiti borgarinnar heldur líka tákn fegurðar, trúar og þeirrar lífsgleði sem Rio geislar af. Við bjóðum upp á valkvæðar ferðir beint frá hótelinu með leiðsögn og akstri á báða staði.

Við bjóðum einnig upp á heilsuefningu á Copacabana-ströndinni með **Evu Katrínu** og **Silju Hrund** þar sem líkami og hugur vakna við sólarupprás í takt við suðrænan morgun. Jógatímar verða í boði fyrir alla, byrjendur eða lengra komna, en þetta er fullkomin leið til að næra líkama og sál áður en ævintýri dagsins hefjast.

Fjögurra stjörnu hótél

Verð á mann 489.000 kr.

Aukagjald fyrir eins manns herbergi er 89.000 kr.

Innifalið: Beint flug frá Keflavík – Rio de Janeiro – Keflavík, allir skattar og gjöld. 23 kg innrituð taska er innifalin og handfarangur sem er lítill persónulegur hlutur/taska að hámarki 5 kg. Gisting á **Othon Rio Palace 4*** í 7 nætur. Morgunverður allra daga. Rútuakstur til og frá flugvelli að hóteli. Tónleikar Stuðlabandsins á Copacabana 6. febrúar. Íslensk fararstjórn.

Bókanir og nánari upplýsingar eru á kolumbus.is, í síma 499-2960, netfang niko@niko.is



Ferðalýsing
og bókanir

Allir áskrifendur Morgunblaðsins eru sjálfkrafa meðlimir í Moggaklúbbnum. Tryggðu þér áskrift að Morgunblaðinu á mbl.is/askrift eða með því að hafa samband í síma 569 1100.

M Moggaklúbburinn
...meira fyrir áskrifendur

 OMX I15	2.640 0,08 % 	 OMX C	1.670 0,67 % 	 OMX H	5.058 0,05 % 	 Dow Jones	45.883 0,11 % 	 FTSE	9.277 -0,07 % 
 OMX N40	2.319 0,60 % 	 OMX S	2.637 0,08 % 	 OSEBX	1.664 0,58 % 	 Nasdaq	22.349 0,94 % 	 DAX	23.749 0,21 % 



Morgunblaðið/Hafsteinn Snær Þorsteinsson

Flug 311 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavík í ágúst.

Aukning í utanlandsferðum

● Fleiri ferðamenn

Það sem af er ári hafa Íslendingar farið í tæplega 21% fleiri utanlandsferðir en á sama tímabili í fyrra. Aldrei áður hafa ferðir á tímabilinu janúar til ágúst verið jafn margar, og nýtt met var slegið í ágúst þegar um 59 þúsund ferðir voru farnar út fyrir landsteinana, fleiri en nokkru sinni fyrr í einum ágúst-mánuði.

Greiningardeild Landsbankans bendir á þetta í riti sínu, Vikubyrjun.

Sömuleiðis bendir bankinn á að þessi aukna ferðagleði landsmanna endurspeglar í kortaveltu erlendis, en í júlí fór hlutfall kortaveltu Íslendinga sem fór fram utanlands í fyrsta sinn yfir 25%.

Á sama tíma heldur ferðaþjónustan áfram að sýna styrk sinn. Í ágúst fóru um 311 þúsund erlendir ferðamenn um Keflavíkurflugvöll, sem er 10,6% aukning frá sama mánuði í fyrra.

Heildarfjöldi erlendra ferðamanna það sem af er ári er 3,1% meiri en á sama tíma í fyrra.

mj@mbl.is

Sviðsmyndir frumvarpsins

● Um 60 milljarða sveifla á afkomu ríkissjóðs milli mismunandi sviðsmynda

Matthías Johannessen
mj@mbl.is

Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar varar við aukinni óvissu í alþjóðaviðskiptum í kjölfar umfangsmikilla tollabreytinga sem bandarísk stjórnvöld hafa kynnt. Þó að áhrifin á Ísland hafi hingað til verið takmörkuð, bæði bein og óbein, gæti þróunin haft veruleg áhrif ef svartsýnustu sviðsmyndir raungerast. Í greinargerð við fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar eru teiknaðar upp frávíkssviðsmyndir.

Samkvæmt bandarískum hagtölum nemur vöruútflutningur Íslands til Bandaríkjanna um 16% af heildarútflutningi, en tollabreytingarnar ná aðeins til um 8% af þessum útflutningi. Stöðtæki og lyf, sem voru um helmingur útflutningsins árið 2024, hafa hingað til verið undanþegin tollum.

Í svartsýnni sviðsmynd fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að tollahækkunarir verði viðtækari og dragi úr alþjóðaviðskiptum. Það myndi leiða til minni



Morgunblaðið/Eyþór

Frávik Fjármálaráðuneytið hefur teiknað upp frávíkssviðsmyndir.

útflutnings, verri aðgengis að erlendu fjármagni og veikara gengis krónunnar. Þrátt fyrir minni efnahagsumsvif myndi verðbólga haldast há og vextir einnig. Kaupmáttur heimila myndi minnka og einkaneysla dragast saman.

Í greinargerðinni er bent á að undir þessari sviðsmynd gæti afkoma ríkissjóðs versnað um 35-40 milljarða króna á næsta ári, sem nemur 0,7% af vergri landsframleiðslu (VLF). Útgjöld myndu hækka um 25-30 millj-

Heilsuhraðall gangsettur

● Tíu teymum boðið að vera með ● Sterkir bakhjarlar ● Efla nýsköpunarumhverfið

Þóroddur Bjarnason
thoroddur@mbl.is

KLAK – Icelandic Startups hefur samkvæmt fréttatilkynningu opnað fyrir umsóknir í KLA health, fimm vikna viðskiptahraðall sem hefst 27. október. Hraðallinn er ætlaður sprotateymum sem vinna að lausnum á sviði lækningatækja, líftækni, lyfjaþróunar, stafrænnar heilsutækni eða heilsulausna fyrir neytendur.

Markmið hraðalsins er að hraða þróun sprotafyrirtækja í heilsutækni með því að veita þátttakendum sérhæfða fræðslu, einstaklingsmiðaða leiðsögn frá reyndum



Ljósmynd/Eygló Gísladóttir

Stuðningur Haraldur og Ásta frá KLAH, Jón frá Lifa, Arnar frá Helix, Ásdís frá Össuri, Guðríður frá heilbrigðisráðuneytinu, Jón frá Veritas, Sigurður frá Landspítala, Hulda frá Nox og Guðmundur frá Íslandsbanka.

mentorum og skapa tengsl við fjárfesta og lykilaðila í vistkerfinu, eins og segir í tilkynningunni. Allt að tíu teymum verður boðið að taka þátt í hraðlinum og fá þannig einstakt tækifæri til að þróa hugmyndir sínar áfram með stuðningi sterkra bakhjarla.

Bakhjarlar hraðalsins eru Landspítali, heilbrigðisráðuneytið, Íslandsbanki, Helix, Kerecis, Lifa VC, Veritas, Össur og Nox Medical. „Þessi hópur sameinast um að efla íslenskt nýsköpunarumhverfi, skapa ný tækifæri fyrir sprotafyrirtæki og leggja sitt af mörkum til vaxtar og þróunar heilsutæknigerans,“ segir einnig í tilkynningunni.

Útgjöld áætluð 18,6 milljarðar

● Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki

Útgjöld vegna stuðningskerfis við nýsköpunarfyrirtæki hafa aukist verulega á undanförnum árum. Árið 2019 námu þau 3,1 milljarði króna en áætlað er að þau verði 18,6 milljarðar árið 2026. Í ljósi þessa telja stjórnvöld mikilvægt að stuðningurinn sé markviss og skili raunverulegum ávinningi fyrir íslenskt efnahagslíf.

Kemur þetta fram í tilkynningu frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og þar vísað til þess að vinna við heildarendurskoðun laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki standi nú yfir.



Morgunblaðið/Karitas

Ríkisstuðningur Logi Einarsson, ráðherra nýsköpunarmála.

Endurskoðunin fer fram í tveimur áföngum. Í fyrri áfanganum er lögð áhersla á að bæta laga- og regluverk en seinni áfanginn snýr að stefnumótun með hliðsjón af umfangi kerfisins og samspili við önnur stuðningskerfi ríkisins á sviði rannsókna og þróunar.

Alþjóðlegar stofnanir á borð við OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hafa bent á að skattalegur stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki sé mikill á Íslandi í samanburði við önnur OECD-ríki. Þær leggja áherslu á að auka skilvirkni kerfisins, skýra skilyrði, efla eftirlit og tryggja sjálfbærni. *mj@mbl.is*



Hönnum og framleiðum forsteyptar einingar úr steypu

Talaðu við okkur

Við leysum málin með þér!





2021-2024

Fyrirkefnafyrirtæki

Íslandi

Sími 577 6700 / islandshus@islandshus.is / www.islandshus.is

Segja samband ríkjanna sterkt

● Rubio og Netanjahú standa saman ● Árásir í Gasaborg alla helgina ● Flókin staða fyrir Rubio, sem fer næst til Katar ● Arababandalagið og Samtök íslamskra ríkja vara við afleiðingum árása Ísraels

Dóra Ósk Halldórsdóttir
doraosk@mbi.is

Marco Rubio utanríkisráðherra Bandaríkjanna og Benjamín Netanyahu forsætisráðherra Ísraels héldu sameiginlegan blaðamannafund í Jerúsalem í gær. Þrátt fyrir opinbera ónægju Bandaríkjaforseta með árás Ísraela á Doha í Katar í síðustu viku var það ekki að sjá á fundinum. Sex manns létust í árásinni en hryðjuverkasmáttök-in Hamas sögðu leiðtoga samtakanna vera heila á húfi.

Netanjahú sagði aðspurður á fundinum að leiðtogar Hamas hefðu enga fríðhelgi hvar sem þeir væru og réttlætti þannig árásina á Doha. Árásin vakti mikla reiði í alþjóðasamfélaginu en Katarar, ásamt Egyptum og Bandaríkjamönnum, hafa gegnt lykhillutverki í milligöngu um samningaviðræður milli Ísraels og Hamas og árás á land-svæði þeirra gerir stöðuna enn erfiðari.

Snúin staða fyrir Rubio

Pegar blaðamaður breska ríkis-útvarpsins BBC spurði Rubio hvort árásin í Katar hefði áhrif á samskipti Bandaríkjanna við Ísrael sagði hann að Bandaríkjameinn myndu halda áfram að eiga í sterkum tengslum við bandamenn sína við Persaflóa. Net-ánjahú segir samband ríkjanna aldrei hafa verið jafn sterk.

Rubio sagði stuttu fyrir heimsóknina til Ísrael að forgangsmál væri fyrir



AFP/Nathan Howard

Jerúsalem Frá sameiginlegum blaðamannafundi Marcos Rubios og Benjamíns Netanjahús í gær í Jerúsalem.

Bandaríkjamenn að frelsa gíslana og enda stríðið. 48 ísraelskir gíslar eru enn í haldi Hamas, þar af er talið að 20 séu enn á lífi. Fjölskyldur gíslanna segja að Netanjahú sé „helsta hindrunin“ í vegi friðarsamkomulags.

Rubio hóf ferð sína í Ísrael á sunnudag og fer næst til Katar. Þykir ljóst að staðan sé ansi snúin fyrir utanríkisráðherrann.

Stuttu etir árásina á Doha fullviss-
aði Donald Trump Bandaríkjaforsætji
stjórnvöld í Katar um að svona árás
myndi ekki gerast aftur á þeirra yf-
irráðasvæði. Það er þvert á það sem
Netanjahú sagði á fundinum í Jer-
úsalem í gær, þar sem hann sagðist
ekki útiloka frekari árásir á leiðtoga
Hamas, hvar sem þeir væru.

Ísraelsher gerði sprengjuárásir

á íbúðabyggingar í Gasaborg alla helgina. Samkvæmt upplýsingum AFP frá heimamönnum í borginni er búist við að landönguhernaður hefjist í vesturhluta borgarinnar í dag eða næstu daga. Ísraelsher hefur skipað íbúum borgarinnar að færa sig suður á bóginn, en þótt 250 þúsund manns hafi flúið borgina er talið að hundruð þúsunda íbúa séu enn í borginni. Þeir

Hækkun sjávar sögð ógna Áströllum

● Ný skýrsla um loftslagsmál dregur upp dökka mynd

Um ein og hálf milljón manns gæti þurft að yfirgefa heimili sín í Ástralíu á næstu 25 árum, raungerist ein versta sviðsmynd loftslagsbreytinga þar. Ný skýrsla starfshóps stjórnsvalda segir íbúa á strandsvæðum álfunnar munu finna mjög fyrr hækkanði sjávarmáli, gangi spár vísindamanna eftir.

„Ástralar finna nú þegar fyrir þeim breytingum sem eiga sér stað í veðráttu. Það er því alveg ljóst að takist okkur að koma í veg fyrir hækkandi hitastig, þó ekki væri nema um örfáar gráður, þá munu afkomendur okkar njóta góðs af því,“ segir Chris Brown, ráðherra loftslagsmála þar í landi.

Sérfræðingar segja hitastig í Ástralíu þegar hafa náð hækkun um 1,5 gráður. Fari hækkun hins vega upp í þrjár gráður, þá má, að sögn þeirra, gera ráð fyrir mikilli fjölgun dauðsfalla sem rekja má til hitaslags, eða allt að 400% fleiri einstaklingar í Sydney einni. Í Melbourne er gert ráð fyrir þriðjungu fleiri dauðsföllum við sömu



AFP/Saeed Khan

Kennileiti Strandsvæði álfunnar eru sérstakt áhyggjuefni sérfræðinga.

hitastigshækkun. Engin svæði Ástralíu sleppa við áhrif loftslagsbreytinga, segja skýrsluhöfundar. Ástalía stefnir

á að minnka kolefnislosun landsins um 43% á næstu fimm árum. Sú ákvörðun hefur verið gagnrýnd vegna kostnaðar.

Loftvarnaflautur þeyttar

● Yfir 30 ára þögn rofin yfir höfuðborg Þýskalands

Loftvarnaflautur voru þeyttar í Berlín, höfuðborg Þýskalands, fyrir skemmstu og var það í fyrsta skipti í yfir 30 ár sem það er gert. Ástæða þessa er grafalvarlegt öryggisástand í Evrópu í kjölfar árásarstríðs Rússlands í Úkraínu og ótti við stigmögnun átaka á meginlandi Evrópu. Samhliða þessu var almannavarnakerfi borgarinnar virkjað og fengu tugir þúsunda farsíma neyðarskilaboð frá stjórnnöfndum.

Almannavarnaflautur voru að mestu aflagðar í Berlín árið 1993 en þeim komið fyrir á ný við helstu þéttbýliskjarna síðastliðin ár. Alls ómuðu samtímis meira en 200



AFP/Tobias Schwarz

Tilkynning Skilti almannavarna greinir frá æfingunni í Berlín.

flautur yfir borginni þegar prófanir fóru fram. Á vefsvæði Berlínar-borgar segir að til standi að koma enn fleiri flautum fyrir í Berlín á næstu mánuðum og árum. Mikilvægt sé að tryggja kerfið í öllum hverfum Berlínar.

Talsmenn almannavarna Berlínar leggja þó áherslu á að útbenslu-
stefna Moskvuvaldsins sé ekki eina
ástæða þess að verið sé að efla
almannavarnakerfi Berlínar. Öfgar í
veðri, bilanir í raforkukerfi og árásir
tölvuprjótá á mikilvæga innviði er
einnig ástæða þess að tryggja þarf
öflugt neyðarkerfi og tryggingagjöf
til almannavarna. *kjh@mbli.is*

Hlíðarhorn
Sólarmegin í miðborginni

Sala er hafin á
hlidarhorn.is

Bjartar, vandaðar og fjölbreyttar sýningaríbúðir

Hlíðarhorn er nýr og spennandi kostur á frábærum stað í miðborginni. Bókaðu einkaskoðun á hlidarhorn.is eða hjá völdum fasteignasölum.

eCASA
– stafræn og hagkvæm fasteignaviðskipti

HEIMA
FASTEIGNASALA

KAUPSTADUR
FASTEIGNASALA

Sir Humphrey spurður

Fullt traust háskalegt

Stundum eru einstakir menn „heimsfrægir“ og eiga það sennilega skilið. Stundum verða menn „skyndilega heimsfrægir“ í Bandaríkjunum, svo ekki sé talað um þá góðu Íslendinga, sem eru iðulega „heimsfrægir“ heima. Og þeir sömu eru svo sannarlega ekki lakari fyrir vikið, nema síður sé. En þetta sérkennilega tal um einstakling, lítt þekktan nema helst hér, kemur ekki til að ástæðalaus.

Vestur í Bandaríkjunum var rétt rúmlega þrítugur maður, Charlie Kirk, myrtur. Sennilega vissu ekki voðalega margir hér á landi um það hver Charlie Kirk var, þótt hann yrði strax á allra vörum víðast hvar. Óvænt byssukúla gjörbreytti öllu, sem því miður er fjarri því að vera einsdæmi.

Kirk hafði víða farið um heima-landið og fékk ótrúlega fljótt mikinn fjölda fólks til að hlýða á boðskap sinn. Við, hér uppi á Íslandi og kannski víðar, fengum misvísandi mynd og fróðleik af Charlie Kirk. Hann fór víða og talaði til fjölda manna, einkum í heimalandinu og eitthvað víðar. Sá, sem þetta skrifar, var ekki fróðari en svo, að hann varð að fylgjast með fróðleik og stundum hástemmdum yfirlýsingum, eftir að Kirk var myrtur.

Myndin, sem birtist á fáeinum dögum, var mjög óvenjuleg og jákvæð fyrir hinn myrta, sem kemur ekki á óvart. Kirk lætur eftir sig konu og tvö lítil börn. Og að auki var dregin upp jákvæð mynd af fróðleik og þekktri „boðun“ hins myrta. Einhver gæti spurt: „En ekki hvað?“ En það komu vissulega fram einstök jákvæð sannindamerki um Kirk fallinn. Fyrir liggur að þúsundir manna flyktust á fundi hans, þar á meðal lokafundinn í lífi hans. Fullyrt var að Charlie Kirk hefði höndlað málatalilbúnað sinn á annan veg en algengt er, þegar menn hafa í frammi pólitískan boðskap, sem í þessu tilfelli var ekki á einni braut, fjarri því. Þessi ungi ræðumaður og „boðandi“ kallaði ákaft eftir samtali við fundarmenn, ekki síst ef þeir vildu efast, og gaf þeim, sem slíkt þáðu, mjög gott svigrúm.

Ekki þarf að ítreka það, að morð og manndráp eru næsta algeng vestra. En Bandaríkin eru ekki ein um slíkan blóðböggul. Ekki er mjög langt frá því að fændur okkar Norðmenn fengu mjög þungt högg, 77 manneskjur, er Anders Breivik var á ferð árið 2011. Á Bretlandi hefur „aðeins“ einn forsætisráðherra þeirra verið myrtur, en morðinginn var John Bellingham, sem taldi sig hafa farið illa út úr viðskiptalífínu og myrta Spencer Perceval í þinghúsinu! Perceval var með eindæmum vinsæll maður, barnmargur og bláfátækur!

Saga bandarískra forseta, sem hafa verið myrtir, er þekkt. Frægastir í þeim hópi eru A. Lincoln og J.F. Kennedy. Misheppnaðar morðtilraunir eru þekktar og má nefna Ronald Reagan. Mjög harðsnúin bandarísk leynipjónusta hefur sennilega flæmt frá einhverja menn með morðvæntingar, en nefna má að Donald Trump slapp, en aðeins

særður, en almennir borgarar týndu þá lífi.

En sé vikið til annarra þátta. Vand-

ræðagangur í breskum stjórnmálum nú er töluverður. Sú staða er þó næsta einkennileg, því að Verkamannaflokkurinn komst vel frá síðustu kosningum og virtist þá pólitíski vandræðagangurinn helst vera hjá Íhaldsflokknunum, því að Verkamannaflokkurinn fékk myndarlegan sigur í það sinni, enda atkvæðadreifingin þeim mjög hagnell og gerði sigur flokksins mun meiri en raunin var. Nú hefur sogast nokkuð frá Verkamannaflokknunum, en þó er staða hans enn viðunandi. Hins vegar er óneitanlegt að Starmer forsætisráðherra hefur verið fremur klaufskur og má nefna atvik, sem í fyrsta lagi endaði með því að varaformaður Verkamannaflokksins varð rúinn trausti, vegna allmargvíslegra atriða. Starmer formaður og forsætisráðherra hafði verið brattur um sinn og taldi með öllu ástæðulaust að varaformaðurinn og ráðherrann þyrfti að víkja, enda hefði formaður flokksins og forsætisráðherra þegar lýst því yfir að hún, varaformaðurinn, hefði fullt traust forsætisráðherrans, leiðtoga Verkamannaflokksins. Forsætisráðherrann hafði rétt lokið við að gefa út traustsýfirlýsingu gagnvart sínum allra næsta manni, þegar nýjar fréttir bárust um að varaformaðurinn, sem jafnframt var húsnæðis- og skattamálaráðherra, hefði annars vegar misstigið sig mjög illa í persónulegri meðferð sinni á kaupum á húsnæði og hins vegar persónulegum skattamálum í því sambandi. Forsætisráðherrann taldi sig ekki lengur geta haldið verndarhendi yfir sínum næstráðanda, svo að hann kæmist ekki hjá því lengur að ýta varaformanni sínum úr þeirra sameiginlegu ríkisstjórn.

Starmer forsætisráðherra Bretlands hafði rétt í þessu verið að ná að ljúka mjög erfiðum kafla vandræða sinna, þegar sá þáttur breyttist á svipstundu í hrein stórvandræði. Það mál snerti einn mesta valdamann flokksins, sem lengi hafði rækilega látið til sín taka, sjálfan Mandelson lávarð. Allir kaflar í þessum vandræðamálum Starmers forsætisráðherra byrjuðu eins, með varfærnunum orðum um hvort nauðsynlegt gæti orðið að gera breytingar á stöðu og starfi varaformanns flokksins, sem Starmer tók fram að nyti fulls trausts síns í ríkisstjórninni.

En þá var það næsta mál, þar sem Starmer tók sérstaklega fram að Mandelson lávarður ætti fullt traust sitt, sem væri algjört. Enginn hafði áður talið óhætt að blanda Mandelsyni lávarði í þá brothættu umræðu, sem bankaði upp á. Menn, sem fylgdust forðum með hinum bráðskemmtilegu þáttum „Já, ráðherra“, muna að þá var það mat og mælikvarði sir Humphreys, að á því augnabliki, sem forsætisráðherrann lýsti því yfir að „viðkomandi í vandræðum“ hefði fullt og algjört traust sitt, þá ætti ráðherrann í mesta lagi tvo daga ólifaða í ríkisstjórn. Það mat var jafnan rétt hjá sir Humphrey.

Þjóðlegt vantraust á götum Lundúna

BAKSVIÐ

Andrés Magnússon
andres@mbl.is



Gríðarleg mótmæli fóru fram í Lundúnaborg um liðna helgi, án þess þó að það væri vel skilgreint hverju væri verið að mótmæla eða hverju mannfjöldinn vildi ná fram. Svo mikið er þó víst að mannfjöldinn sameinaðist í vantrú á stjórnvöldum og ráðandi öflum, sem má vera establismentinu mikið áhyggjuefni.

Raunar var samkundan kynnt sem málfrelsishátíð undir slagorðinu „Sameinum konungdæmið“, sem hver gat lagt sína merkingu í, en af fjölda breskra, enskra, skoskra og velskra fána má a.m.k. draga þá augljósa ályktun að þjóðarstolt var mörgum ofarlega í huga.

Það gladdi efflaust þjóðernissinnann Tommy Robinson, sem efndi til mótmælanna og telur að þar hafi þrjár milljónir manna gengið til liðs við sig. Það er hæpin tala og hæpin ályktun.

Lögregla taldi að á bilinu 110 til 150 þúsund manns hefðu komið þar saman, en þótt flest bendi til þess að það sé varlega áætlað eru það samt með fjölmennustu mótmælum í sögu Lundúna.

Þar með er ekki sagt að fjöldinn hafi verið að sýna Robinson stuðning, hitt er sennilegri skýring, að hann hafi siglt þann byr vantrausts og vantrúar á stjórnvöld, sem farið hefur sívaxandi í landinu síðustu mánuði.

Hvassviðri í nánd

Það er sami byr og blásið hefur í segi Nigels Farage og Umbóta-flokksins (*e. Reform*) upp á síðkastið. Þar hafa efnahagsþrengingar og vanmáttur valdastéttarinnar til þess að fást við aðsteðjandi vanda, þar á meðal í innflytjendamálum, húsnæðismálum og löggæslu, valdið miklu. Stjórnmálamenn vildu lengi vel ekki gangast við því að slíkar umkvartanir væru réttmætar og jafnvel aðeins til marks um fordóma. Svo mjög að yfirvöld hafa víða tekið niður breska og enska fána síðustu vikur við litla hrifningu.

Robinson er þekktur lýðskrumari og öfgamaður, sem hefur til þessa ekki þótt stofuhæfur og pólitísk áhrif hans hverfandi. Það segir sína



AFP/Carlos Jasso

Bretland Fánar voru áberandi í mótmælunum í Lundúnum um helgina, gagnert til að storka stjórnvöldum, mögulega fyrirboði um frekari ólgu.

sögu að Farage þverneitaði að koma nálægt skipulagningu mótmælanna og lagði blátt bann við því að nokkur á vegum Umbótaflokksins gerði það.

Mannhafið í miðborg Lundúna um helgina er þó án vafa til marks um að eitthvað sé að breytast, að þolinmæði almennings gagnvart valda-stéttinni og ástandinu í landinu sé svo þrotin, að tugir eða hundruð þúsunda létu sig hafa það að arka um miðborgina þrátt fyrir að Robinson færi fyrir mótmælunum.

Augljóst var af sjónvarpsviðtölum við mótmælendur að þar voru fæstir með öfgakenndar skoðanir og það var ekki heldur svo, eins og margir gagnrýnendur höfðu látið skína í, að þar væri aðeins skjannahvitt afturhald á gönguskóm. En allir deildu þeir breskri þjóðarvitund og þjóðarstolti.

Ekki bætir úr skák að ríkisstjórn Verkamannaflokksins stendur einkar höllum fæti eftir alls kyns hneykslismál og afsagnir að undanförnu. Jafnvel sjálfur forsætisráðherrann Keir Starmer er orðinn valtur í sessi eftir að svo virðist sem hann hafi í síðustu viku afvegaleitt þingið um skipun Peters Mandelsons sem sendiherra í Washington og vitneskju forsætisráðherrans um nán tengsl Mandelsons við barnaníðinginn Jeffrey heitinn Epstein. Óháð efni málsins, þá er ósannsgli við þingið afsagnarsök ef rétt reynist.

Þar fyrir utan eru ýmsir vinstri-menn í Verkamannaflokknun farnir að grafa undan Starmer, sem þeim þykir of mikill miðjumaður.

Franskur kanarífugl

Þegar kolanámur voru helsta uppspretta orkuöflunar tóku námu-verkamenn með sér litla kanarífugla niður í djúpar og skítugar námur. Fuglarnir voru ekki þar til skrauts, heldur sem viðvörunkerfi. Ef fuglarnir hættu að syngja eða féllu dauðir til jarðar þá var það merki um ósýnilegan en banvænan gasleka.

Frakkland er forysturíki í Evrópusambandinu, stendur sterkt menningarlega og ein öflugustu fyrirtæki Evrópu eru staðsett þar. Hins vegar ríkir þar nánast stöðug stjórnarkreppa, þar sem skuldir landsins hafa náð hæstu hæðum síðan mælingar hófust. Fjárlagahallinn er meiri en hjá öllum öðrum aðildarríkjum evrusvæðisins. Eins og fuglinn sem hættir að syngja gefa þessar tölur til kynna að mikill kerfisvandi sé til staðar og tímabært að hrinda í framkvæmd neyðaráætlun.

Þegar Emmanuel Macron varð forseti Frakklands árið 2017 lofaði hann að lækka skatta, efla hagvöxt og gera vinnumarkaðinn sveigjanlegri. Að einhverju leyti hefur þetta gengið eftir, þar sem atvinnuleysi hefur minnkað og fjárfestingar aukist. Hins vegar standa ríkisfjármálin þá veikt að tvær ríkisstjórnir hafa fallið í vegferð sinni til að minnka útgjöld ríkissjóðs. Vandinn er ekki nýtilkominn, heldur hefur franskri ríkissjóðurinn verið rekinn með halla í áratugi. Staða ríkisfjármála í Frakklandi er ósjálfbær og nú þarf franska ríkið að fjármagna sig á hærrí vöxtum en fyrirtækin Airbus og

Pistill



Lilja Dögg
Alfreðsdóttir

L'Oreal. Matsfyrirtækið Fitch hefur lækkað láns hæfiseinkunn franska ríkissjóðsins og nefndir að skuldir geti hækkað í allt að 121% af landsframleiðslu. Jafnframt er talið að áætlun um að lækka fjárlagahallann sé ótrúverðug.

Kanarífuglinn í kolanámunni gaf vísbendingu um að mikil hætta væri á ferðum. Spurning er hvort franski kanarífuglinn sé að vara við stærri hættu sem nær yfir fleiri ríki Evrópusambandsins, þar sem þau glíma við mikinn fjárlagahalla og miklar skuldir hins opinbera. Þessi slæma staða hjá forysturíki í Evrópusambandinu er ekki góð tíðindi fyrir Ísland. Við eigum í miklum viðskiptum við evrusvæðið og ef dregur úr kaupmætti og hagvexti þá dregur úr utanríkisviðskiptum, sem minnkar verðmætasköpun á Íslandi.

Vegna þess mikla efnahagsvanda sem mörg leiðandi ríki Evrópusambandsins standa frammi fyrir eiga íslensk stjórnvöld ekki að eyða dýrmætum tíma lands og þjóðar í ESB-erindisleysu. Stærsta áskorun þessarar ríkisstjórnar er að ná verðbólgu og vöxtum niður. Hægst hefur verulega á lækkun verðbólgu og því hafa vextir ekki lækkað eins og væntingar stóðu til um. Ég hvet ríkisstjórnina til góðra verka, að standa við gefin loforð um lækkun verðbólgu og nýta tíma okkar allra í að efla verðmætasköpun í þágu aukinnar velseldar fyrir fólkið í landinu.

Höfundur er varaformaður Framsóknar og f.v. viðskiptaráðherra.



Sauðfé á Þingvöllum Réttir standa þessa dagana yfir víða um land. Þessar tignarlegu íslensku sauðkindur spókuðu sig þó um á Þingvöllum í gær og eru frjálsar sem fuglinn, í bili að minnsta kosti.

Valdaframsalsmálið (bókun 35) útskýrt

Mikið hefur verið rætt um stóra valdaframsalsmálið (bókun 35 við EES-samninginn) undanfarin misseri en vafalaust klóra ófáir sér í kollinum yfir því um hvað þetta blessaða mál snýst. Í sem stytzu máli hverfist það um það hvort lögfasta eigi að innleitt regluverk frá Evrópusambandinu í gegnum EES-samninginn gangi framur almennum lögum sem eiga sér innlendan uppruna. Verði frumvarpið að lögum verður þannig til ný forgangsregla í íslenskum rétti sem ólíkt þeim forgangsreglum sem fyrir eru hér á landi þegar almenn lagasetning er annars vegar, þar sem yngri lög ganga fyrir þeim sem eldri eru og sértækari lög fyrir almennari, mun miðast við það eitt að um sé að ræða innleitt regluverk frá sambandinu.

Forsaga málsins er sú að þegar samið var um EES-samninginn, sem er samningur á milli Fríverzlunar-samtaka Evrópu (EFTA) sem Ísland á meðal annars aðild að og Evrópu-sambandsins, fyrir rúmum þremur áratugum gerði sambandið kröfu um það að EFTA-ríkin sem gerðust aðilar að samningnum samþykktu að innleitt regluverk frá því gengi famar þeirra eigin lagasetningu. Þessu höfðuðu EFTA/EES-ríkin, ekki sízt Ísland, einkum á þeim forsendum að í því fælist framsal löggjafarvalds sem samræmdist ekki stjórnskrám þeirra. Fyrir vikið varð bókun 35 til þar sem fram kemur að ríkin framselja ekki löggjafarvald sitt en komi upp árekskur í þessum efnun þurfi að tryggja forgang hins innleidda regluverks.



Hjörtur J. Guðmundsson

Tryggja þurfti stuðning við EES

Til þess að ekki þyrfti að breyta stjórnskránni í þessum efnun vegna samþykktar EES-samningsins, sem hefði að öllum líkindum þýtt að ekki hefði verið nægur stuðningur við aðildina að samningnum á Alþingi, var bókunin innleidd í íslensk lög með 3. grein laga um Evrópska efnahags-svæðið þar sem segir að skýra skuli lög og reglur, að svo miklu leyti sem við eigi, til samræmis við samninginn og þær reglur sem á honum byggist. Sameiginlegur skilningur var á milli samningsaðila um að standa þyrfti að málum með þessum hætti af pólitískum ástæðum til þess að hægt yrði að komast hjá því að breyta stjórnskránni og tryggja þannig nægan stuðning við málið. Þá einkum í röðum þingmanna Sjálfstæðisflokksins.

Hvað varðar efni bókunar 35 var litið svo á að ákveðin mótsögn væri fyrir hendi í þeim efnun þar sem í fyrri hluta hennar væri tekið fram að hún fæli ekki í sér framsal löggjafarvalds en í seinni hlutanum að grípa þyrfti til ráðstafana ef árekskur yrði á milli innleidds regluverks í gegnum EES-samninginn og innlendarar löggjafar þannig að innleidda regluverkið hefði forgang sem fyrr segir. Virtir lögspekingar eins og Stefán Már Stefánsson, lagaprófessor emeritus, hafa bent á það að fyrir vikið hefði verið litið svo á að seinni hlutinn hefði í raun ekki mikið gildi þar sem hann samrýmdist ekki fyrri hlutanum. Var fyrir að fara sameiginlegur skilningi samningsaðila í þessum efnun sem engin athugasemd var gerð við.

» Frumvarpið felur í sér fyrirframuppgjöf án þess að látið sé í það minnsta reyna á málið fyrst fyrir dómi. Við höfum engu að tapa en allt að vinna.

Fer í bága við stjórnskrána

Með þessum hætti virkaði EES-samningurinn í um 20 ár frá samþykkt hans allt þar til árið 2012 þegar Eftirlitsstofun EFTA (ESA), sem hefur það hlutverk að fylgjast með réttri framkvæmd samningsins af hálfu EFTA/EES-ríkjanna, fór fram á það að íslensk stjórnvöld útskýrðu hvernig bókun 35 hefði verið innleidd á Íslandi. Mikil samskipti fóru fram í kjölfarið þar sem íslenskir ráðamenn vörðu þá leið sem farin var í þeim efnun. Fimm árum síðar lýsti stofnunin yfir þeirri afstöðu sinni að ekki hefði verið staðið rétt að málum í þeim efnun þrátt fyrir þá staðreynd að hún hafði þá ekki gert athugasemd við það í tæpa tvo áratugi en hlutverk hennar er sem fyrr segir að hafa eftirlit með framkvæmd samningsins.

Meðal þess sem íslensk stjórnvöld bentu á var að ekki hefði verið hægt að ganga lengra innan ramma stjórnskrárinnar. Þessu hafa lögspekingar eins og til dæmis hæstaréttardómararnir fyrirverandi Markús Sigurbjörnsson og Jón Steinar Gunnlaugsson sömuleiðis vakið máls á. Breyta þyrfti stjórnskránni ef lögfesta ætti forgang innleidds regluverks frá Evrópusambandinu í gegnum EES-samninginn. Sömuleiðis var vísað til þess að ESA hefði enga athugasemd gert við umrætt fyrirkomulag í um tvo áratugi þegar skyndilega hefði komið til þess. Fór

svo að lokum að ESA lýsti þeirri afstöðu sinni fimm árum síðar að ekki hefði verið staðið rétt að þeim málum og hótaði Íslandi samningsbrotamáli fyrir EFTA-dómstólum.

Skyndilega snúið við blaðinu

Haldið var uppi vörnum í málinu af hálfu íslenskra stjórnvalda, lengst af í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins, allt þar til eftir þingkosningarnar 2021 þegar nýr utanríkisráðherra, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, sneri allt í einu við blaðinu og kaus að taka undir kröfur ESA gegn Íslandi. Engar haldbærar skýringar hafa í raun fengist á þeirri stefnubreytingu. Þórdís lagði fram frumvarp 2023 sem fól í sér innleiðingu bókunar 35 í samræmi við kröfu ESA en það náði ekki fram að ganga. Til stóð að leggja frumvarpið fram aftur síðasta haust en ekki varð af því. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, eftirmaður Þórdísar og formaður Viðreisnar, lagði síðan fram sambærilegt frumvarp í upphafi þessa árs og hyggst nú gera það aftur.

Frumvarpið uppfyllir sem fyrr segir að fullu kröfu ESA. Að öðrum kosti mun stofnunin vitanlega halda samningsbrotamáli sínu áfram gegn Íslandi. Tal um að frumvarpinu sé ætlað að tryggja frumkvæði stjórnvalda í málinu stenz því enga skoðun. Hið sama á við um orðalag í frumvarpinu þess efnis að forgangurinn eigi aðeins við ef Alþingi ákveður ekki annað. Vitanlega getur þingið sett lög sem fara gegn EES-samningnum en þá færi einfaldlega í gang sama ferli og nú stendur til að beygja sig fyrir, hótun ESA um samningsbrotamál. Hvaða líkur geta talizt á því að þingmenn muni samþykkja að fara gegn samningnum varðandi einstaka innleidda lagagerð ef þeir ætla ekki að standa í fæturna nú þegar allt regluverkið er undir?

Tökum aftur upp fullar varnir

Kæmi til þess að frumvarp Þorgerðar næði ekki fram að ganga og málið færi hugsanlega í framhaldinu fyrir EFTA-dómstólinn væri það versta sem gæti gerzt að dómstóllinn kæmist að þeirri niðurstöðu að Ísland hefði brotið gegn EES-samningnum með því að innleiða ekki bókun 35 með þeim hætti sem ESA hefur gert kröfur um. Það er að segja nákvæmlega það sem frumvarpið felur í sér. Vangaveltur um að EFTA-dómstóllinn kynni að gera frekari kröfur til Íslands standast enga skoðun. Ljóst er með tilliti til efnis bókunar 35 að ESA er að fara fram með ýrustu kröfur í þeim efnun. Þá er hlutverk dómstólsins í þessum efnun eingöngu það að kveða upp úrskurð um hvort brotið hafi verið gegn EES-samningnum.

Með öðrum orðum er þannig um að ræða fyrirframuppgjöf án þess að látið sé í það minnsta reyna á málið fyrst fyrir dómi. Fari málið fyrir EFTA-dómstólinn er að minnsta kosti möguleiki á því að niðurstaðan verði Íslandi hagfelld en verði frumvarpið samþykkt verður sá möguleiki ljóslega að engu gerður. Við höfum engu að tapa en allt að vinna. Við gerðumst aðilar að EES-samningnum á ákveðnum forsendum sem sameiginlegur skilningur var um á milli samningsaðila og engar athugasemdir voru gerðar við í um tvo áratugi þegar sú varð allt í einu raunin. Krafa ESA felur í sér algeran forsendubrest í þeim efnun. Við höfum góðan málstað að verja og eignum að sjálfsögðu að taka á ný upp fullar varnir vegna málsins.

Höfundur er sagnfræðingur og alþjóðastjórnmálafræðingur og heldur úti vefsíðunni Stjórnmálin.is.

Framtíð íþróttanna í Suðurnesjabæ fórnað

Það er með ólíkindum að árið 2025 skuli Suðurnesjabæ enn ekki hafa hrint í framkvæmd gerð gervigrasvallar fyrir börn og ungmenni sveitarfélagsins. Miðað við nýjustu vendingar er málið nú að teygja sig inn á þriðja kjörtímabil sameinaðs sveitarfélags sem varð til 2018. Á meðan kostnaðurinn hækkar og



Anton Guðmundsson

meirihlutinn hikstar sitja börn og ungmenni eftir án aðstöðu sem annars er talin sjálfsöðgð í flestum sveitarfélögum. Við sitjum eftir með skýrslur, áætlanir og loforð sem aldrei verða að veruleika.

Kostnaðarmat

Í skýrslu Verkís, sem unnin var fyrir sveitarfélagið í tengslum við

hönnun á gervigrasvelli og kom út í maí 2022, var kostnaður metinn svo:

	m.kr.
Miðjan:	892
Garður:	656
Sandgerði, aðalvöllur:	575
Sandgerði, æfingavöllur:	620
Þessar tölur eru á verðlagi 2022. Til að meta raunverulegan stofnkostnað í dag er eðlilegt að færa þær í núvirði króna með vísitölu neysluverðs Hagstofu Íslands (VNV).	
VNV í maí 2022:	539,5
VNV í september 2025:	658,6

Hækkun: ~ 22,1%
Verðbættar tölur (2025)

	m.kr.
Miðjan:	-1.089
Garður:	-801
Sandgerði, aðalvöllur:	-702
Sandgerði, æfingavöllur:	-757

Ath.: Fyrir hreinan mannvirkja-hluta mætti einnig skoða byggingar-vísitölu Hagstofu, en hún breytir ekki meginröðun kostanna þar sem Sandgerði nýtir nú þegar innviði (stúku, salerni, félagsaðstöðu o.s.frv.) sem halda stofnkostnaði niðri.

Hagkvæmasti kosturinn er augljós: að byggja á aðalvöllinum í Sandgerði. Þar eru þegar fyrir hendi 340 manna steypt stúka, salernisaðstaða, félagsheimili á tveimur hæðum, vélageymsla og öll helstu grunn-mannvirki sem þarf. Auk þess er lóðin í eigu sveitarfélagsins sjálfs, sem tryggir bæði eignarhald og einfaldar framkvæmdina án þess að ráðast í kostnaðarsöm lóðarkaup eða viðræður um afnotarétt.

Ákvörðun gegn betri vitund

Hinn 5. júní 2024 samþykkti bæjarstjórn að byggja völinn á aðalvöllinum í Sandgerði, með þeim afleiðingum að klofningur varð innan Sjálfstæðisflokksins og meirihluti Framsóknar og Sjálfstæðisflokks, sem myndaður var eftir kosningarnar 2022, sprakk. Nú hefur nýr meirihluti Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar og Bæjarlistans hins vegar snúið af þeirri leið og lagt fram tillögu um hönnun á Miðjunni – dýrasta og óraunhæfasta kostinum.

Þar er ekkert til staðar: ekki fráveita, ekki vatn, engin salernisaðstaða og engir búningsklefar. Aðeins lagning aðveitulagna fyrir snjóbræðslu og vatnsból er áætluð 76,8 milljónir króna á verðlagi 2022. Þetta er ekki aðeins óhagkvæmt – þetta er ábyrgðarleysi gagnvart skattgreiðendum og íþróttalífi sveitarfélagsins.

Þungur rekstur og hátt vaxtastig

Suðurnesjabæ hefur aðeins 300-350 milljónir króna á ári til framkvæmda án lántöku. Með því að velja Miðjuna er ekki aðeins verið að hækka stofnkostnað um hundruð milljóna heldur er bærinn settur í vegferð sem mun bitna á öðrum brýnum verkefnum, svo sem:

- auknu leikskólarými í Garði með byggingu nýs leikskóla
- stækkun Sandgerðisskóla
- úrlausn fráveitumála

Þetta gerist á sama tíma og stýrivextir Seðlabanka Íslands eru 7,5% og verðbólga mælist 3,8%. Því er augljóst að sveitarfélagið þarf að forgangsraða fjármunum sínum með sérstakri varfærni.

Börninn okkar sitja eftir

Afleiðingarnar eru skýrar:

» Á meðan kostnaðurinn hækkar og meirihlutinn hikstar sitja börn og ungmenni eftir án aðstöðu sem annars er talin sjálfsöðgð í flestum sveitarfélögum.

- Börn og íþróttafélög í Suðurnesjabæ búa við lakari aðstöðu en jafnaldrar þeirra í nágrannasveitarfélögum
- Íþróttalífð lamast og foreldrar missa áhuga á að senda börn sín til iðkunar
- Börnin fá þau skilaboð að þeirra framtíð sé ekki í forgangi
- Gervigrasvöllur er forsenda fyrir vetrarstarfi knattspyrnunnar. Því miður heldur meirihlutinn áfram að tefja málið með endalausum skýrslubeiðnum og dýrum hönnunarkostnaði sem leggur tugmilljónir á bæjarsjóð.

Við eigum betra skilið

Íbúar Suðurnesjabæjar eiga betra skilið. Börnin okkar eiga betra skilið. Það er kominn tími til að setja punkt við margra ára aðgerðaleysi og hefja byggingu hagkvæms gervigrasvallar í Suðurnesjabæ – í Sandgerði, þar sem allir innviðir eru fyrir hendi og land í eigu sveitarfélagsins sjálfs.

- Hvað þarf að gera núna?
- Byggja völinn í Sandgerði – hagkvæmasti og skynsamlegasti kosturinn
 - Sýna pólitíska ábyrgð – hætta að fresta og taka ákvörðun
 - Setja börnin í forgang – tryggja þeim aðstöðu sem þau eiga rétt á
 - Vernda bæjarsjóð – velja framkvæmdir sem sveitarfélagið ræður við
- Íþróttir eru ekki aðeins leikur á vellinum – þær eru grunnur að heilbrigðu líferni og lykill að velsæld barna.

Nú þarf kjark til að taka ákvarðanir með hag bæjarsjóðs og barna í Suðurnesjabæ að leiðarljósi. Íþróttafélögin tvö, Reynir og Víðir, hafa ekki sameinast, en það má ekki standa í vegi fyrir skynsamlegri framtíðaruppbyggingu. Það er kominn tími til að leggja hrepparígin til hliðar og hugsa fyrst og fremst um hag barnanna okkar. Þar skiptir máli að minna á að sveitarfélagið rekur gjaldfrjálsan frístundaakstur milli byggðarkjarna, sem tryggir öllum börnum jafnan aðgang að æfingum og aðstöðu. Byggjum því upp íþróttamannvirki í Suðurnesjabæ með skynsamlegum hætti – í þágu allra íbúa sveitarfélagsins.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. september 2025, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. september 2025 og önnur gjaldfallin álögd gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. september 2025, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, innviðagjaldi, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skatttrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi, kílómetragjaldi vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða og álögdum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er 13 þúsund kr. fyrir hvert fjárnám. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. september 2025

Ríkisskattstjóri

Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Auðvelt aðgengi
fyrir mikilvægasta fólkið



KOMPAN
Let's play

**Þú færð
hágæða
leiktæki
hjá KRUMMA**

KRUMMA®



ÖRYGGI - GÆÐI - LEIKGILDI

Við höfum þjónað Íslendingum síðan 1986
Gylfaflöt 7, Grafarvogi | krumma.is

Mogginn

Sæktu appið núna.

Google Play

App Store





Ljósmynd/Ómar Ragnarsson

Einstakt á heimsvísu „Í samanburði við átta önnur helstu eldfjallasvæði heims hefur vatnasvæði Jökulsár á Fjöllum yfirburði yfir öll önnur hliðstæð eldfjallasvæði þegar skoðuð voru tíu helstu mismunandi atriði, sem slík svæði geta búið yfir: Stapar, gígaraðir, móbergshryggir, eldfjöll, dyngjur, eldvirkni undir jökli, hamfarahlaup, víðáttumikil hraun, stór sandflæmi, stór gljúfur.“

Fegurðin ein, eilíf og hrein

Kóróna landsins er titillag disksins, tileinkað Vatnajökli, sannarlega kórónu landsins, landinu undir honum og umhverfis hann, sem eldur og ís hafa mótað í samspiли, sem ekki á sinn líka í víðri veröld. Ljóðið, sem hér er birt, er lengra en það sem sungið var í lok sjónvarpsmyndarinnar með þessu heiti, og verður því birt hér í heild með þeim leiðréttingum og örstuttu viðbótum, sem gerðar voru eftir sýningu myndarinnar í febrúar 2000. Lag og ljóð eru eftir greinarhöfund og það voru þau Egill Ólafsson og Sigrún Hjálmtyýsdóttir sem sungu en Þórir Úlfarsson lék undir og útsetti. Árið 2002 fékk undirbúningsnefnd fyrir Vatnajökulsþjóðgarð Magnús Tuma Guðmundsson jarðeðlisfræðing til þess að bera vatnasvið Jökulsár á Fjöllum sama við helstu eldfjallasvæði heims. Niðurstaðan varð sú að í sam-anburði við átta önnur helstu eldfjallasvæði heims varðandi tíu merkilegustu fyrirbrigði slíkra svæða hafði vatnasvæði Jökulsár á Fjöllum eitt og sér yfirburði yfir öll önnur hliðstæð eldfjallasvæði heims þegar skoðuð voru tíu helstu mismunandi atriði, sem slík svæði geta búið yfir: Stapar, gígaraðir, móbergshryggir, eldfjöll, dyngjur, eldvirkni undir jökli, hamfarahlaup, víðáttumikil hraun, stór sandflæmi, stór gljúfur. Í ljós kom að ekkert annað eldfjallasvæði heims er meira en hálfdrættingur á við aðeins eitt vatnasvæði á Íslandi. Ef allt eldvirka svæðið hefði verið tekið með, allt til sjávar í Óxarfirði, hefðu einstæð fyrirbrigði eins og Mývatn, Hverfjall og Gjástykki bæst við. Gískað hefur verið á, að eftir að ísaldarjökullinn hvarf undraskjótt fyrir um 11 þúsund árum hafi land lyfst svo hratt við að farg hans



Ómar Ragnarsson

minnkaði og hvarf að mestu, að eldvirkni á þessu svæði hafi orðið þritugfalt meiri en dæmi eru um. Í því liggur fjölbreytnin og það, að þarna er stærsta hraunbreiða Íslands og einstæður fjöldi af dyngjum. Í ljóðinu er farið í flugferð upp með Jökulsá á Fjöllum og lent á nokkrum stöðum. Fyrst er flogið upp Jökulsárgljúfur með fossum sínum og flúðum en síðan blasir Herðubreið við. Til eru stapar í Norðvestur-Ameríku, en enginn stendur jafn stór og einn á sléttunni og blasir því við úr órafjarlægð. Herðubreið varð til í gosi eða gosum undir rjökli á ísaldarskeiðunum, en í lokin hefur hún verið komin upp úr jöklinum og gosið úr gíg efst á henni, sem setur sérstakan svip á hana, þegar horft er á hana úr fjarlægð eða úr flugvél. Þetta fjall var útnefnt Þjóðarfjall Ísendinga og ber það heiti með sóma. Í auðninni skammt norðaustan við Herðubreið er einstakt lindasvæði við hraunjaðarinn, Herðubreiðarlindir. Fyrir sunnan Herðubreið er Askja, sem hlotið hefur frægð fyrir ferð fyrstu tunglfaranna þangað í leiðangri undir stjórni Sigurðar Þórarinssonar jarðfræðings 1967, sem var liður í undirbúningi þeirra fyrir tunglferðirnar. Herðubreið og Askja prýða forsiðumynd þessarar ljóðabókar. Í Öskju finnst mörgum þeir standa frammi fyrir sköpun jarðar í árdaga. Þar þykir reimt eftir að þýsku vísindamennirnir Rudloff og Knebel hurfu þar sporlaust sumarið 1907. Minnisvarði er um þá þar. Frá Öskju liggur leiðin suður á auðnirnar, sandana og hraunin við jaðar Dyngjujökuls, þar sem oft myndast hillingar og sandstrokkar á heitum sumardögum, en yfir allt

KÓRÓNA LANDSINS

Svíf ég af sæ mót suðrænum blæ upp gljúfranna göng gegn flúðanna söng. Þar flytur hver foss fegurðarhnoss og ljúfasta ljóð um land mitt og þjóð.

Allviða leynast á Fróni þau firn, sem finnast ekki í öðrum löndum; – einstæðar dyngjur og gígar og gjár með glampandi eldanna bröndum. Við vitum ekki enn að við eigum í raun auðlind í hraunum og söndum, sléttum og vinjum og urðum og ám og afskekktum, sæbröttum ströndum.

Því guð okkur gaf gnægð sinni af í sérhverri sveit sælunnar reit.

Í ísaldarfrosti var fjallanna dís fjötruð í jökulsins skalla, uns Herðubreið þrýsti sér upp gegnum ís, öskunni spjó og lét falla. Er frerinn var horfinn var frægð hennar vís; – svo frábær er sköpunin snjalla. Dyrleg á sléttunni draumfögur rís drottning íslenskra fjalla.

Að sjá svona tind speglast í lind og blómskrúðið bjart við brunahraun svart!

Beygðir í duftið dauðlegir menn dómsorði skaparans hlíta. Framliðnar sálir við Öskjuvatn enn sig ekki frá gróf sinni slíta. Tunglfarar upplífa ósköpin tvenn;

eldstöð og skaflana hvíta. Alvaldsins sköpun og eyðingu í senn í Öskju þeir gerst mega líta.

Höll íss og eims. Upphaf vors heims. Djúp dularmögn. Dauði og þögn.

Endalaus teygir sig auðnin, svo við; ögrun við tækniheim mannsins. Kaga við jökul með kraumandi hlið Kverkfjöll í hillungum sandsins. Ísbreiðan heyr þar sitt eilífa stríð við eldsmiðju darraðardansins. Drottandi gnæfa þau, dæmalaus

smíð,

djásnið í kórónu landsins.

Seytlar í sál seiðandi mál: Fjallanna firrð, friður og kyrrð.

Í Gjástykki aðskiljast álfurnar tvær. Við Heklu' er sem himinninn bláni. Í Kverkfjöllum glóðvolg á íshellinn

þvær.

Í Öskju er jarðneskur máni. Ísland er dýrgripur alls mannkynsins, sem okkur er fenginn að láni. Við eigum að vernda og elska það land, svo enginn það niði né smáni.

Seytlar í sál seiðandi mál: Fjallanna firrð, friður og kyrrð, íshvelið hátt, heiðloftið blátt, fegurðin ein, eilíf og hrein.

(Ómar Ragnarsson)

gnæfa Kverkfjöll, sem Sigurður Þórarinsson taldi vera einstæðasta fyrirbæri landsins. Þar eru tvö lón efst og hefur verið hægt að vaða við strönd annars þeirra innan um sjóðandi hveraaugu og fljótandi ísmulning. Hitt lónið er í svonefndum Efri-Hveradal, sem er með sjóðandi hver í samspiли við ísmýndanir. Austan í fjöllumum í afar litfögru gili, Hveragili, rennur 37 stiga heitur lækur, og hægt er að síga

niður tveggja mannhæða háan foss þar á sundskýlu einni klæða. Undir skriðjöklinum Kverkfjökl, sem fellur niður í gegnum hið hrikalega hamraskarð sem Kverkfjöll draga nafn af, eru miklir gufufylltir íshellar, og undir jökulinn fellur hin heita á Volga í íshelli, sem hægt er að fara inn í neðan frá þegar skilyrði eru heppileg, til að baða sig í ánni og fara í kalda sturtu leysingavatns ofan af jöklinum, sem fellur niður í gegnum lóðrétt kringlótt op á jöklinum.

» Í ljóðinu er farið í flugferð upp með Jökulsá á Fjöllum og lent á nokkrum stöðum.

Ef Vatnajökull er kóróna landsins eru Kverkfjöll djásnið í þeirri kórónu. Í lok ljóðsins eru gildi og verðmæti Íslands skoðuð, og það er í anda sífbreytileika íslenskrar náttúru, að eftir að lagið var frumflutt árið 2000 hefur orðið að breyta einni setningu ljóðsins. Um það leyti sem lagið var flutt var það almennt haft á orði, að á Þingvöllum væru flekaskil meginlandanna. Austurbrún Ameríkuþekans væri á vesturbrún Almannagjár, en þar fyrir austan væri Evrópuþekinn. Þegar Jim Rogers fór í fræga hnattferð á bíl sínum á fyrsta degi nýs árþúsunds hóf hann því ferðina með því að aka til austurs yfir Almannagjá. Hið rétta í málinu er hins vegar, að Evrópuþekinn nær ekki lengra í vestur en að Þjórsá og nær alls ekki vestur að Þingvöllum. Á milli eldvirka svæðisins austan Þjórsár og Almannagjár er eins konar hlutlaus fleki, stundum nefndur Hreppaflekinn. Þegar þessi staðreynd komst í hámail var því bæði skylt og ljúft að breyta ljóðinu og setja Gjástykki inn í staðinn fyrir Þingvelli. En Gjástykki er einmitt á leið ljóðsins frá Óxarfirði upp til Vatnajökuls og hvergi á jörðinni sjást flekaskilin betur en þar, því að til eru vitnisburðir og myndir af því frá haustinu 1984 hvernig gjá skapast þegar jörð rifnar, flekar meginlandanna færast hvor frá öðrum og bráðið eldrautt hraun, hið nýja Ísland, vellur upp og breiðir úr sér, fellur jafnvel aftur niður í nýju gjána á einstaka stað. Í vandaðri erlendri bók um helstu undur veraldar eru þessi upphafsorð í umsógninni um Ísland: „Ísland er land, sem er engu öðru líkt.“ Ekkert annað undur veraldar fær slíka umsögn í þessari bók, og í lokaerindi ljóðsins „Kóróna landsins“ er reynt að fanga þessa hugsun nánar. Höfundur er áttatíu og fimm ára í dag.

Sigurbjörg Björnsdóttir

† Sigurbjörg Björnsdóttir fæddist 11. ágúst 1935 á Bæ á Selströnd í Kald-rananeshreppi í Strandasýslu. Hún lést 7. september 2025.

Foreldrar hennar voru hjónin Sigrún E. Björnsdóttir, f. 28. febrúar 1899 á Sandá í Svarfaðardal, d. 13. desember 1983 á Akranesi, og Björn Guðmundsson, f. 25. september 1903 á Drangnesi, d. 27. janúar 1980 á Akranesi.

Systkini Sigurbjargar voru: Sigurbjörn f. 15. júní 1925, d. 27. maí 1935 af slysförum; Ragnheiður Guðmunda, f. 3. september 1926, d. 27. ágúst 2010; Lúðvík f. 26. október 1928, d. 8. nóvember 2016; Fanney, f. 2. ágúst 1930, d. 22. ágúst 2022; Vigdís, f. 11. mars 1932, d. 19. nóvember 2021; og Björgvín Reynir, f. 18. október 1940, d. 8. janúar 2018.



Sigurbjörg giftist Jóni Sturlusyni raf-virkjameistara frá Suðureyri við Súgandafjörð þann 6. nóvember 1954. Jón fæddist 21. október 1932 og lést 27. september 2021. Börn Sigurbjargar og Jóns eru þrjú: 1)

Svanhildur, f. 4.3. 1955, eiginmaður hennar var Sigurvin Bjarnason, f. 22.7. 1955, d. 27.7. 2019. Börn þeirra eru Jón Þór, Berglind Ólöf og Kristín Björg. Svanhildur á átta barnabörn. 2) Eyrún, f. 27.4. 1960, eiginmaður hennar er Kristján Jóhannesson, f. 4.10. 1957. Börn þeirra eru Ásbjörg Elín, Signý Rut, Sigurbjörg María og Jóhannes Karl. 3) Sturla, f. 4.5. 1965, hann á tvo syni, Jón Braga og Anton Leví.

Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju í dag, 16. september 2025, og hefst athöfnin klukkan 13.

Billa amma var yndisleg. Hún var hæglat, jákvæð og hlý. Við barnabörnin eigum ótalmargar góðar minningar af henni og afa. Pau héldu skemmtileg matarboð enda voru þau höfðingjar heim að sækja. Það var fátt betra en að koma inn á hlýja heimilið þeirra og spjalla saman. Billa amma gladdist mikið yfir barnabarnabörnunum, sem voru hæstánægð með langömmu sem átti alltaf eitt-hvað góðgæti að bjóða upp á. Ömmu var margt til lista lagt. Hún var hæfileikarík þrónakona og þrjónaði fallegar flikur á barnabörnin og barnabarnabörnin sín. Ömmu ullarsokkar og vettlingar voru í miklu uppáhaldi. Hún saumaði einnig margt falllegt, bæði harðangur, klausturssaum og útsaumsmýndir.

Amma var líka snillingur í bakstri. Hún bakaði bestu randalín í heimi og eftirminni-legar kleinur og ömmusnúða. Um jólin buðu hún og afi í

hangikjöt og uppstúf og heitt súkkulaði á milli jóla og nýárs sem allir voru hæstánægðir með.

Það var alltaf tekið vel á móti okkur hjá ömmu og afa og við áttum góðar samverustundir með þeim. Amma spilaði á gítar og við sungum Blátt lítið blóm eitt er og Vertu sæl mey. Við hlustuðum á Dýrin í Hálsaskógi á stóra plötuspilaranum og hún kenndi okkur að spila kasínú og olsen olsen. Molabækurnar voru í miklu uppáhaldi og voru lesnar aftur og aftur. Ekki má gleyma öllum skiptunum sem við fórum saman í berjamó og gerðum bæði saft og sultur.

Við eigum margar góðar minningar af Billu ömmu. Hennar verður sárt saknað. Blessuð sé minning þín, elsku amma.

Jón Þór Sigurvinsson, Berglind Ólöf Sigurvinsdóttir og Kristín Björg Sigurvinsdóttir.

Guðrún Bryndís Jónsdóttir

† Guðrún Bryndís Jónsdóttir fæddist á Brjánsstöðum í Grímsnesi 9. mars 1929 og ólst þar upp. Hún lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 4. september 2025.

Foreldrar Bryndísar voru Jón Þorkelsson, f. 12.5. 1898, d. 18.5. 1962, og Guðrún Jóhannesdóttir, f. 11.9. 1900, d. 10.1. 1975. Systkini Bryndísar voru Hjörtur, f. 1.3. 1926, d. 4.7. 2005, og Halldóra, f. 2.11. 1930, d. 8.10. 2012.

Bryndís giftist Indriða Jónssyni málara, f. 29.7. 1919, d. 2.10. 1981, frá Pangskála í Skagafirði, þann 21.5. 1949. Foreldrar hans voru Jón Sveinsson og María Sveinsdóttir. Bryndís og Indriði eignuðust fjögur börn: 1) Erla María, f. 30.8. 1949,



maki Einar Haukur Benjamínsson, f. 29.8. 1948. Börn þeirra eru Bryndís og Bjarki. Sonur Erlu og Þórarins Tyrfingssonar og fóstursonur Einars er Birgir. Barnabörnin eru sjö. 2) Jón Birgir, f. 22.11. 1950, maki Guðrún Gísladóttir, f. 26.5. 1960. Dóttir Jóns og Jennýjar Matthíasdóttur er Anna Margrét, hennar börn eru tvö. Dóttir Guðrúnar og stjúp dóttir Jóns er Una Baldvinsdóttir, hún á eina dóttur. 3) Guðbjörg Ásta, f. 7.1. 1954, maki Þorbjörn Guðmundsson, f. 28.3. 1954. Börn þeirra eru Ingvar, Svanhildur og Guðrún María. Barnabörnin eru sex. 4) Gunnar Hjörtur, f. 17.9. 1955, d. 2.11. 1979. Dóttir Gunnars og Esterar Antonsdóttur er Thelma, hún á tvær

systkinin í sveitinni að hjálpa til við sauðburð og heyskap og á haustin vann hún í sláturhúsinu. Mamma var mikil búkona, tók alltaf slátur og sultaði, bakaði brauð og bakkelsi og henti aldrei mat. Hún var mikil hannbörn í sveitinni og var þá gengið á milli bæja. Á sumrin var mikið um að vera í heyskapnum og mikill mannskapur eins og var á þeim tíma, enda mamma alin upp við mikla vinnusemi. 16 ára fór hún svo í Húsmæðraskólann á Laugarvatni.

Hún var sú eina af þremur systkinum sem hleypti heimdraganum og flutti í bæinn. Indriða, og bjuggu þau fyrsta árið á Sólvallagötu og síðan á Melhaga. Okkur fjögur systkinin eignuðust þau á sex árum. Þegar ég var 10 ára keyptu þau svo fohkelda íbúð í Álfrheimum. Þar voru okkar uppvaxtarár. Pabbi las fyrir okkur systkinin og lét okkur læra og mamma var umhyggjusöm og hugsaði vel um heimilið. Þegar við komum heim úr skólanum þá var alltaf tilbúinn matur.

Öll sumur var hún með okkur til við sauðburð og heyskap og á haustin vann hún í sláturhúsinu. Mamma var mikil búkona, tók alltaf slátur og sultaði, bakaði brauð og bakkelsi og henti aldrei mat. Hún var mikil hannbörn í sveitinni og var þá gengið á milli bæja. Á sumrin var mikið um að vera í heyskapnum og mikill mannskapur eins og var á þeim tíma, enda mamma alin upp við mikla vinnusemi. 16 ára fór hún svo í Húsmæðraskólann á Laugarvatni.

Hún var sú eina af þremur systkinum sem hleypti heimdraganum og flutti í bæinn. Indriða, og bjuggu þau fyrsta árið á Sólvallagötu og síðan á Melhaga. Okkur fjögur systkinin eignuðust þau á sex árum. Þegar ég var 10 ára keyptu þau svo fohkelda íbúð í Álfrheimum. Þar voru okkar uppvaxtarár. Pabbi las fyrir okkur systkinin og lét okkur læra og mamma var umhyggjusöm og hugsaði vel um heimilið. Þegar við komum heim úr skólanum þá var alltaf tilbúinn matur.

Öll sumur var hún með okkur

Jóhanna Dýrleif Skaftadóttir

† Jóhanna Dýrleif Skaftadóttir fæddist 16. júlí 1933 á Siglufirði. Hún lést á hjúkrunarheimilinu Skjólí 8. september 2025.

Foreldrar hennar voru Helga Sigurlína Jónsdóttir húsfreyja, f. 16.10. 1895, d. 11.6. 1988, og Skafti Stefáns-son útgerðarmaður frá Nöf, Siglufirði, f. 6.3. 1894, d. 27.7. 1979. Hún var yngst fjögurra systkina: Jón, f. 25.11. 1926, d. 3.6. 2016, Stefán, f. 18.2. 1928, d. 9.4. 2015, og Gunnlaugur Tryggvi, f. 23.9. 1930.

Hún var stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri, 1954, nam forspjallsvísindi í



Heimspékideild HÍ 1954-1955, cand.phil. 1955. Stundaði nám í frönsku og frönskum bókmenntum í Université de Paris Sorbonne og L'Université Paul Valéry de Montpellier 1956-1957 og aftur sumarið 1974. Útskrifaðist með BA-gráðu í bókasafnsfræði og frönsku frá HÍ 1982.

Hún vann sem bankaritari í Útvegsbanka Íslands 1957-1963, var umboðsmaður Samvinnutrygginga í Kópavogi 1969-1980. Skólabókavörður í Laugalækjarskóla 1980-1982, forstöðumaður Bókasafns Hjúkrunar-skóla Íslands 1982-

Mamma er fallin frá eftir erfiða baráttu við alzheimer sl. 10 ár. Líklegast var sjúkdómurinn fariinn að herja á hana mun fyrir en við gerðum okkur grein fyrir og síðustu ár voru henni erfið.

Hún átti gleðiríka æsku með bræðrum sínum á Sigló og naut þeirrar gæfu að eiga foreldra sem á þeim tíma töldu það hinn eðlilegasta hlut að hún nyti

sömu tækifæra til menntunar og bræður hennar, nokkuð sem ekki þótti sjálfsagt á þeim tíma. Hún var mikil íþróttakona og þótti glæsileg strax frá fyrstu tíð, vinnmörg og vinsæl meðal bæði skólafélaga og síðar samstarfsfólks. Ævintýraþráin bar hana út fyrir landsteinana eftir námið í MA, meðal annars til Karlsruhe, síðar til Oxford og

dætur og eitt barnabarn. Sonur Gunnars og Dagbjartar Helgadóttur er Ragnar Karel, hann á þrjár dætur.

Fyrir átti Indriði tvö börn. Pau eru Alda, f. 22.3. 1946, og Pétur, f. 20.4. 1947.

Samhýlismaður Bryndísar í 30 ár var Karl Finnbogason, matreiðslumaður úr Hafnarfirði, f. 25.9. 1931, d. 27.12. 2023. Eiginkona hans var Anna Ída Nikulásdóttir, sem lést 5.4. 1990. Börn þeirra eru Elísabet og Magnús.

Bryndís fór í Húsmæðraskólann á Laugarvatni. Á sínum yngri árum vann hún í nokkur ár hjá Saumastofunni Dúk og síðan í fiski hjá Hraðfrystistöðinni. Auk þess vann hún á haustin í sláturhúsinu á Minni-Borg í mörg ár. Um fertugt fór hún að vinna í Hampiðjunni og var fljótlega gerð að verkstjóra. Um tíma var hún send til Portúgals á vegum Hampiðjunnar til að kenna þarlandum á vélar. Hún vann hjá Hampiðjunni til 67 ára aldurs.

Útför hennar fer fram í Bústaðakirkju í dag, 16. september 2025, klukkan 13.

Eftir makamissi fyrir rúmunum 30 árum hittust mamma og Karl Finnbogason á Hótel Sögu og hófu fljótt sambúð. Pau þekktust frá fyrri tíð, en Kalli hafði verið í sveit hjá foreldrum mömmu. Kalli lést árið 2023. Hann hafði frumkvæði að því að keyptur var alvörubústaður og eftir að þau hættu að vinna dvöldu þau öll sumur þar. Mamma í gróðrinum og Kalli að dytta að og mála.

Síðastliðin sjö ár höfum við Einar líka dvalið sumarlangt í okkar bústað í túnfætinum hjá þeim. Var þá hist daglega og farið í kaffi eða mat á milli húsa. Í mörg ár buðum við Einar mömmu og Kalla í dagsferð um Suðurland með kaffi á brúsa og meðlæti og enduðum svo daginn á veitingastað.

Ekki má gleyma að í 17 ár fórum við mæðgurnar, mamma, Ásta og ég, til Glasgow á haustin. Við nutum þess að vera saman, kaupa jólagjafir og fara á kaffihús.

Elsku mamma, það verður tómurúm í lífi okkar og ég mun sakna þín óendanlega mikið, en ég veit að það verður tekið vel á móti þér.

Guð veri með þér elsku mamma.

Þín dóttir,

Erla.

Þá er amma mín eða „Langa“ komin í sveitina í sumarlandinu. Ætli hún sé komin aftur í gamla hjólhýsið sitt með appelsínugulu sófapullunum og olíuofninum? Hún er pottþétt farin að planta trjám, setja niður kartöflur, þrjóna lopapeysur og steikja kleinur. Hún er að minnsta kosti í skvísufötum og með skærbleikan varalit.

„Þú ert eins og Eyvíkurfólkið“, sagði hún alltaf við mig þegar hún kvaddi.

Sjáumst í sveitinni elsku amma.

Þín

Bryndís.

Amma okkar allra besta kvaddi á dögunum, 96 ára gömul. Hún var alltaf mesta skvísan – hómoristi með smitandi hlátur og aldrei til í neitt „kellingalegt“. Þegar kom að jólagjöfunum keyptum við handa henni það sem okkur sjálfum langaði í, því hún vildi fylgja tímanum. Kaffibollinn með ömmu var alltaf kaffi með sykri, hlýju og góðu spjalli.

Amma var líka snillingur í handavinnu; lopapeysurnar hennar og jólasokkarnir voru dýrgripir sem við vorum heppin að fá. Við eigum líka ómetanlegar minningar frá sveitinni í hjólhýsinu og seinna í sumarbústaðnum og í Gautlandi – staðir sem hún gerði sérstaka.

Margar góðar minningar eigum við úr sveitinni með ömmu á sumrin. Amma bauð okkur oft peninga til að kaupa „namm“ og þá löbbuðum við krakkarnir á Minni Borg.

Langömmubörnin eiga einnig ljúfar minningar um langömmu og langömmufang þegar þau komu í heimsókn í Gautlandið. Hjá ömmu var líka alltaf boðið upp á heimabakaðar flatkókur, kleinur og hjónabandsssælu. Enginn fór svangur heim frá ömmu.

Við kveðjum hana með söknuði og þakklæti fyrir allar góðu stundirnar, hláturinn og allar hlýju minningarnar sem hún gaf okkur.

Guðrún María,

Svanhildur og Ingvar.

á fjölskyldumótum, okkur hinum til gleði og ánægju.

Ég vissi mjög snemma að hún var óhefðbundin mamma því hún var óhrædd við að vera hún sjálf og skeyta litlu um hvað aðrir hugsuðu. Hún veitti mér frelsi og traust frá fyrstu tíð til að vaxa og þroskast og verða að þeirri persónu sem ég síðar varð en minnti á að frelsi og traust koma með ábyrgð.

Hvatning til að takast á við ólíka hluti og stuðningur við þær ákvarðanir sem ég tók var alltaf fyrir hendi og þótt stundum væri hún ekki sammála mér þá virti hún það og stuðningurinn var ómetanlegur. Mamma smitaði mig af lönguninni til að ferðast, kynnaast menningu og list annarra þjóða og njóta þess sem lífið hafði upp á að bjóða, og nýta þá reynslu til að þroskast sem manneskja. Hún var frábær amma og ómetanlegur hluti af uppeldi Írisar minnar. Samband þeirra einkenndist af gleði, hómor og virðingu og þegar Íris kynnti Antoine sinn fyrir henni þá kom Parísardaman í ljós og frönskukunnáttan fékk að njóta sín.

Ég vel að minnast hennar eins og hún var áður en þessi lúmski þjófur alzheimer mætti og rændi hana minningunum og lífinu.

Mamma trúði á framhaldslíf og það er gott að vita til þess að hinum megin tekur góður hópur á móti henni fagnandi.

Hvíl í friði, elsku mamma.

Sigurveig.

†

Elskulegur bróðir okkar og frændi,

GÍSLI PÁLSSON,
Skúlagötu 20, Reykjavík,

lést á Landspítalanum, deild 12E, þriðjudaginn 9. september. Hann verður jarðsunninn frá Háteigskirkju fimmtudaginn 18. september klukkan 13. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög. Fyrir hönd fjölskyldu og vina,

Hildur J. Pálsdóttir
Katrín Pálsdóttir
Ingibjörg Pálsdóttir
Birna Pálsdóttir



†

Elsku mamma, tengdamamma og amma,

HALLDÓRA BJÖRK BERGMANN,

lést sunnudaginn 7. september á líknardeild Landspítalans. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 22. september klukkan 13.

Freyr Ævarsson Kirsten Simonsen
Solveig Simonsen Freysdóttir
Ask Simonsen Freyssson
Dórothea Ævarsdóttir
Ísabel Pétursdóttir
Patrik Thor Pétursson
Briet Pétursdóttir
Hlín Pétursdóttir



Hólmfríður Kristín Guðjónsdóttir

† Hólmfríður Kristín Guðjónsdóttir fæddist í Reykjavík 31. ágúst 1939. Hún lést á Droplaugarstöðum 8. september 2025. Foreldrar hennar voru Kristín Halldórsdóttir frá Magnússkógum í Dalasýslu, f. 1901, d. 1995, og Guðjón



Alexíus Kristjánsson frá Bolungarvík, f. 1897, d. 1967. Bróðir hennar var Ingvi Guðjónsson, f. 1937, d. 2006. Systur Hólmfríðar voru Lovísa Ósk, f. 1941, d. 1943, og Katrín María, f. 1941, d. 1943. Hólmfríður giftist Böðvari Haltýssyni 10. október 1959. Börn þeirra eru: 1) Sigríður, f. 1959. Börn hennar eru a) Hólmfríður Kristín Haraldsdóttir, f. 1980, hennar sonur er Axel Thor Dandanel, f. 2017. 2) Böðvar Haraldsson, f.

1983 giftur Carina Ringgaard, f. 1982, börn þeirra eru Laura, f. 2006, og Alma f. 2009. 2) Guðjón, f. 1963. Synir hans eru a) Konráð, f. 1988, giftur Tinnu Íse-barn, f. 1988, synir þeirra eru Ottó, f. 2019, og Óðinn, f. 2022, b) Tómas, f. 1995, í sambúð með Katrínu Ástu Jóhannsdóttur, f. 1995. Sonur þeirra er Matthías Páll, f. 2023, c) Böðvar Ingvi, f. 2007. 3) Jensína Kristín, f. 1969. Dætur hennar eru a) Katarína Sif Kjartansdóttir, f. 1994, gift Guðmari Bjarti Eliassyni, f. 1994, og b) Hólmfríður Kristín Jacobsen, f. 2003. Hólmfríður Kristín, sem kölluð var Fríða, lauk námi í Austurbæjarskóla og hélt í kjölfarið í Húsmeðraskólann á Laugarvatni þar sem

Jensína móðursystir hennar var skólastjóri. Hún fór í framahaldinu í Húsmeðra-skóla í Danmörku. Þegar Fríða var í Austurbæjarskóla söng hún með útvarpskórnum. Þær skólasystur úr Húsmeðraskól-anum voru duglegar að halda hópinn og hittust í fjölda ára. Þegar Húsmeðraskólanum var slitið á vorin vann hún á sýslunefndarfundum, sem haldnir voru árlega, og eftir það rak hún gistingu þar til skólinn byrjaði aftur á haustin. Að námi loknu og eftir að börnin voru komin á legg hóf hún störf hjá Snorra móður-bróður sínum í Húsasmíðjunni árið 1973 og var þar gjaldkeri og bókari til ársins 2008. Fríða og Böðvar voru dugleg að fara með vinafólki í skíða-, veiði- og útileguferðir. Böðvar var í Lions og Karlakór Reykja-víkur og starfaði Fríða í mörg ár með kvenfélagi kórsins. Þau fóru í fjölda ferða, bæði innan-lands og erlendis, með þessum félagsskap. Fríða verður jarðsungin frá Langholtskirkju í dag, 16. sept-ember 2025, og hefst athöfnin klukkan 11.

var. Annars vegar að hún var stemningskona. Það var alltaf stutt í léttleikann og grínið á milli þess sem hún hélt veislur sem myndu sæma kóngafólki. Hún var alltaf tilbúin í ævintýri, prófa eitthvað nýtt og njóta alls þess sem lífið hefur upp á að bjóða – eins og að nýta hvert tækifæri til að dansa. Hins vegar að hún sýndi öllu fólkinu sínu brennandi áhuga. Þó að ég hafi alist upp hinum megin á landinu var amma einstaklega dugleg að hringja og spyrja fréttu. Hún og afi nýttu öll tækifæri til að fara með okkur barnabörnin í alls kyns ævintýri og á ég þeim mikið að þakka að hafa snemma lært að njóta þess sem náttúran hefur upp á að bjóða. Það er ólýsanlega sárt að kveðja svona hlýja, skemmtilega og stuðningsríka manneskju sem hefur alltaf verið stór partur af lífi mínu. Jafnvel þótt ég væri orðinn fullorðinn maður í há-skóla og amma komin af léttasta skeiðinu var ofuramman, sem hún alltaf var, laufflétt. Þau afi buðu mér að lágmarki viku-lega í mat og í hvert einasta skipti bað amma mig að koma með þvott svo hún gæti þvegið fyrir mig. Þegar ég mætti tóm-hentur í Melalind fékk ég iðulega athugasemd í smá hneykslunar-tón, en því fylgdi alltaf ofurlítið glott. Amma vildi allt gera til að hjálpa fólkinu sínu og alltaf með bros á vör.

Elsku amma. Takk fyrir allt – allar gæðastundirnar, allan stuðninginn, alla hjálpina og allt sem þú kenndir mér um lífið. Ég mun sakna þín en ég vona og trúi að þú hafir fundið frið og vakir yfir okkur á góðum stað. Í dag fæ ég mér Cocoa Puffs í morgun-mat, eins og í Búlandi, og skála þér til heiðurs.

Konráð Guðjónsson.

Elskulega amma mín, ég er svo ótrúlega þakklát og rík fyrir að hafa átt þig að.

Þegar ég horfi til baka til minn-ar barnæsku þá er erfitt að horfa fram hjá öllum stundunum sem þú sóttir mig í frístund, fyrst með mig heim í Búland þar sem þú gafst mér allt sem ég vildi, dekraðir við mig og leyfðir mér að horfa á teiknimyndir enda-laust.

Þú varst og verður ein af mínum fyrirmyndum í lífinu. Við vörðum svo miklum tíma saman þegar ég var lítil og ég verð þér ævinlega þakklát fyrir að hafa gefið mér bestu ömmu í heimi. Betri og hlýrri konu er erfitt að finna og þú skilur eftir þig risa spor fyrir okkur að fylla. Þú varst algjör kjarnakona og kenndir mér að vera alltaf með snýtibréf í veskinu. Þið afi ferðuðust út um allan heim og þau ævintýri og ferða-lög gerði þig bara að betri ömmu með betri sögur. Ég mun líka aldrei gleyma ferðinni okkar þegar þið afi tókuð mig og Tómas þegar við vorum lítil með til Danmerkur þar sem við fórum í Tivoli og ferðuðumst um. Ég mun líka búa að bústaðarferðun-um og öllum útilegunum okkar allt mitt líf.

Núna er þinni þrautagöngu lokið og ég veit að þú ert á betri stað.

Þar til næst. Þín

Katarína.

Að eiga stóran frændgarð er ómetanlegur auður. Við Fríða, sem ég minnst hér, vorum systkinadætur. Hún var 10 árum eldri og sagðist hafa tekið á móti mér þegar ég fæddist. Það má til sanns vegar færa því að þær mæðgur, Kristín og Fríða, voru í Magnússkógum um réttirnar haustið 1949 þegar frumburður foreldra minna fæddist. Ég held að henni hafi alltaf fundist hún bera einhverja ábyrgð á mér því ávallt reyndist hún mér sem besta vinkona, ráðholl og um-hyggsöm.

Fríða var mjög falleg kona, glaðlynd, skemmtileg og dug-leg. Hún var glæsilega til fara, með hárið lagt, fallega máluð og neglurnar lakkaðar. Matreiðsla og bakstur lék í höndum hennar, enda húsmeðraskólagengin frá Laugarvatni þar sem Jensína, föðursystir okkar, réði ríkjum. Dvölin á Laugarvatni reyndist henni órlagarík. Þar kynntist hún Böðvari, eiginmanni sínum, sem hún var alltaf mjög hrifin af. Hún gaf mér ungru mynd af Böðvari og sagði mér að hafa hann til fyrirmyndar í makavali mínu. Þegar veikindin voru far-in að ræna Fríðu mína minninu síðustu árin sagði hún stundum við mig að strákurinn hefði komið til sín. Þar átti hún auðvitað við Böðvar sinn sem heimsótti hana daglega á hjúkrunarheimilið.

Fríða og Böðvar áttu langa og viðburðaríka samleið. Þau ferðuðust mikið út um allan heim og þá sérstaklega með Karlakór Reykjavíkur. Fríða studdi mann sinn með ráðum og dád í starfi hans með karlakórnum. Gest-risnin var mikil og veislurnar margar sem Fríða stóð fyrir á heimili þeirra.

Umhyggja Fríðu fyrir sínu fólki var einstök. Þess nutu börnin hennar og barnabörnin, einnig

móðir hennar og Jensína móð-ursystir til æviloka. Fríða var heimavinnandi húsmóðir meðan börnin voru ung en fór svo að vinna skrifstofustörf í Húsasmíð-unni og naut sín þar vel.

Afkomendur ömmu okkar og afa í Magnússkógum eru nú á fjórða hundrað manns. Við vor-um báðar áhugasamar um þetta frændfólk okkar og stóðum, ásamt fleirum, fyrir tveimur fjöl-mennum ættarmótum. Jensína frænka okkar tók saman ættar-skrá sem er mikil og góð heim-ild. Þar sagði hún m.a. um Fríðu: „Mjög félagslynd og veisluglööð og frumkvöðull ættarmóta fjöl-skyldunnar.“

Ég er þakklát fyrir að hafa átt þessa yndislegu frænku og vin-konu og votta aðstandendum hennar samúð mína. Guð geymi Fríðu mína.

Ingibjörg S. Guðmundsdóttir.

Hún situr við stofugluggann. Uppabúin í björtum fötum með fallegan rauðan varalit. Brosið nær til augnanna og sólin skín. Böðvar er ekki langt undan og Jensína vinkona okkar flögrar um heimilið. Íslenski fáninn blaktir við hún. Gleðin fer ekki fram hjá neinum.

Þessi mynd kemur upp í hug-ann þegar komið er að kveðju-stund. Fríða mamma hennar Jensínu vinkonu okkar er öll en skilur eftir sig ótal bjartar og fallegar minningar. Hún var einstök kona og við heppnar, og þakklátar, fyrir að hafa fengið að kynnst henni og fjölskyldunni hennar.

Fríða var mikil fjölskyldukona, alla tíð þátttakandi í lífi fólksins síns. Þau hjónin, Fríða og Böð-var, gjarnan nefnd í sömu andrá enda samhent í meira lagi. Það leyndi sér ekki gleðin þegar bíll afa og ömmu renndi í hlaðið á

Sunnuveginum. Út skottuðust, ýmist önnur eða báðar, dæturnar á heimilinu. Taska með í för og ferðinni heitið með ömmu og afa á Laugarvatn. Sælureitur fjöl-skyldunnar og amma Fríða bestí félagsskapurinn.

Það er ekki sjálfgefið að eign-ast vináttu nágranna sinna; kynnast foreldrum þeirra og fá að vera þátttakandi í stórum og litlum stundum í lífi þeirra. Við kveðjum Fríðu með þakklæti og varðveitum myndina af henni.

Böðvari, Jensínu vinkonu okk-ar og fjölskyldunni allri vottum við innilega samúð.

Kristín Ragnarsdóttir og María Solveig Héðinsdóttir.

Við fráfall Fríðu, okkar góðu vinkonu, streyma gegnum hug-ann allar góðu minningarn-ar. Hálftrar aldar vinátta sem aldrei bar skugga á. Kynni okkar hófust þegar Böðvar, eiginmaður Fríðu, gekk til liðs við Karlakór Reykjavíkur. Minningar um öll ferðalögin, innanlands og utan; útilegurnar og alls kyns skemmt-anir renna ljúflega gegnum hug-ann. Fríða, hvers manns hugljúfi; kát, tillögugóð og alltaf til í að eiga góðar stundir saman. Með þessum fátæklegu línun viljum við þakka fyrir allar þær yndis-legu stundir sem við áttum saman, um leið og við sendum vini okkar Böðvari og fjölskyldu hugheilar samúðarkveðjur.

Svo breyta bylgjurnar stefnu, þær brotna til nýrra stranda. Með farmönnum heim er haldið um höfin til fegri landa. Og staðnæmst við frelsarans fótskör,

í fjarska þar eilíff vakir. En skapadóminn við skiljum öll þennan skilnað um stundarsakir. (Tómas R. Jónsson)

Kristín og Tómas.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,

GUÐJÓNÍA BJARNADÓTTIR,

lést 6. september í faðmi fjölskyldunnar. Útför hennar fer fram í Guðriðarkirkju fimmtudaginn 18. september klukkan 13.

Kristín Alfreðsdóttir Eyjólfur Bjarni Alfreðsson Alfreð Jóhannes Alfreðsson

Egill Björnsson Þóra B. Valdimarsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn

†

Ástkær eiginkona mín, móðir og tengdamóðir okkar,

GRETA JÓNSDÓTTIR, Geitlandi 8,

lést á líknardeild Landakotsspítala 2. september. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 18. september klukkan 13. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Lungnasamtökin, kt. 670697-2079, reikn. 115-15-372748.

Pétur Bjarnason Lára Pétursdóttir Lára Pétursson

Burkni Aðalsteinsson Guðbjörg Bjarnadóttir

og fjölskyldur

†

Ástkær systir og frænka,

JÓNA EGGERTSDÓTTIR félagsráðgjafi,

lést á dvalarheimilinu Brákarhlíð fimmtudaginn 11. september. Útför hennar fer fram frá Borgarneskirkju laugardaginn 20. september klukkan 15.

Guðmundur Eggertsson Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir

Heiður Hörn Hjartardóttir Eggert Sólberg Jónsson Magnús Elvar Jónsson

og fjölskyldur

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

ELÍSBET HAUKSDÓTTIR, Suðurlandsbraut 68b, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 9. september. Útför hennar fer fram frá Grensáskirkju í dag, þriðjudag 16. september, klukkan 15. Innilegar þakkir til starfsfólks á Sóltúni.

Arnór Valgeirsson Valur Arnórsson Unnur Jónsdóttir

Víktoría Várðsdóttir

Elsku hjartans mamma mín, þú ert farin og ég var búin að sætta mig við það, en ég get ekki tekist á við það í dag, og get engan veginn sætt mig við það. Ég er tóm, brotin, sár, leið og örnagna.

Í ca. þrjú og hálf t ár hefur mamma verið á Droplaugarstöð-um en síðustu tvö árin hafa verið mjög erfið. Mér hefur fundist mamma þekkja mig og hún veit alltaf ef ég er í nýjnum kjól eða með nýja tösku, hefur alveg hvatt mig til nýrra kaupa, en samtalið okkar á milli hefur verið mjög einhæft. Ég hef sagt henni að ég hafi verið að fara í vinnuna, kaupa í matinn, og frekar ein-hæfar lýsingar, ég hef aldrei sagt henni frá þeim erfiðleikum sem ég hef verið að ganga í gegnum og er mest þakklát fyrir að hún hefur verið það mikið út úr heim-inum að hún veit ekkert af þeim.

Ég veit ekki hvernig pabbi eða ég fyllum í þetta skarð, að heimsækja ekki mömmu á Drop-laugarstaði, en pabbi heimsótti hana daglega. Sannarlega hef-ur mér fundist þetta oft vera stress, alltaf að keppast við tímann, vinnu og bílataffík. Ég finn strax að ég á eftir að sakna þess að heimsækja mömmu og skammast mín fyrir að hafa látið þennan tíma stundum verið streituvaldur.

Mamma var einstök móðir í alla staði, hún var alltaf stýjandi og hvatti mig áfram að gera það sem ég vildi. Ef ég gerði mistök þá var hún fljót að gleyma því yfir einhverju góðu sem ég gerði. Ég elska allar minningarnar sem ég á með mömmu og pabba í útilegum, veiðum og skíðaferðum. Skíða-ferðirnar standa reynda upp úr; hreyfing, góður matur og vín. Við elskuðum líka að vera saman í bú-staðnum á Laugarvatni, spila og njóta. Allra best fannst okkur að fara á Jómfrúna um helgar.

Mamma var fyrirmyndaramma dætra minna, besta amma sem til er. Hún setti þær alltaf í fyrsta sæti og var alltaf tilbúin að passa dag og nótt.

Föstudaginn áður en mamma dó þá sagði hún við mig „er allt í lagi?“ Þetta var skýrasta og lengsta setning sem mamma hef-ur sagt við mig í yfir tvö ár. Ég gat með réttu, og sagði, og ætla að standa við „Það er allt saman allt í lagi“. Ég tjáði þetta með miklum handahreyfingum og ég veit að mamma meðtók þetta.

Elsku mamma mín, ég elska þig, ég er fegin hvíldinni þinni, ég mun passa pabba. Hvíl í friði. Jensína.

Elsku mamma mín, loksins fékkstu hvíldina. Búin að vera löng barátta. Fyrst varstu í

Fríðu-húsi í þrjú ár þar sem þú fékkst frábæra umönnun og forst svo á Droplaugarstaði í rúmlega þrjú ár, þar sem þú fékkst líka frábæra umönnun. Pabbi gat alltaf frætt mig um hvernig mömmu heilsaðist og það var svo gott að vita að það var hugsað vel um hana. Hann fór til hennar daglega og ef hann gat ekki farið af einhverjum ástæðum þá fékk hann einhvern annan í sinn stað.

Mamma elskaði lífið, náttúr-una, að fara í Dalasýsluna í réttir, á hestbak, fara á Laugarvatn, í útilegur og á skíði. Mamma var í saumaklúbb með þremur vinkonum og frá því ég var tíu ára fóru fjölskyldurnar á skíði saman, í veiðiferðir og í dans-skóla. Það voru keyptir tveir snjósléðar, Mjöll og Drífa, og farið var á skíði alltaf þegar veður leyfði.

Árin sem við Halli bjuggum á Íslandi með börnin lítil þá vorum við alltaf boðin í hádegismat á sunnudögum, saman með ömmu Kristínu og ömmusystur. Mamma hugsaði vel um þær, var í sambandi við ömmu Kristínu á hverjum degi og fór oft í heim-sókn og hjálpaði ömmusyst-ur. Það var sérstakt samband við Jensínu ömmusystur, enda fannst mér alltaf eins og Jensa væri þriðja amma mín þegar ég var lítil.

Þegar ég og Halli fluttum til Vejle árið 1981 þá gátu mamma, tengdamamma og Jensína systir ekki beðið með að koma í heim-sókn til að hitta Fríðu sem var eins árs. Voru það yndislegir dagar sem og í öll þau skipti sem mamma og pabbi komu í heimsókn til okkar í Danmörku. Mamma var ekki bara tengda-mamma mannsins míns held-ur kölluðu systkini hans hana „Fríðu tengdó“. Mamma var hrókur alls fagnaðar og vildu þau öll eiga eitthvað í henni.

Börnin mín komu til Íslands á sumrin og fóru með mömmu og pabba í ýmsar útilegur, í hvert sinn með Lions og Karlakórnum, það var alltaf fastur liður í þeirra sumarfríi. Einnig fóru þau með lest til Madonna til að fara með þeim á skíði. Mamma var alltaf tilbúin að hjálpa öðrum, hvort sem það var fjölskylda eða vinir, með matar- og kókugerð. Hún var snillingur í því.

Margs er að minnast, margs er að sakna, elsku mamma mín minningin um þig lifir.

Sigríður.

„Dönsuðuð þið ekki?“ Þessi þriggja orða spurning, sem ég fékk undantekningarlaust þegar amma frétti að ég hefði skellt mér út á lífið, kjarnar vel þá stór-kostlegu manneskju sem amma

Bjarni Eiríkur Sigurðsson

† Bjarni Eiríkur Sigurðsson fæddist á Seyðisfirði 27. júní 1935. Hann lést á dvalarheimilinu Kirkjuhvoli, Hvolsvelli, 6. september 2025.

Foreldrar hans voru Ingunn

Bjarnadóttir tónskáld og húsmóðir,

f. 1905, d. 1972, og Sigurður Kristmar Eiríksson, f. 1893, d. 1970. Alsystir: Margrét Sigurbjörg, látin. Hálfssystkini sammæðra: Anna Sigríður, Þórhallur, látinn, Óttar Hrafn og Hallgrímur, látinn.

Fv. eiginkona var Kristín

Björg Jónsdóttir, f. 1936, d.

2025. Synir þeirra fjórir eru:

1) Hróðmar, f. 1958, kvæntur

Brigitte Baumgartner. Synir

hans tveir: a) Hafþór Brynjar,

kvæntur Katrínu Kristjóns-

dóttur, börn þeirra: Kristjón

Máni og Karen Ellý. Dóttir

Katrínar: Lilja Sól. b) Ívar

Hólm. 2) Sigurjón, f. 1959,

kvæntur Halldóru Þorvarðar-

dóttur. Synir þeirra: a)

Þorvarður Kjerulf, kvæntur

Kristínu Lenu Þorvaldsdóttur,

synir þeirra: Óttar Kjerulf,

Kári Kjerulf og Hlynur

Kjerulf. b) Sigurjón Bjarni,

kvæntur Söru Margrétu

Ragnarsdóttir, dóttir þeirra:



Sóllilja. b) Ingunn, sambýlis- maður hennar er Magnús Filip Sævarsson, börn þeirra: Jakob Elí, Rakel Marý og dóttir Magnúsar er Friðmey Camilla. Elsta dóttir Bjarna er c) Sand- ra Rut, gift Leó Erni Ólafssyni, börn þeirra: Þórarinn Logi, Guðbjörg Hera og Matthild- ur Guðrún Hlín. 4) Daði, f. 1974, sambýliskona hans er Valborg Steingrimsdóttir, sonur þeirra: a) Unnstein, dóttir Valborgar er Þórdís. Dætur Bjarna tvær eru: 5) Arna Þöll, f. 1966, gift Baldri Þór Sigurðssyni. Synir þeirra: a) Sigurður Orri, kvæntur Erlu Ósk Guðmundsdóttur, dóttir þeirra: Söldis Ósk. b) Ívar Örn, kvæntur Telmu Rut Jónsdóttur, sonur þeirra: Baltasar Logi. c) Helgi Þór, sambýliskona er Elisabet Ásta Margrétardóttir. 6) Kristín Magnúsdóttir, f. 1955, gift Guðmundi Alfreðssyni. Börn

rétt. Hann kenndi okkur að nálg- ast þau af virðingu. Hann var sér- lega góður í að fá hrossin taumlétt – sem er góður mælikvarði á gæði hestamannsins. Þetta var ekki bara áhugamál – heldur varð ræktun, taming og þjálfun að lífsstíl sem hefur fylgt okkur eða a.m.k. eldri sonum hans alla tíð síðan.

En pabbi var fjölhæfur með eindæmum. Hann lék bæði á pí- ánó og harmonikku, og tónlistin skipaði stóran sess í lífi hans. Reyndur píanisti sagði einu sinni að hann væri meðal bestu áhugamanna í píanóleik. Kennslu- hæfileikar hans voru líka óvenju- legir; við synir hans fengum að njóta þeirra, ásamt þúsundum annarra ungmenna sem hann kenndi í myndlist, handverki, náttúrufræði og íþróttum, sem og reiðmennsku.

Hann var maður mikilla sagna og orðfimi, ræðumaður sem kunni þá list að fanga hlustend- ur með frásögunum sínum. Ljóð voru honum hjartfólgin, og átti hann óteljandi vísur á hraðbergi. Á efri árum jókst áhugi hans á Njálssögu svo mjög að hann settist niður og samdi bókina Njáluhugleiðingar. Þá ritaði hann jafnframt tvær bækur um eigið líf, Bernskubrot og Blátt áfram, sú síðari rétt ökomín út.

Lífið er þó aldrei eingöngu ljúft og auðvelt. Þó að deilur og ósætti kæmu upp á köflum slitn- aði aldrei tengingin á milli okk- ar. Með tímanum urðu skopskyn hans, vinnusemi og vilji til að lifa með gleði að brú yfir allar gjár. Þegar við litum til baka sjáum við ekki aðeins föður, heldur mann sem mótaði okkur með nærveru sinni, krafti og kímni.

þeirra: a) Magnús Vignir, kona hans er Rut Jónsdóttir, börn þeirra: Guðmundur Kristinn og Kristín. Dætur Rutar: Inga Arna, Birna og Bergþóra. b) Sigríður, gift Haraldí Óla Frið- geirssyni, börn þeirra: Rut, Friðgeir Óli og Kristinn Óli.

Bjarni ólst upp að Hóla- brekku og Kiljuholti á Mýrum í Hornafirði og síðar í Hveragerði. Hann útskrif- aðist sem garðyrkjufræðingur frá Garðyrkjuháskóla ríkisins, lauk íþrótt- og handavinnu- kennaraprófi og djáknanámi við guðfræðideild HÍ. Hann var um langt árabíl kennari í grunnskóla Hveragerðis og skólastjóri í Þorlákshöfn í átta ár. Hann var bóndi á Hvoli í Ólfusi frá, 1971-1980, þar sem hann bjó fjárbúi, stundaði hrossarékt, tamingar og rak hestaleigu. Hann var náms- og starfsráðgjafi við Árbæjar- skóla og annaðist bindindis- fræðslu á vegum Krabba- meinsfélagsins. Hann var einn af eigendum Eldhesta og stofn- aði og rak reiðskólann Þyril til margra ára. Hann fluttist að Tórfastöðum í Fljótshlí og stundaði þar hrossa- og alifuglarékt. Áhugamál hans voru allt er laut að hesta- mennsku, lék á harmonikku og píanó, sagnamaður og eldheitur Njáluáhugamaður. Eftir hann liggja þrjár bækur; Bernskubrot, Njála, persónur og leikendur og ævisaga hans, Blátt áfram, óútömin.

Útför hans fer fram frá Hveragerðiskirkju í dag, 16. september 2025, klukkan. 11.

Ég er honum þakklátur fyr- ir allt sem hann gaf: hláturinn, samveruna, verkfærin í lífinu – og ómetanlegan stuðning og kærleika. Minningin um hann lifir áfram í okkur, í hestunum, tónlistinni, starfinu, bókunum – og í gleðinni.

Megir þú hvíla í friði, kæri faðir. **Hróðmar Bjarnason.**

Bjarni Eiríkur, kallaður Baddi á yngri árum áður en hann fór að nota millinafnið, var eftirminni- legur og hæfileikaríkur maður sem fékkst við mörg störf í lífinu og kallaði ekki allt ömmu sína. Ég sá hann fyrst þegar við vor- um báðir innan við fermingu og hann dvaldist eitt ár á Höfn með móður sinni og stjúp föður. Vin- átta var með foreldrum mínum og Einholtsfólki, og faðir minn og stjúpí pi hans voru samstarfsmenn í barnaskólanum. Bjarni gerðist þá um sumarið aðstoðarmaður kúarektors í þorpinu, ekki lengi að finna sér eitthvað að gera.

Bjarni hafði kennarapróf bæði í handmenntum og íþróttum og lengi kennari og síðar skólastjóri. Á margt fleira lagði hann gjörva hönd. Hann hafði fengið tóngáfu í arf frá Ingunni móður sinni og lék af fingrum fram af næmri til- finningu. Hestamennsku stund- aði Bjarni lengi og var; að ég held, slyngur hestamaður, enda hafði hann yndi af hestunum og sam- skiptum við þá. Það hefur gengið í arf til sonanna. Samskipti okkar Bjarna voru allmikil meðan við vorum svilar, og hann fékk mig með sér í ýmislegt ferðaalandur. Á sjöunda áratugnum fórum við í ógleymanlega hálendisferð, norður Sprengisand og suður Kjöl með lítinn hóp þýskra menntaskólakennara. Bjarni reið í broddi fylkingar, stjórnaði för og annaðist hestana ásamt ungum Hreppamanni, Árna Ísleifssyni, ég rak lestina í Landrover með farangurinn og menntaskóla- þýskuna mína. Ekki auðgudumst við svilar í þeirri ferð að öðru en reynslu. Þá hljómaði ekki annað en fuglasöngur og einstaka jarm á hálendinu, hvorki heyrðum við vélarhljóð, þegar búíð var að drepa á Landrovernum, né sáum nokkra mannveru á fjöll- um. Minnisstæð er líka smala- mennska á Ingólfsfjalli alllöngu

síðar, gengið var í stóran hring í þoku og sudda með hesta í taumi, en ekki rákumst við á nokkra kind. Loks má nefna reiðtúr úr Ólfusi á hestamannamót á Hellu, með tilheyrandi rasssæri og harð- sperrum.

Bjarni var jafnan ræðinn og léttur í máli, laginn að fá sínu framgengt og ævinlega með margt á þrjónunum. Eftir síðustu aldamót, hringdi hann um skeið öðru hverju til að spjalla við mig um Njálu. Ég fann fljótt að hann hafði á takteinum nánast hvert smáatriði úr sögunni og hafði mótað sér skoðanir á persónun- um, samskiptum þeirra og hvöt- um. Oft vorum við ósamála, en hann hlustaði þolinmóður á allar mótbáru. Þó kom í ljós að hann hafði látið þær sem vind um eyru þjóta, þegar hann birti rit sitt, Njála: Persónur og leikendur, 2013. Ekki mislíkaði mér það né kom á óvart. Bjarni gerði hlutina á sinn hátt í glímunni við Njálu eins og annað. Hver sem tileinkar sér góða bók og heim hennar má skilja hana sínum skilningi og yrkja í eyðurnar, hvað sem fræðimenn tauta og raula. Síð- ustu árin voru Bjarna erfðir vegna heilsubrests, en ég efast ekki um að hann hafi verið sjálfum sér lík- ur fram í andlátíð. Sonum hans og fjölskyldum þeirra sendi ég samúðarkveðjur.

Vésteinn Ólason.

Mín fyrstu kynni af Bjarna Ei- ríki má rekja til þess tíma þegar ég 13 ára ákvað að vera hjá ömmu og afa í Ólfusi og sækja skóla í Hveragerði. Afa þótti betra að fylgja mér fyrsta daginn í skól- ann. Hann bað Bjarna sem þá kenndi við skólann að fylgjast með Stutti sínum og tók Bjarni þeirri bón vel.

Eins og oft vill verða þá er nýj- um nemendum ekki alltaf gert auðvelt að aðlagast og þarna var engin undantekning á. Stórir strákar gerðu sig breiða með þústrum og slagsmálum sem ég varð gjarnan fyrir. Það fór ekki fram hjá Bjarna. Hann kallaði mig á sinn fund eitt sinn og sagði mér að taka vel á móti þegar þeir væru með þetta vesen, en það mátti aðeins gerast þegar hann væri á frímínútnavakt. Þetta gekk eftir, ég tók vel á móti, úr urðu helj- arinnar slagsmál sem enduðu á að mér tókst að hafa einn kauð- ann undir. Þá loks kom Bjarni og skakkaði leikinn. Ég var látinn í friði eftir það og eignaðist góða vini í skólanum. Upp frá þessu var góður kunningsskapur milli Bjarna og mín.

Bjarni kenndi mér margar námsgreinar. Ein af þeim var teikning sem ég var arfaslakur í. Maður þurfti að skila ákveðið mörgum teikningum til að fá einkunn og ég gerði það skil- merkilega þrátt fyrir allt. Ein- hverju sinni þegar Bjarni var að skoða teikningarnar mínar (hann vissi að mamma var í heimsókn í sveitinni), leit hann kankvís á mig og sagði: „Mikið assgoti teiknar hún mamma þín vel!“

Síðar átti Bjarni eftir að flytja á Hvol í Ólfusi, í næsta nágreinni við Kirkjuferjuhjáleigu þar sem ég bjó. Ég hafði þá tekið við búi afa míns og ömmu. Við Bjarni áttum með sameiginlegt að hafa mikinn áhuga á rektun hrossa. Við riðum oft út saman og rifumst um hvor okkar ætti betri hrossakyn. Hann sagði að ég ræktaði indíánakyn enda mín hross gjarnan skjótt. Á hestamannamótum átti Bjarni oft verðlaunahross en einu sinni tókst mér að skjóta honum ref fyrir rass þegar merin mín varð í þriðja sæti en hans eitthvað neð- ar. Það átti ekki við minn mann en hann jafnaði sig fljótt.

Samgangur okkar í sveitinni var mikill. Fyrir utan sameig- inlegan áhuga á ræktun, bæði hrossa og fjár, þá áttum við t.d. saman bindivél. Að sjálfsögðu þurftum við að binda heyið á sama tíma en einhvern veginn tókst okkur að gera það allt í sátt

og samlyndi, sem er merkilegt því við vorum báðir miklir hugmenn þegar kom að heyskap. Í raun bar aldrei skugga á okkar vináttu þó svo að við hefðum farið í gagn- staðar áttir.

Fyrir utan að vera næstu ná- grannar þá kenndum við líka saman við Gagnfræðaskólann í Hveragerði í ein sex ár. Það var oft kátt á hjalla á kennarastof- unni, mikið rætt um hesta enda margir hestaáhugamenn meðal kennara. Þetta þótti tengdamód- ur minni lítilmótleig umræða og setti oft upp vandlætingarsvip yfir þessu blaðri okkar.

Bjarni Eiríkur var mörgum góðum kostum búinn. Hann var íþróttamaður góður en fyrst og fremst mikill og góður píanó- leikari.

Við Vera sendum afkomendum hans innilegar samúðarkveðjur.

Blessuð sé minning Bjarna Ei- ríks Sigurðssonar.

Guðjón Sigurðsson.

Bjarni Eiríkur Sigurðsson er dáinn og horfinn og í norrænni goðafræði var því trúað að hetjurnar færu í Valhö, bústað Óðins. Bjarni Eiríkur hefur lok- ið sínum bardaga hér á jörð og hefði sjálfur kosið að gleðjast með Einherjum í Valhöll. Hann var bóndi, hestamaður, kennari, sagna- og kvennamaður. Bjarni Eiríkur var Íslendingur af bestu gerð, kunni sögu lands og þjóðar. Hann var kennari og skólastjóri, hann var garðyrkjuhálagenginn frá Reykjum í Ólfusi, lærði svo til íþróttakennara. Hann nam land- búnað og liffræði í Edinborgar- háskóla. Stofnaði reiðskólann Þyril í Reykjavík og sagði að ekk- ert jafnaðist á við það að hemja eða temja ungmenni með óþol og ofvirkni eins og aginn sem ríkti í hesthúsinu og reiðhöllinni svo ekki sé talað um úti í guðsgrænni náttúrunni. „Lát hann stökka, svo draumar þíns hjarta rætist.“

Ég sem landbúnaðaráðherra byggði Bjarna Eiríki Torfastaði í Fljótshlí, þar rak hann jafnframt hrossabú og fór í reiðtúra um grundir Gunnars á Hlíðarenda. Hann kunni Njálu og skrifaði bók um hetjurnar. Það var unun að vera gestur hans á góðri stundu og njóta frásagnargleðinnar, hvert orð var meitlað og orð- kynngi og gleði ríkti á slíkum stundum. Fyrst sá ég Bjarna Eirík með leikfélagi Selfoss í hlutverki Daða í leikverkinu Skálholti í Selfossbúi 1968 og lék hann á móti Þóru Grétarsdóttur, hún var Ragnheiður biskupsdóttirin og fórst báðum einstaklega vel hlutverkið. Bjarni og kona hans Kristín Björg voru rík af sonum en yngsti drengurinn ber nafn Daða.

Bjarni stofnaði Eldhesta með sonum sínum á Völlum í Ólfusi sem er enn eitt öflugasta fyr- irtæki sem fer með ferðamenn í lengri og styttri ferðir, þar er einnig fyrirmyndar sveitahótel og hrossabúgarður. Hver sá sem varð nemandi Bjarni bæði í skóla og ekki síður í hestamennsku mat mikils kunnáttu hans og leiðsögn. Nemendum sínum var hann góð- ur lærifaðir og félagi. Hann kunni að mæta vandræðum æskuár- anna, eineltið upprætti hann í skólum sínum. Enginn skildi jafn vel og hann: „Ef inni er þröngt tak hnakk þinn og hest og hleyptu á burt undir loftsins þök.“ Bjarni var hálærður í hestamannafræð- um og gjörþekkti fjörgammsins stoltu og sterku tók. Hann var til- finningamaður, náttúruunnandi, bindindismaður og meyjaval lék stórt hlutverk í lífi hans. Hann sagði eigi að síður vinum sínum: haltu fast utan um ástina þína, í því er gæfa fólgin.

Bjarni Eiríkur var oft að afli í hugdettum sínum eins og úthafs- inlegan áhuga á ræktun, bæði hrossa og fjár, þá áttum við t.d. saman bindivél. Að sjálfsögðu þurftum við að binda heyið á sama tíma en einhvern veginn tókst okkur að gera það allt í sátt

Ég heyrði síðast í vini mínum

í kringum verkefnið Upp með Njálu og bauð honum að njóta þess að vera heiðursgestur minn í Íþróttahúsinu á Hvolsvelli og njóta þess að sjá uppfærslu Svandísar Dóru Einarsdóttur leikstjóra og leikkonu á Njáluperl- um sem 700 gestir gleyma aldrei. Hvað þá að vera á Rangárbökkum þar sem sjö þúsund gestir stóðu á öndinni og fengu græsahúð og Bergþórshvoll var reistur og fram fór Njálsbrenna og 99 reiðmenn í skikkjum fylgdu Flosa, mikil glæsireið. Bjarni Eiríkur sagði: „Nú er orðið framorðið, Guðni minn, og þar verð ég ekki. En haltu atgeirnum á lofti og lyftu Njálu upp svo almenningur fái notið þessarar einnar bestu bók- ar heimsins.“ Við kvóddumst, en lífið heldur alltaf áfram. Megi ungt fólk erfa ást Bjarna Eiríks á hestinum, sögunni og landinu okkar. Farðu vel, bróðir og vinur! Svo er Bjarna Eiríks saga.

Guðni Ágústsson.

Ertu að gera magaefingur og armbeygjur? Þessi spurning kom frá Bjarna Eiríki Sigurðs- syni fyrir nokkrum árum á að- alfundi Eldhesta þegar honum þótti ég orðinn heldur kvíðmikill. Nú þegar þessi lítríki maður er allur streyma minningarnar fram en frá því ég fyrst man eftir mér hefur Bjarni Eiríkur verið hluti af lífi mínu. Ein fyrsta minningin er þegar Baddi, eins og hann var kallaður í gamla daga, og Sverr- ir Þorsteinsson móðurbróðir minn komu við í Laugaskarði á leið sinni frá Garðyrkjuhálan- um á Reykjum. Margrét móðir mín fagnaði þeim innlega og hitaði tevatn handa þeim en á þeim tíma drakk Bjarni alls ekki kaffi, hvað þá eitthvað sterkara. Góður vinskapur var milli Bjarna og Hjartar föður míns, en þeir kenndu lengi saman við skól- ann í Hveragerði, m.a. leikfimi og sund. Það segir mikið um vinskapinn að fjölskyldur okkar komu saman á gamlárskvöld í mörg ár þar sem allir skemmtu sér konunglega. Í eftirrétt var Emmessís á boðstólum í Lauga- skarði en hjá Badda og Kiddu var alltaf Kjörís. Þessi samvera hefur örugglega styrkt vináttu okkar Hróðmars og Nonna en við höfum lengi brallað margt saman. Þar ber líklega hæst stofnun Eldhesta en fljótlega eftir að við vinirnir höfðum stofnað fyrirtækið gerðust þeir Bjarni og Daði hluthafar. Þær eru ófáar hestaferðirnar sem Bjarni fór í fyrir Eldhesta og á fyrstu árunum fórum við oft saman í þessari ferðir. Eitt augnablik frá þeim tíma er afar eftirminnilegt en þá reið Bjarni Rðöli sínum á skeiði og ég samsíða honum á yf- irferðartölti á Flaumi. Hann leit þá snöggð á mig frekar brúna- þungur yfir nálægð minni enda mikill keppnismaður.

Bjarni Eiríkur hafði meðfædda tónlistarhæfileika og spilaði djass af fingrum fram á píanó. Fertugs- afmæli mitt gleymist seint en þá spiluðum við saman á píanó og harmóníku af innlifun þjóðlagið fallaga frá Álandseyjum, „Vem kan segla förtan vind“.

Ég get á margan hátt þakkað Bjarna Eiríki það að ég hef vas- ast í hrossum allt frá barnsaldri, en þessi mikli hestamaður tamdi Eldingu mína sem veitti mér margar ánægjustundir á yngri árum. Reiðtúrar með Bjarna og sonum hans að Sogni gleymast seint en á þeim tíma var hann með hesthús í Hveragerði og úti- ganginn á Sogni. Árið 1970 fór ég svo í mína fyrstu hestaferð með Bjarna, Hróðmari, Nonna og fleira fólki frá Skógarhólum niður í Ólfus. Þá grunaði mig ekki að hestaferðir um landið þvert og endilangt ættu eftir að verða stór partur af lífshlaupi mínu sem og mikil samvera með Bjarna, Hróðmari og Nonna. Það er skrítið til þess að hugsa að þau fyrrverandi hjón, Bjarni og Kidda, sem eignuðust saman fjóra syni,



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar og afi,

STEFÁN JÓNSSON,
söngvari og söluaður,

Lést síðastiðinn þriðjudag.

Oddrún Gunnarsdóttir
Svandís Ósk Stefánsdóttir
Jafet Bergmann Viðarsson

Gunnar Bergmann Stefánsson
Ísak Bergmann Viðarsson

Elísabet Hauksdóttir

† Elísabet Hauksdóttir fæddist 12. mars 1939 í Reykjavík. Hún lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 9. september 2025.

Foreldrar hennar voru Haukur Bragi Lárusson yfirvélstjóri, f. 27.4. 1916, d. 23.4. 1975, og Edith Clausen húsmóðir, f. 7.9. 1917, d. 18.3. 2006. Bræður Elísabetar voru Karl Pétur Hauksson, f. 8.4. 1942, d. 12.9. 2015, og Haukur Lárus Hauksson, f. 28.6. 1957, d. 21.11. 2010.

Elísabet giftist Arnóri Valgeirsson, f. 9.8. 1932, þann 19. nóvember 1958. Sonur þeirra er Valur Arnórsson, f. 1958. Maki hans er Unnur Jónsdóttir, f. 1965, og dóttir þeirra er



Þau fluttu í þjónustuíbúðir aldraðra í Mörk við Suðurlandsbraut. Síðast árið dvaldi Elísabet á sjúkrahofnum og hjúkrunarheimili. Elísabet starfaði lengst af ferli sínum hjá lönfræðsluráði ríkisins og Heilsugæslunni í Reykjavík. Útför hennar fer fram frá Grensáskirkju í dag, 16. september 2025, og hefst athöfnin klukkan 15.

Ungur piltur bauð henni í dans og dansaði af mikill innlifun, hún kófsveitt í ullinni. Þau hafa dansað alla ævi síðan. Ég var nú ekkert upprifin yfir þessum manni, leist ekkert á þetta, ég væri kannski að tapa henni, og spurði hvaða krypplingur þetta væri. Seinna launaði hún mér þetta og sagði þegar ég kynntist mínum manni „naumast að hann er visinn“. Við fjögur urðum miklir vinir og höfum átt saman margar stundir. M.a. fórum við í margar næturgöngur á vorin: „Nóttlaus voralдар veröld“ eins og hún trallaði þá.

Mér auðnaðist að geta heimsoótt hana oft eftir að hún flutti í Sóltún og þar ásamt Arnóri, sem kom á hverjum degi til hennar, áttum við margar notalegar stundir, rifjuðum upp gamla daga, ég þóttist muna ýmislegt en oft leiðrétti hún rólega ruglið í mér; minnið hennar var ótrúlegt. Síðast þegar ég heimsótti hana hélt hún svo fast í höndina á mér eins og hún skynjaði að nú væri komið að endalokum.

Eitt er víst að það er vel tekið á móti henni af svo mörgum, hún hefur syrgt marga mjög nána, trygg sínum. Fór fyrir hver jól og á hverju vori hlaðin blómum í kirkjugarðinn og oft bættust fleiri og fleiri við í grafreitinn sem hún hlúði svo vel að meðan hún gat.

Samúðarkveður frá sauma-klúbbnum til fjölskyldu Elísabetar.

Hvfl í friði.
Heba Guðmundsdóttir.

Viktória Valsdóttir, f. 2002. Elísabet ólst upp á Leifsgötu 9 í Reykjavík og bjó þar uns þau Arnór hófu búskap í Bogahlíð 18, Reykjavík. Þau byggðu sér hús í Seljugerði 10, Reykjavík, og fluttu þangað 1974.

Gestur Guðmundsson

† Gestur Guðmundsson, félagsfræðingur og prófessor, fæddist í Reykjavík 28. október 1951. Hann lést 7. september 2025.

Foreldrar Gests voru Guðmundur Ingólfur Gestsson, f. 1925, d. 2001, módel-smiður og verslunarmaður, og Karólína Steinunn Halldórsdóttir, f. 1927, d. 2009, hárgreiðslumeistari og sjúkraliði. Systur Gests eru Sigrún, f. 1948, hönnuður og lektor, og Guðrún, hjúkrunarfræðingur, f. 1949.

Gestur lauk BA-prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1976, kandidatsprófi við félagsfræðideild Kaupmanna-hafnarháskóla árið 1981 og



doktorsprófi frá sama skóla árið 1991. Hann kenndi við Kaupmanna-hafnarháskóla, var lektor við Danmarks Pædagogiske Universitet og frá 2005 prófessor í félagsfræði menntunar, fyrst við Kennaraháskólann og síðar við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Auk þess kom Gestur víða við sem gestaprófessor. Gestur skilur eftir sig fjölmörg fræðirit, greinar og bækur á íslensku og öðrum tungum. Meðal þeirra er bókinn Rokksaga Íslands 1990, og fyrsta kennslubók sinnar tegundar, Félagsfræði menntunar 2008 og 2012. Gestur lét menntamál,

Mín kæra Kristín, ég sendi þér alla mína ást. Orð ná vart að lýsa því hve sárt mér þykir að þú hafir misst ástina þína, hann Gest. Ég man svo skýrt þegar ég hitti ykkur fyrst í Beirút, þegar við ferðumst saman og kynntumst landinu. Þú, hlý og opin, gast orðið vinur hvers þess sem þú ræddir við – hvort sem það var leigubílstjóri eða búðareigandi. Ö Gestur, sat í aftursætinu og deildi með okkur dýrmætri þekkingu sinni – íhugull, vitur, kærleiksrikur, hlýr og með beittan húmor.

Ég hugsaði þá – og hef hugsað oft síðan – hve ótrúlega vel þið bættuð hvort annað upp. Hve dásamlegt var að sjá þar sem hafði verið svo lengi saman og enn þar svo greinilega djúpa ást hvort til annars. Slík falleg, sönn og sterk ást er sannarlega einstök. Hún hafði djúp og varanleg áhrif á mig. Elsku Gestur: Hve lánsöm ég er að hafa átt þig, þennan einstaka mann, sem tengdaföður. Ög hvílíkt tómarúm þú skilur eftir þig. Fyrir okkur öll.

Sofie Caroline Rye Gestsson. Það virðist næstum ómögulegt verkefni að sjóða meira en 16 ár af minningum um tengdaföður minn, Gest, niður í nokkrar línur – en ég ætla að reyna. Ég mun alltaf minnast Gests og hans sposka svíps, þegar hann sá tækifæri til að vitna í Stones eða Bob Dylan. Fyrir sögurnar um 6. áratuginn og æskulífið í Kaupmannahöfn. Ég mun minnast innilegrar gleði hans þegar einhver hrósaði gúllasinu sem hann eldaði, hvernig hann brosti með öllu andlitinu – og hvernig hann lék á luftgítar þegar hann heyrdi rock'n'roll. Allra helst mun ég minnast rósemdar hans, hlýju og hæfileika til að tala um allt milli himins og jarðar. Gestur er ekki lengur hér, en hann lifir áfram í minningunni – í sögum sem ég mun segja börnum mínum og í smáum augnablikum hversdagsins, þegar ég horfi á dóttur hans, ástkæra eiginkonu mína.

Nicolai Valentin Nordstrøm. Kristín systir var á ráðstefnu Norræna samarháskólans í Nor-egi. Ég sótti hana til Keflavíkur. Það er svo langt síðan að gamli braggin var enn í notkun; hriplek en yndisleg flugstöð. Upp í bílinn steig með henni ungur, ljóshærður, fallegur strákur með djúp spyrjandi augu. Þar var kominn Gestur Guðmundsson. Ög þau voru alltaf saman eftir það – í líkama sem sál. Dásamlegt sam-band.

Þótt himinn og haf skildu okkur að næstu fjóra áratugina vorum við alltaf í sambandi. Ég heimsótti þau oft og þau mig. Það

var í þessum heimsóknum að ég skildi að djúpu spyrjandi augun drógu Gest inn í ævintýraheim akademíunnar. Ferill hans þar var líka ævintýrlegur; hvort sem það var í Danmörku, á Íslandi, í Ástralíu eða Ameríku.

Gestur Guðmundsson er vandadasta persóna sem ég hef kynnst. Hlýr, rólegur, kíminn, réttlátur og alltaf reiðubúinn til að horfa á báðar hliðar málsins. Ög þú komst aldrei að tómun kofum hjá Gest; hvort sem þar hafði verið Karþagó, Kant, Kiljan eða Kandahar.

Við Gestur munum aldrei fara í tónlistarferðina miklu í nágrenni mínu: til New Orleans, Clarksdale Mississippi, Memphis, Nashville. E.t.v. förum við í hópferð og njótum ímyndaðrar leiðsagnar þess sem þekkti og skildi tónlist betur en aðrir: Gestur Guðmundsson, hvíldu í friði vinur minn.

Magnús Ólafsson, Alabama.

Gestur frændi hefur nú kvatt þessa jarðvist. Ég var mikið hjá Kristínu og Gest; sem barn og unglingur bæði á Íslandi og í Danmörku en ég hef alltaf verið nán börnunum þeirra Önnu og Ólafi. Þau búa yfir svo miklum kærleika, greind og hnytni. Kippir í kynið.

Ég sé föður þeirra ljóslífandi fyrir mér ganga inn um dyrnar á fallgu íbúðinni þeirra á Österbrogötu með eitthvað sætt úr Emerys handa okkur, eða stilla þvottagrindinni upp í stofunni og hengja upp þvottinn með rólegri nákvæmni. Hann er í minningunni oftast djúpt hugsandi, enda vann hann heima við skrif sem ég á þeim tíma skildi lítið sem ekkert í. Ég áttaði mig ekki á því hvaða þýðingu þau höfðu haft eða myndu síðar hafa í samfélagslegu samhengi – að hann væri að leggja grunn að rannsóknum og bókum sem yrðu lykilrit um íslenskt samfélag og menningu. Fyrir mér þá var hann einfaldlega Gestur í „Gestur og Kristín“, hlýr, nærgetinn og góður.

Við Anna dóttir hans rifumst eins og hundur og köttur sem börn – á milli þess sem við gerðumst föstursystur í sérstakri athöfn, því það var ekki nóg að

dægurmenningu og æskulýðsmenningu sig mikið varða og var meðal annars einn af frumkvöðlum alþjóðlegs tímarits um æskulýðsmenningu, YOUNG, og ritstjóri þess í 15 ár.

Eftirlífandi eiginkona Gests er Kristín Ólafsdóttir, félagsfræðingur og framkvæmdastjóri, f. 1956. Hún er dóttir Ólafs Steinars Valdimarssonar ráðuneytisstjóra, f. 1931,d. 1997 og Fjólu Magnúsdóttur verslunarmanns, f. 1934. Börn Gests og Kristínar eru Ólafur Steinar fréttaljósmyndari/blaðamaður, f. 1989, og Anna Karólína framkvæmdastjóri menningarsamtaka, f. 1991. Bæði eru búsett og starfandi í Danmörku. Gestur á áður soninn Rúnar Pál, verkamañn og ljóðskáld, f. 1970. Barnabörn Gests eru fimm: Birta, Agnes Karólína, Theódór Steinar, Arnþjórn og Ísar Noah.

Útför hans fer fram frá Neskirkju í dag, 16. september 2025, og hefst kl. 13.

vera bara frænkur. Ein af þeim minningum sem hafa verið mér hugleiknar síðustu daga er þegar ég lokaði mig reið inni í herbergi. Þá kom Gestur, sagði fátt, spurði mig aðeins hvað amaði að – og fýlan lak úr mér eins og fyrir töfra.

Gestur hafði einstaka nærveru sem hafði áhrif á fólkið í kringum hann. Móðir hans, í daglegu tali kölluð amma Ká, bjó yfir sama eiginleika og þær voru ljúfar stundirnar hjá henni á Fjölnisvegi. Í fjölskyldunni er enn talað um hlýjuna á milli þeirra mæðgina og hversu góður sonur hann var ömmu Karólínu.

Leiftrandi og greinandi hugur Gests varð að lokum hinum grimma alzheimer að bráð, í sorginni huggar maður sig við það eitt að hann er laus úr viðjum þess óbilgjarna sjúkdóms.

Ég votta Kristínu frænku minni samúð mína, ég vildi óska þess að hún hefði fengið meiri tíma með ástinni sinni. Ég sendi líka börnunum hans þremur, Rúnari Páli, Ólafi Steinari og Önnu Karólínu, mínar innilegustu samúðarkveður.

Nanna Elísa Jakobsdóttir.

Gestur Guðmundsson, minn góði vinur og fyrrverandi svili, er fallinn frá rétt rúmlega sjötugur að aldri. Grimm áminning um tímans þunga nið. Þótt sá aldur sem Gestur náði hefði einhvern tíma talist virðulegur er nú, með hækandi aldri mannskepnunnar, nánast sem maður geti sagt; þeir sem guðirnir elska deyja ungir. Þegar svo við bætit að Gestur var alla tíð eins og unglamb er óraunverulegt að hann sé nú horfinn. Fyrir fáeinum árum hrönnuðust hins vegar óveðursský upp við sjóndeildarhring en þá greindist Gestur með alzheimer og sú glíma reyndist honum erfið eins og öllum sem í henni lenda.

Ég hef ekki tölu á því hversu margar fjölskylduveislur við sátum saman en þótt dr. Gestur væri fræðimaður og frumkvöðull á sínu sviði var hann fyrst og síðast fjölskyldumaður. Hann var auðsugestur í hvaða teiti sem var; einstaklega vandaður til orðs og æðis. Gestur talaði ætíð vel um þá sem hann hafði komist í kynni við og þeir voru margir. En hann gat verið fastur fyrir, prinsippmaður; hann tók til að mynda aldrei bílpróf og fór einatt gangandi til að sinna sínum erindum. Mér þótti þetta alla tíð stórmerkilegt.

Gestur var að ýmsu leyti holdgervingur '68-kynslóðarinnar og fjallaði um hana í verkum sínum. Hann gerði sér grein fyrir því að æskumenningin sem varð bókstaflega til með henni – og þá einkum tónlistin – var allrar athygli verð. Þar var verk að vinna og Gestur lét til sín taka. Ög setti í félagsfræðilegt samhengi. Hann hélt með Stones í utanálíggjandi

væringum við þá sem studdu Bítlana en einkum hélt hann upp á Rúnar Gunnarsson heitinn í Dátum. Við gátum rætt þetta skeið tónlistarsögunnar fram og til baka.

Blessuð sé minning Gests. Hans er nú sárt saknað. Ég vil senda eftirlífandi eiginkonu hans, Kristínu Ólafsdóttur, og fjölskyldunni allri innilegar samúðarkveður mínar. **Jakob Bjarnar Grétarsson.**

Við Gestur hittumst fyrst í MR og útskrifuðumst 1971. Þetta var tími mikilla samfélagsbreytinga, frjórra umræðna og hugmynda – tími Vetrarnastríðsins, réttinda-baráttu blökkufólks, þjóðfrelsisbaráttu, kvenfrelsisbaráttu, nýrra strauma á sviði tónlistar sem annarra listforma, náttúruverndar svo e-ð sé tínt til. Við vorum heppnir að lifa þessa tíma, sæmilega ómótaðir. Það má með sanni segja að Gestur hafi verið einn af helstu leiðtogum þessa unga róttæka fólks. Hann var vinsell og vinmargur, ágætlega ritfær og náði að tengja hlutina saman. Hann hefði samt aldrei kallað sig leiðtoga, það var ekki hans stíll. Nokkrir róttæklinganna úr MR voru með leshring í kjallaranum á Ásvallagötunni þar sem Gestur hafði komið sér fyrir í húsi foreldra. Rætt var um Marxismann eftir Ásgeir Blöndal, illæsilega bók og torskilda, og Úrvalsritin, sem voru auðlesnari. Þessi hópur kallaði sig Byltingu. Þegar í háskólann kom var stofnaður annar hópur og breiðari, Órólegi hópurinn. Gestur leiddi þá gagnrýnu umræðu sem þar fór fram um samfélagið, innihald og tilgang háskólanámsins og heiminn; rólegur og yfirvegaður, skapgóður og hlýr. Hafði alltaf tíma til að ræða málin en kom jafnframt miklu í verk. Þetta var góður tími.

Eftir veruna í HÍ hélt ég til Árósa og Gestur skömmu síðar til Kaupmannahafnar. Oftast hittumst við þegar ég átti leið þar um og Gestur kom til Árósa þar sem systir hans og margir vina hans bjuggu. Hann kom á bréfabring nokkurra róttækra námsmanna erlendis þar sem skipst var á skoðunum. Við þýddum ásamt Kristjáni Pétri vini okkar lítið kver um marxíska hagfræði sem var gefið úr 1978, Auðmagn, kreppa og ríki, ásamt nokkrum pólitískum hugtökum sem við Gestur tókum saman.

Ég sá minna til Gests eftir að námi lauk og ég flutti heim enda vorum við ekki alltaf jafn sam-mála. Hans áhugamál lágu annars staðar. Þó hélt vináttan og við hittumst af og til. Leiðir okkar lágu saman á hjúkrunarheimilinu Skjólí upp úr aldamótum þar sem mæður okkar, báðar með minnistap, nutu lífsins á lokaðri deild. Við tókum okkur saman nokkur um stofnun aðstandendafélags heimilisfólksins til að bæta þeirra hag svo allir mættu hafa ákægju af. Skrifuðum greinar, komum fram í fjölmiðlum, áttum fundi með ráðherrum og þingnefndum þótt lítið gengi samt svólítið. Við höfðum gjarnan á orði að þetta æviskeið væri jafn merkilegt og önnur æviskeið mannskepnunnar og á það enn vel við.

Síðastlíðið hálf þriðja ár höfum við Hjörleifur vinur okkar Gests lítið til hans vikulega eða svo í spjall og ráðagerðir. Lengi vel gengum við hér og þar um bæinn og fengum okkur svo matarbita og kaffi, sáum saman myndina um Dylan í bíó. Þar kom að göngurnar styttust og lögðust svo af er dró af okkar manni, en við tók labb eftir göngunum á Droplaugarstöðum. Ævinlega jafnlyndur og hlýr var Gestur. Takk fyrir samfylgdina kæri vinur.

Við Sigurlaug vottum Kristínu innilega samúð sem og börnum þeirra Ólafi Steinari og Önnu Karólínu og tengdabörnum, Rúnari syni Gests svo og Sigrúnu og Guðrúnu systur hans.

Gylfi Páll Hersir.

Minningargreinar

Morgunblaðið birtir minningargreinar endurgjalds-laust alla útgáfudaga.

Óheimilt er að taka efni úr minningargreinum til birtingar í öðrum miðlum nema að fengnu samþykki.

Skil | Þeir sem vilja senda Morgunblaðinu greinar eru vinsamlega beðnir að nota innsendikerfi blaðsins. Smelltt á Morgunblaðslógóíð í hægra horninu efst og viðeigandi liður,



Ástkær sonur minn, faðir og bróðir,

DR. BALDUR STEINGRÍMSSON,

lést á OHSU-sjúkrahúsinu í Portland, Oregon 31. ágúst. Útför hans fer fram frá Neskirkju föstudaginn 19. september klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Friða Ásbjörnsdóttir
Stein Baldursson
Jon Baldursson
Héðinn Steingrímsson
Gunnar Steingrímsson**



Gestur Guðmundsson og Kristín Gestir í 1968

Gestur Guðmundsson og Kristín Gestir í 1968

Það var sannkölluð harma-fregn að heyra um andlát Gests Guðmundssonar vinar míns. Eins undarlegt og það kann að hljóma hittí ég hann fyrst á full-orðinsaldri í fótbolta á háskóla-túninu. Taldi mig þekkja hann í sjón, sem kunningja eldri systk-ina minna, en þessi maður var svo unglegur að ég taldi þetta varla geta staðist. Og þannig var Gestur alltaf. Af honum stafaði ætíð einhver æskuljómi og kannski vídeigandi því hann fjallaði býsna mikið í ræðu og riti um æskulýðsbyltinguna, sem oft er kennd við '68.

Ég hittí þau hjónin, Gest og Kristínu, oftast í Kaupmanna-höfn, en minnstæðast var þegar við hittumst í Beirút þar sem við vorum stödd á sama tíma – fyrir tilviljun! Ferð okkar ásamt Ólafi Steinari og Sofíe inn í Hisbolla-land var sannarlega eftirminnileg. En nú er okkar kæri Gestur farinn í annað land. Ég er ekki viss um að ég þekki nokkurn mann eins vinmargan og Gest. Gamliir pólitískir and-stæðingar hans bera honum vel söguna, enda ekki annað hægt. Þótt hann hvikaði hvergi frá skoðunum sínum varð ég þess aldrei var að hann bæri kala til nokkurs manns. Einhver sagði: fallegastur og bestur – hann Gestur.

Ég votta minni kæru vinkonu Kristínu, Ólafi Gestí, Önnu Kar-ólínu, Rúnari Páli og allri fjöl-skyldunni mína dýpstu samúð.

Árni Snævarr.

Gestur Guðmundsson og Kristín Gestir í 1968

Gestur Guðmundsson varð snemma í lífi sínu hetja, því að hann vildi gera heiminn betri og réttlátari. Við sem þekktum til hans í Stúdentahreyfingunni dáðumst að honum. Hann var jú þrælklár – og fallegur.

Fallegust var samt ást hans til vinkonu minnar Kristínar. Þegar ég kvaddi Ísland til að fara í nám erlendis var ég hnuggin að skilja „Trittínu“, kláru og bráð-skemmtilegu tvþurassálina mína, eftir aleina í „Trittínarhúsi“ en þá kom Gestur fagnandi, eins og bjargandi engill, inn í líf Krist-ínar – fallegustu konu Íslands – og elskaði hana fölskvalausri ást. Kristín endurgalt ást hans margfalt, sem þúsundfaldaði ást hans og þannig áttu þau ham-ingjuríkt, átakalaust en bráð-skemmtilegt líf, sem varð fljótt hjónaband, fullt af gleði. Svo fæddust börnin Ólafur Steinar og Anna Karólína og þá var enn skemmtilegra í „Kristínarhúsi“, grínast og hlegið og gantast og fabúlerað inn á milli gáfulegra og inspirerandi samræða.

Gestur og Kristín voru frábær-ir og örlátir gestgjafar. Veislurn-ar í stóru, fallegu íbúðinni í Kaupmannahöfn eru goðsögn.

Þegar Gestur veikist var það mikið áfall fyrir bæði, saman dreymdi þau jú um að hald-ast hamingjusöm og hlējandi í hendur, ferðast út um allan heim og kóróna með því fegurð ástarinnar.

En þessi sjúkdómur gaf enga náð og enga miskunn. Af hverju þessi sjúkdómur? Af hverju ekki einhver annar?

Allt fram á síðasta dag stóð Kristín eins og klettur við hlið hans – barmafull af ást en líka barmafull af djúpri sorg við að sjá Gestinn sinn elskulega hverfa – smám saman.

Elsku Kristínu minni, Ólafi Steinari, Önnu Karólínu, Rúnari, Sofíe, Nicolai, barnabörnunum og frú frábæru Fjölu sendi ég mikinn styrk í nístandi sorginni og mikla, innilega ást.

Margrét Rún.

Gestur Guðmundsson og Kristín Gestir í 1968

Fáir menn, ef nokkur, hafa haft jafn djúp áhrif á hvert líf mitt þróaðist eins og hinn blíði og fallegi Gestur. Við tilheyrð-um þeim parti okkar kynslóðar sem tók fagnandi á móti öldum 68-byltingarinnar, þegar þeim

skolaði loks á fjörur við nyrsta haf. Æskubyltingin sem kennd er við 1968 og reist hæst í Frakk-landi og Bandaríkjunum, vildi byltingu gegn borgaralegum gildum, barðist gegn Víetna-mstríðinu, gegn innrás Sovét-ríkjanna í Tékkó, gegn blóðugri heimsvaldastefnu Bandaríkj-anna – fyrir frelsi kvenna og friði í heiminum. Þetta var inntak æskubyltingarinnar, hippanna, og á Íslandi var Gestur tærasti holdgervingur hennar.

Árin sem við vorum forystu-menn róttækra stúdenta á Ís-landi vorum við saman næstum dag hvern, oft frá morgni og stundum á Ásvallagötunni fram að miðnætti. Mamma Gests, hlý, falleg og ástrík, var eins og ein af höpnum. Gestur var alltaf hinn frjálsi andi, of sjálfstæð-ur og gagnrýninn til að festast í þröngum hugmyndafræðum, vildi aldrei tengjast Alþýðu-bandalaginu af því hann var viss um að kynslóðin sem þar var að taka við, Magnús Kjartansson, Svavar, Hjörleifur, Ragnar og SÍLA-liðið myndi aldrei hafa kjark til að gera upp við hina sovésku arfleifð Alþýðubandalagsins. Það reyndust orð að sönnu. Það varð hlutskipti okkar, kynslóðarinnar sem átti mótnarár með Gest sem leiðtoga, að taka það upp-gjör á vinstri vængnum.

Þegar ég kom í Verðandi, fé-lag róttækra í háskólanum, tók Gestur mig undir sinn breiða væng. Við urðum formenn Stúd-entaráðs hvor á eftir öðrum og tókum upp aðferðir Parísaræsk-unnar, hertókum ráðuneyti og héldum risastóra útifundi. Löngu síðar velsum við því fyrir okkur hvað hefði verið besta giggið; þegar ég hélt ræðuna yfir þrumu lostnu Alþingi afþingpöllum, eða þegar Gestí tókst að fá Kjartan Gunnarsson, þá þegar í hópi „innvígðra og innmúraðra“, til að ganga með okkur fremst í kröfugöngu frá Háskólanum nið-ur á þing; við með rauða fána en Kjartan þann íslenska.

Gestur var taktískur hugsuður. Lína hans var að ná saman öll-um vinstri mönnum. Með lagni hans tókst að semja saman þá sem engum flokki fylgdu, Fram-sóknarmenn, kratana, Alla balla og allt yfir í trotskístana. Sam-einaður listi vinstri manna bar árum saman sigurorð af há-skólaíhaldinu. Gestur mótaði okkur öll sem vorum hluti af „lýðræðiskynslóðinni“ á Þjóðvilj-anum sem síðar varð afergandi um stofnun Samfylkingarinnar. Sannarlega er hann því einn af andlegum feðrum flokksins. Það má kalla sögulegt, að á þeim degi sem hann er til hvílu lagð-ur skuli sá flokkur vera orðinn langstærstur á sviði íslenskra stjórnmála.

Á háskólaðögum okkar var Gestur blíðastur manna fyrir utan að vera fagur og hlýr; alltaf glaður með sposkt bros í auga. Hann hafði návist sem aldrei gleymist. Konu hans, Kristínu, góðri vinkonu okkar Árnyjár frá því áður en Gestur kom til henn-ar sögu, vottum við okkar dýpstu samúð, og fjölskyldu þeirra allri. Draumur um betri heim verður alltaf samofinn minningunni um Gest.

Össur Skarphéðinsson.

Gestur Guðmundsson og Kristín Gestir í 1968

Þegar Gestur settist við sama borð og ég á fundi í Alþýðu-bandalaginu fyrir næstum 40 árum horfði ég á hann með ótta-blandinni virðingu. Ég þekkti af síðum Þjóðviljans þennan róttæka skelfi borgarastéttar-innar og bjóst við að þar færi harðræður baráttumaður af þeirri sortinni sem maður hafði kynnst oft í vinstrihreyfingunni – grimmyndur harólinumað-ur, viss um hina réttu línu og án málamiðlana. Fátt var fjær sanni.

Frá okkar fyrstu kynnum sá ég viðsýnan, blíðan og umburðar-lyndan mann, sem ávallt tók

öllum sjónarmiðum af virðingu og lagði á þau yfirvegað og efn-islegt mat. Í stórum hópi hlustaði hann á alla og hafði einstakt lag á að skilja sjónarmið og færa þau saman svo samhljómur myndað-ist. Hann var ekkert ginnkeyptur fyrir hverju sem er og rök þurfti að færa fram – hann var aldrei í áskrift að einhverjum skoðunum. Það var unun að ræða við hann um þjóðmál í víðum skilningi, dögum saman og fram á nótt. Og stundum þegar gist var hjá þeim Kristínu í Kaupmanna-höfn var bara tekin pása rétt yfir blánóttina og haldið áfram vangaveltum með morgunkaff-inu, á meðan Politiken dagsins var lesið og leiðarinn skegg-ræddur.

Gestur var þeirrar gerðar að hann vildi hvers manns vanda leysa. Ekkert vandamál var of stórt og flókið til að ekki væri hægt að finna á því flöt og ræða það til þrautar og ekkert við-fangsefni of smátt til að ekki væri hægt að sjá í því eitthvað annað og merkilegra. Daglegt úrlausnarefni eins og matar-innkaup á Østerbro breyttist í sögustund um þróun borgar-samfélags í Kaupmannahöfn fyrir og eftir aldamótin 1900, úttekt á verndarstefnu í land-búnaði í ólíkum löndum og sögu áhrifa bindindishreyfingarinnar á áfengisstefnu í ólíkum löndum Norður-Evrópu.

Hann var einstaklega góður fjölskyldufaðir og talaði við börn sín og annarra sem fjalningja frá unga aldri. Áhugi hans á ungu fólki, framgangi þess og vel-sæld var líka samgróinn jafnt líffsskoðun hans og því rann-sóknarsviði sem hann lagði fyrir sig, sem var félagsfræði menntun-ar. Þegar ég tók við embætti fé-lagsmálaráðherra og stóð frammi fyrir tröllaukunum vanda tengdum ungu fólki án möguleika á vinnu eða skólagöngu var því augljóst fyrsta verk mitt að leita til Gests og kalla hann til aðstoðar. Hann kom þá að því með mörgu öðru góðu fólki að skapa það frum-kvæði sem síðan varð að „ungt fólk til athafna“ og „nám er vinnandi vegur“ og opnaði nýjar námsleiðir fyrir atvinnulaus ung-menni með fjármagni úr Atvinnu-leysistryggingasjóði. Árangurinn af þessu var gríðarlegur á árun-um eftir hrun.

Gestur var gæfumaður í einkalífi, ástríkur og mikill fjöl-skyldumaður. Og samband þeirra Kristínar var einstaklega náð og elskuríkt – jafnvel svo að ástar-atlotin gengu stundum nærri fram af manni þegar maður naut oft og títt ríkrar gistivínáttu þeirra og rausnarskapar. Missir hennar og barnanna er mikill, enda var för hans inn í óminnið í senn fyrirvaralaus og ógnvæn-lega hröð.

Blessuð sé minning Gests Guðmundssonar og blessun fylgi Kristínu, börnunum og afkom-endum hans öllum.

Árni Páll Árnason.

Gestur Guðmundsson og Kristín Gestir í 1968

Gestur hefur verið partur af lífi mínu í hartnær sextíu ár. Það var haustið 1967 sem við kynntumst, báðir að hefja nám í MR. Við stóðum í tröppum skólans og biðum þess að verða hleypt inn í skólasetningu. Vissum ekki að við ættum sameiginlega vinkonu sem þarna stóð líka. Álfheiður Ingadóttir sneri sér að mér og sagði: „Þröstur, ég þarf að kynna þig fyrir vini mínum og skóla-bróður. Þið verðið að kynnst.“

Það reyndust orð að sönnu því við höfum verið vinir frá þessum degi. Við náðum mjög fljótt takti í vinskapnum og hann virkaði enn þegar Gestur fór að veikjast. En nú er hann farinn.

Vínátta okkar var partur af mínum lífsgeðum. Við áttum tíðar og langar samræður um allt milli himins og jarðar, ekki sist pólitíkina sem okkur var báðum huggleikin. Þegar við vorum ekki á sömu slóðum flutti ritvélín og

Gestur Guðmundsson og Kristín Gestir í 1968

pósturinn skilaboð á milli okkar; gjarnan bréf í lengra lagi sem fóru um víðan völl. Svo lögðum við ritvélunum og gripum tölv-urnar og sendum póst þá leiðina. Gestur fylgdi mér þó ekki alla leið inn í samskiptaforritin, var til dæmis aldrei á Fésbókinni, en það breytti í raun engu. Samræð-urnar voru alltaf til staðar.

Við vorum oftast samferða í pólitíkinni, áttum báðir erfitt með að lúta einhverjum blindum flokksvilja sem okkur fannst oftar en ekki passa illa við veruleikann. Vorum fyrir vikið uppnefndir sentristar eða endurskoðunar-sinnar og fyrirlitnir af „flokks-þrælunum“ á vinstrikantinum (sem við kölluðum svo).

Framan af störfuðum við oft saman að fjölmiðlun og útgáfu blaða. Ég var á Þjóðviljanum en hann ritstýrði blöðum nemenda í MR og Háskólanum. Svo lagðist hann í ferðalög og dvaldi lang-dvölum í útlöndum, fyrst sem stúdent og endaði með doktors-gráðu. Með hana fór hann rak-leiðis inn á fræðimannsvöllinn og stóð sig vel þar eins og alls stað-ar. Hann var trúr sínum prins-ippum og stundaði rannsóknir sem gögnuðust ekki síst ungu fólki og öðrum sem áttu erfitt uppdráttar á ýmsum vettvangi, svo sem í skólakerfinu.

Og ekki sakaði að músík-smekkurinn var svipaður. Báðir vorum við hrifnari af Stones en Bítlunum. Með tímanum hafði ég á tilfinningunni að ég væri að svíkja hann þegar ég fór að syngja í kirkjukór; enda hvor-ugur okkar miklir kirkjunnar menn. En hann erfði það ekki við mig heldur gerði sér lítið fyrir og bauð Dómkórnum í Reykjavík með mökum til samsætis í íbúð þeirra Kristínar á Austurbú í Kaupmannahöfn sem við launuð-um þeim fyrir með söng. Það var ánægjuleg stund og verður lengi í minnum höfð í kórnum.

Við vorum báðir orðnir nokk-uð ráðsettir þegar við festum ráð okkar, giftumst (ég reyndar í annað sinn) og hófum barn-eignir fyrir alvöru. Það styrkti samband okkar og ekki spillti þetta nýja fólk fyrir.

Mínir vinir fara fjöld, feigðin þessa heimtar köld, ég kem eftir, kannske í kvöld ...

Þannig orti Bólu-Hjálmar og sannast sagna líður mér ekkert mikið öðruvísi eftir að hafa þurft að kveðja tvo nána og góða vini með stuttu millibili. Ég tek undir með skáldinu og kveð Gest Guð-mundsson með söknuði.

Þröstur Haraldsson.

Gestur Guðmundsson og Kristín Gestir í 1968

Þegar ég hugsa til Gests þyk-ir mér nær óvinnandi vegur að greina minningarnar um hann frá minningunum um sjálfan mig, sérstaklega frá mótnar-árum. Vínátta okkar hófst þegar við vorum sjö ára og var nán og óslitin æ síðan. Hugir okkar voru ávallt samtíga þótt lífið leiddi okkur oft inn á ólíkar slóðir. Ég varð fljótt heimagangur á æskuheimili hans á Ásvallagötu 16. Þar deildi hann herbergi með Halldóri afa sínum, sem verið hafði róttækur verkalyðsforingi á Vestfjörðum og lá ekki á skoðun-um sínum. Það gerði Karólína móðir hans ekki heldur; jöfnuður og réttlæti var henni hjartans-mál eins og Gestí alla tíð. Rót-tækni og stjórnmálaáhugi litaði ekki bara heimilisbraginn heldur færðist í aukana allt um kringum okkur; sérstaklega þegar leið á unglingsárin. Uppreisnarandi sjöunda áratugarins tók vel á móti Gestí og Gestur vel á móti honum. Ég minnst þess glöggst þegar við, á vormánuðum 1967, sátum, alvarlegir ungir menn, í gluggakistu á gangi Hagaskóla og ræddum óréttlæti heimsins og hvað væri til ráða. Parna í gluggakistunni sannfærðumst við um að sósíalísk bylting væri eina leiðin og skömmu síðar gengum við í Æskulýðsfylk-

Gestur Guðmundsson og Kristín Gestir í 1968

inguna. Í baráttunni fyrir rétt-látari heimi var Gestur haldinn sönnum uppreisnaranda. Hann gaf hefðunum langt nef og þar sem hann var valinn til forystu gerði hann tilraunir til að brjóta upp það vald sem honum hafði verið falið. Þegar kom að lífs-nautninni var líka töluvert um tilraunastarfsemi sem víkkaði hugi okkar, þótt tilraunirnar væru okkur mishollar.

Vegna gáfna sinna og góðs valds á hugsunum sínum og orðum voru miklar væntingar til Gests sem upprennandi leið-toga hinnar sósíalísku hreyf-ingar. Hann rækti það hlutverk af þrótti í mennta- og háskóla, en varð fráhverfur því að halda baráttunni áfram innan stjórnmálaflokks. Hann fann ólykt af valdabaráttunni. Þess í stað helgaði hann starfsævina æsku-lyðsrannsóknum og félagsfræði menntunar þar sem hann lét sig gjarnan varða ungt fólk sem stóð höllum fæti og „að menning þeirra sem ekki tilheyra valdinu sæist og væri viðurkennd“ eins og Gunnar Smári Egilsson komst svo vel að orði.

Gestur var auðsnortinn og um áramótin 1977, þegar hann kom að heimsækja mig í Kaupmanna-höfn, var hann á viðkvæmum stað í tilverunni. Í dagbókar-færslu 12. janúar hef ég skrifað: „Hann þráir fagurt mannlíf og megi blómið springa út áður en langt um líður, svo hann fari ekki niður aftur.“ Dagbókarfærslan endar á þessum orðum: „Gestur hefur ávallt leikið á bassann í danshljómsveit lífs míns.“ Það eru orð að sönnu, þótt ég skilji þau öðruvísi nú en þá. Gestur var undirtónninn í lífi mínu og hjálpaði mér að ná taktinum á ný þegar ég fór út af sporinu. Hann leyfði mér líka að fylgja sér þegar hann fór um dimma dali og fyrir það traust verð ég honum ávallt þakklátur.

Páll Biering.

Gestur Guðmundsson og Kristín Gestir í 1968

Ég man fyrst eftir Gestí þegar ég var 11 ára, hann tveimur árum eldri. Í hans augum var ég litla systir Þorvaldar, í mínum augum var Gestur umvafinn ljóma; svo sætur, smá feiminn, dálítið dular-fullur. Smátt og smátt hækkaði ég í tign, var ekki lengur bara litla systir Valda. Gestur var kominn í landspróf og einn af aðalstrák-unum. Ennþá sætur, feiminn og dularfullur en líka upptendrað-ur af hugsjónum og baráttuanda. Ekki minnkaði ljóminn við það.

Svo liðu árin, við vorum hvort í sínum menntaskóla og sáumst sjaldnar. Samt alltaf vinir. Því þannig var Gestur, svo einstak-lega trygglyndur og ræktar-samur. Sem var ekki sjálfsgefíð á umhleypingasöðum árum.

Eitt sólríkt sumar hjuggum við Gestur í litríku sambylí á Seyðis-firði, hann í sínu herbergi um-kringdur bókum að grúska í rit-gerðarsmíði, ég með Svenna litla, son minn, hinum megin á gangin-um. Saman deildum við öllu heim-ilishaldi með dásemdarvinum. Þetta sumar kynntist ég enn betur mannkostum Gests, m.a. hvað hann var barngóður. Reynd-ar líka tónlistarsmekknum. Ég hef stundum sagt að hann hafi verið eini maðurinn í lífi mínu sem komst upp með að setja Roll-ing Stones í botn klukkan átta að morgni og reykja Gauloises með morgunkaffinu. Ekki einu sinni elsku Leifur minn, sem átti hjarta mitt þetta sumar og svo ótal mörg önnur; hefði komist upp með það.

Á námsárunum í Kaupmanna-höfn tók Gestur mér alltaf opn-um örmum og kynnti mig fyrir skemmtilegu sambylisfólki á stúdentagörðum og kollegíum. Samfélag Íslendinga í Kaupmannahöfn var líka skrautlegt á þessum árum og tónlistarsenan ólgandi. Gestur blómstraði.

Svo liðu árin, við í öldugangi lífins, mættumst og kvóddumst. Stundum samferða, stundum ekki. Einn daginn færði gestan

Gestur Guðmundsson og Kristín Gestir í 1968

mér enn á ný hann Gest minn – og nú í mynd dásamlegrar konu sem átti eftir að verða ein mín kærasta vinkona. Elsku Kristín.

Þau urðu morgunhanarnir okk-ar; Kristín hans og Leifur minn. Hurfu úr húsi bálsnemma hvern virkan dag og töluðu saman í síma langt fram á kvöld að undirbúa útsendingu næsta morguns. Á þessum tíma áttum við öll lítil börn og oft voru svefnstundirn-ar fáar en Kristín og Leifur fylltu hvort annað endalausri orku með brennandi áhuga sínum, hjartsyni og húmor. Því það var endalaust hlegið – löngu símtölin og hlátur-inn standa upp úr í minningunni um þennan tíma sem við Gestur stóðum bakvaktina og morgun-hanarnir vöktu þjóðina.

Þegar Gestur og Kristín fluttu til Kaupmannahafnar tók við ann-að mynstur og árin liðu hratt. En alltaf fundumst við á ný og gest-risni þeirra var takmarkalaus. Gestur flakkaði líka milli landa og þeir Leifur áttu sínar gæða-stundir í bríðsklúbbnum góða.

Við Kristín höfum jafnan ver-ið sammála um að við höfum átt bestu eiginmenn lífins og að þeir hafi verið bestu feður í heimi. Þannig var það í okkar augum. Elsku bestu börnin hans Gests og litlu barnabörnin, ástvinir hans allir sem sakna svo sárt og elsku Kristín vinkona mín. Sorgin er þung og ég samhyggjist af öllu hjarta.

Ég kveð minn ljúfa og örláta vin í djúpu þakklæti.

Guðrún J. Bachmann (Guðrún B.).

Gestur Guðmundsson og Kristín Gestir í 1968

Elskulegi vinur minn og félagi, fallegastur og bestur, hefur nú kvatt eftir fimm ára stríð við erfiðan sjúkdóm.

Ég kynntist Gestí ungum manni árið 1968, hann var ekki orðinn 17 ára. Þetta var á sama tíma og ég var að kynnst hópi skólafólks sem kom til liðs við starf TENGLA, sjálfbóðaliða í geðheilbrigðismálum. Við áttum síðan samleið í fleiri félagsmál-um, ekki sist í námsmanna- og stúdentapólitík.

Það var fljótt ljóst að hér fór maður sem til forystu var fallinn. Gestur laðaði fólk að sér með ljúfmennsku, skarpri greind, sterkri réttlætiskennd og dugnaði.

Þegar Verðandi hafði verið stofnað til að sameina vinstri-menn við Háskólann, þá vantaði alvöru stefnuskrá. Það lá beint við að Gestur tæki að sér að semja hana, hann var hugmynda-fræðingurinn. Þegar Gestur tók að sér formennsku Stúdentaráðs gekkst hann fyrir tvennum meiri háttar breytingum. Annars vegar voru gerðar verulegar um-bætur á námslánum, þannig að þau dygðu til framfærslu. Hitt gjörbreytti stöðu Stúdentaráðs með tilkomu listakosninga og ráðið varð meginvettvangur í stúdentapólitík.

Hermálið var ofarlega á baugi um þessar mundir; ásamt Viet-namstríðinu. Í 1. des.-kosning-um þrjú ár í röð, 1971-73, setti Verðandi þessi mál á oddinn. Allar kosningar unnust og Viet-namar heimsóttu okkur sem var aðdragandi að stofnun Vietnam-nefndarinnar 1972. Fyrr á árinu höfðu stúdentar beitt sér fyrir stofnun Samtaka herstöðva-andstæðinga. Við félagarnir höfðum í nógu að snúast á þess-um árum og þetta var góður félagsskapur.

Við Gestur áttum eftir að eignast okkar fjölskyldur og ég í tveimur átrennum. Í þeirri síðari vorum við svo samtaka, að við eignuðumst tvö börn hvor, strák og stelpu, á nákvæmlega sama tíma. Við höfum átt ár og áratugi góðrar vinátta, ferðalaga, spila-mennsku og þessi jafnaldra börn okkar hafa alla tíð verið bestu vinir. Fyrir þetta erum við Björk óendanlega þakklát.

En hamingjan ríður sjaldn-

Smá- og raðauglýsingar

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupum bíla 25-250 þús.

Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Sumarhús



Sumarhús –Heilsárshús Gestahús –Breytingar
• Framleiðum stórglæsileg sumarhús/heilsárshús í ýmsum stærðum.
• Tökum að okkur stækkun og breytingar á eldri húsum.
• Smiðum gestahús – margar útfærslur.
• Sjáum um almennt viðhald á sumarhúsum og sölþöllum.
• Setjum niður heita potta og smiðum palla og skjólveggi.
Áratugareynsla – endilega kynnið ykkur málið.
Trésmiðja Heimis, Þorlákshöfn, sími 892-3742 og 483-3693, www.tresmidjan.is

Garðar

SLÁTTUVÉLAVIÐGERÐIR & SMÁVÉLAVIÐGERÐIR

Öll almenn járnsmíði - Sláttuorf Sláttutraktorar -Dælur-Jarðvegsþjöp্পur Rafstöðvar -Kerrusmíði-Sláttuorf Keðjusagir -Hekkklippur

Áratuga reynsla í viðgerðum á smávélum

SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661
Skemmuvegur 34 - 200 Kópavogur
Netfang: velaverkjs@simnet.is
Símar: 554 0661 - 897 4996 - 699 2502

Félagsstarf eldri borgara

Aflagrandi 40 9:00-11:00 Morgunspjall og heitt á könnunni, 10:00 Memm Play- opinn leikskóli, 10:30 Kraftur í KR Ganga (lagt af stað frá KR), 13:00 Tálgað í tré, 13:30 Þrjónaklúbbur, 14:30 Kaffi- óðyrasta kaffihúsið í bænum
Árskógar 4 Líkamsræktarhorn opið. Smiðastofa með leiðbeinanda kl. 8:30-16 Leikfimi kl. 10:00. Erlent handverksfólk kl. 10-12. Handavinna kl. 12-16. Karla-kóræfing kl. 12:45. Hádegismatur kl. 11:30-12:30. Kaffisala kl. 14:45-15:30. All-ir velkomnir óháð búsetu og aldri. Sími 411-2600.
Áskirkja Við spilum félagsvist í Dal, neðra safnaðarheimili kirkjunnar kl 19:30 Allir velkomnir Safnaðarfélag Áskirkju
Fella og Hólakirkja Starf fellur niður þriðjudaginn 16.september í kirkjunni vegna haustferðar.
Félagsmiðstöðin Hraunbær 105 Sundleikfimi í Árbæjarlaug (inni) kl. 8:30 Morgunkaffi og spjall kl. 9:00. Opin handavinnustofa kl. 9:00-12:00. Sundleikfimi í Árbæjarlaug (úti) kl. 9:30. Hádegisverður kl. 11:30-12:30. Létt ganga kl 13:00. Félagsvist kl. 13:00-16:00. Kaffisala og meðlæti kl. 14:00-15:00. Verið öll velkomin í Hraunbæ 105.
Félagsmiðstöðin Hædargarði 31 Kaffisopi og spjall kl. 8:30-11:00. Þrjónum til góds kl. 8:30-12:00. Morgunleikfimi á RÚV kl. 9:45-10:00. Hádegismatur kl 11:30-12:30. Myndlistarhöpurinn Krírur kl. 13:00-15:45. Heimaleifimi á RÚV kl 13:25-13:35. Sídegiskaffi kl. 14:30-15:30. Þrjónakaffi kl. 18:30-21:00.
Gerðuberg Opin vinnustofa í Búkollulaut frá kl. 8:30, heitt á könnunni Leikfimihópur frá kl. 10:00 í Sólstofunni Gönguhópur frá kl. 13:00 Listaspírur kl. 13:00 – 16:00 í Lágholti Öll velkomin, óháð aldri og búsetu
Gullsmári Þriðjudagur: Myndlist kl. 9:00-12:00. Canasta kl. 13:00.
Hraunsel Þriðjudagur: Billjard: Kl. 8 – 16. Dansleikfimi kl. 9. Qi Gong kl 10.00. Bridge kl. 13.00. Alltaf heitt á könnunni í boði FEBH.
Hvassaleiti 56-58 Morgunkaffi og spjall frá 8:30-10:30. Jóga með Carynu kl 9:00. Framhaldssaga kl. 10:30. Bridge kl. 13:00. Bingó kl. 13:15. Námskeið handverk kl. 14:00 – 16:00. Hádegismatur kl. 11:30 – 12:30, panta þarf fyrir há-degi deginum áður.
Korpúlfar Borgir Þriðjudagur: Listmálun kl. 9. Boccia kl 10:00 Helgistund og eldri borgara starf á vegum Grafarvogsskirkju í Borgum kl 12:30.(2.3.4. Þriðjudag í mánuði) Spjallhópur kl 13:00. Sundleikfimi í Grafarvogslaug kl. 14:00 Vertu velkomin í Borgir þar sem gleðin býr
Norðurbrún 1 Bingó í Norðurbrún 1 Fimmtdugaginn 18. september kl. 15:30 Veglegir vinningar og átta umferðir Eitt spjald kostar 600 kr. Þrjú spjöld kostar 1.200 kr. Eldhúsið opnar kl. 15:00 Kaffi, pönnukökur og kökur á gjafaverði
Samfélagshúsið Bólstaðarhlíð 43 Morgunkaffi 10:00. Leirlist m. Fríðu 10:00-14:00, skráning nauðsynleg. Þátttakenda stýrdar jafnvægisæfingar 10:30, frítt & öll velkomin. Leikfimi m. Snorra 13:00, frítt í september. Samþrjón & hilluprjón 13:00-14:30. Opíð kaffihús 14:30–15:30, öll velkomin. Hatha jóga námskeið 18:00-19:00, skráning nauðsynleg.
Samfélagshúsið Vitatorgi Opin vinnustofa í Búkollulaut frá kl. 8:30, heitt á könnunni Leikfimihópur frá kl. 10:00 í Sólstofunni Gönguhópur frá kl. 13:00 Listaspírur kl. 13:00 – 16:00 í Lágholti Öll velkomin, óháð aldri og búsetu Bútaaumshópur í handverksstofu kl. 09:00 - 12:00 Jóga í handverksstofu kl 13:00 - 14:00 Opin handverksstofa kl. 12:00 - 16:00
Seltjarnarnes 7:10 vatnsleikfimi í sundlaug, 9:00 kaffikrökur á Skólabraut 14:00 karlakaffi í safnaðarheimilinu. Minni á Virknipíngið í safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju milli kl. 14-16 miðvikudaginn 17. september.

Ýmislegt



Félagið býður uppá miðlseinka-tíma fyrir félagsmenn og aðra. Hjá félaginu starfar m.a. **Þórhallur Guðmundsson miðill.** - Einnig er möguleiki á að fá einkatíma í gegnum síma hvert á land sem er, sem og erlendis.

Húsviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK FLOTUN - SANDSPARSL MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum

Tímavinna eða tilboð

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Bílar



Nýr 2025 Ford Transit 350 L4 Single Cab 10 þrepa sjálfskipting. 165 hestöfl. Með stórum skjá með bakkmyndavél ofl. Dráttarkrökur. Loftpúðafjöðrun sem eikur burðargetuna um 400 kg. **Verð: 7.400 þús. án vsk.**



www.sparibill.is
Hátúni 6 A – sími 577 3344
Opið kl. 10-18 mán.-fim. kl. 10-16 fös.

Minningar

Gestur Guðmundsson

ast við einteyming. Við urðum að horfast í augu við að mæður okkar veiktust á sama tíma af heilabilun og urðu samferða í gegnum ferlið sem endaði á Skjóli. Gamall félagi okkar úr stjórn Verðandi stóð í sömu sporum og nú kom að því að stofna hóp sem beitti sér fyrir umbótum á aðstöðu sjúklinga og starfsfólks. Þetta minnti svolítið á TENGLA þar sem við Gestur mættumst fyrst.

Gestur hlaut sömu örlög og mæður okkar og mætti þeim af einstöku æðruleysi og hugrekki.

Á 70 ára afmælinu var haldið málþing í Háskólanum honum til heiðurs. Í upphafi ræðu sinnar gat hann þess að höfuðið væri farið að bila, en flutti síðan ræðuna blaðalaust.

Ástir Kristínar og Gests voru heitar frá fyrstu tíð og það var dásamlegt að fylgjast með því að ástarældurinn kulnaði aldrei. Undir lokin opnaði hann augun og sagist vilja fara heim. Leit síðan á konu sína og sagði að hann elskaði hana. Hneig svo aftur í mók.

Innilegustu samúðarkveðjur til ástvina og þakklæti fyrir allar góðu stundirnar.

Blessuð sé minning Gests Guðmundssonar.

Sveinn Rúnar Hauksson.

Mikill samgangur var á milli fjölskyldna okkar Gests og eins og gjarnan er um samrýndar fjölskyldur lifa þær í einskönar symbíösu með stöðugum fréttaflutningi og snemma fóru að berast tíðindi af bráðþroska pilti sem var að vaxa upp þar á völlumum. Aldursmunur gerði að verkum að við vorum ekki samtíða nema einn vetur í MR, og síðan fóru í hönd ár í útlöndum, ég í Frakklandi, hann í Danmörku. Um þær mundir hafði Gestur tekið sér stöðu rækilega til vinstri og áttu flestir von á honum úr þeirri átt, væddum marxisma sem þá var ríkjandi í hugarlandslaginu. Það vakti því nokkra undrun þegar hann kvaddi sér hljóðs með verki um poppmenningu unglinga á seinni

hluta 20. aldar. En auðvitað hefur fátt valdið meiri straumhvörfum en sú dægurmenning sem fylgdi í kjölfar rokkbylgjunnar um og eftir miðbik aldarinnar.

Ekki þar fyrir, Gestur átti eftir að gjalda marxismanum Torfa-lögin þegar hann þýddi „Þýsku hugmyndafræðina“ eftir Marx og lét fylgja greinandi formála þar sem verk Marx var sett í gagnrýnið samhengi.

Kær er minningin sem við Hrafnhildur eigum um Gest þegar hann heimsótti okkur þar sem við dvöldum við nám í borginni Aix-en-Provence í Suður-Frakklandi. Þetta var fyrir tíma farsímans og ég var í augnablikinu staddur í borginni Perugia á Ítalíu við ítölskunám, en Hrafnhildur hafði orðið eftir í Aix, komin sex mánuði á leið með frumburð okkar. Sem betur fer var búið að finna upp sím-skeytið þannig að hún gat komið til mín boðum og skipti engum togum að ég stökk upp í næstu lest til Marseille, á níunda hund-rað kílómetra. Í hönd fóru gjöf-ulir dagar með „nesti út í móa“ eins og Frakkar kalla lautarferð-ir, en umhverfið var fjallið St. Victoire eða Cézanne-fjallið sem svo heitir af því málar-inn Paul Cézanne stundaði að mála það frá öllum hliðum. Fyrsta kvöldið dró Gestur svo upp plötuna „Geitasúpu með haus“ (Goat Heads Soup) með Rolling Stones, en hún var þá nýkomin úr pressunni (og Gestur auðvitað með puttann á púlsinum þegar Stones voru annars vegar). Og skipti engum togum að platan fór að snúast á 33 snúninga hraða og Jagger að kyrja lagið um Angie.

„Allt sem okkur áður dreymdi um virtist farið forgörðum ...“

Segir í viðlaginu og minn-ir á setningu úr frægu ljóði Jóhanns Jónssonar, „Söknuði“ um „ljóðin sem putu um þitt blóð/frá draumi til draums.“ En líka kemur í hugann lagið hans Lennons, sem hann átti rétt ólokið þegar kallið kom og félagar hans slógu botninn í: „Frjáls eins og fugl“.

Frjáls eins og fugl er það næstbesta sem er.

Og megir þú, frændi, nú fljúga laus úr viðjum, frjáls.

Sá sem deyr heldur áfram í öllum sem þekktu hann.

Hvað skyldu margir þurfa að deyja til að ljúka ævi eins manns?

Eftir að hann deyr tekur hann á sig nýjar víddir framkallast jafnvel líkt og filma sem gleymdist en kemur óvænt í leitirnar og birtir glænýjar myndir.

Sjálfur kann hann að vera á ferðalagi físléttur í háloftum yfir endalausu úthafi á leið til vetrarstöðvanna.

Í hugskoti geymir hann sumarið: liti, angan, atvik okkur.

Pétur Gunnarsson og Hrafnhildur Ragnarsdóttir.

Í dag kveð ég góðan vin og kollega.

Leiðir okkar Gests lágu fyrst saman upp úr 1990. Hann var þá formaður Norræna sumarhá-skólans og ég að feta mín fyrstu spor sem sagnfræðingur. Síðar áttum við eftir að starfa saman við Kennaraháskóla Íslands og menntavísindasviðs Háskóla Íslands, hann sem prófessor í félagsfræði og ég í sagnfræði. Gestur var einn af mínum nán-ustu samstarfsmönnum og í mínum huga litaðist samvinna okkar af frjóum og gefandi samræðum um samfélagsleg og skólatengd málefni. En Gestur varð líka góður vinur, hann hafði hlýja nærveru og var einstaklega viðsýnn.

Ég hélt því oft fram við Gest að hann væri einn helsti laumusagnfræðingur lands-ins. Þegar við vorum ráðin til Kennaraháskóla Íslands var okk-ur falið að kenna námskeið um félagsfræði og sögu menntunar en það var skyldunámskeið fyr-ir nemendur í kennaranámi. Á þeim tíma tók ég þátt í verkefni um sögu menntunar á Íslandi og

Gestur var að ljúka við handrit bókar um félagsfræði menntun-ar. Til að byrja með kenndum við bókina í handriti og áttum oft gefandi umræður um efni hennar og um leiðir til að nýta kenningar félagsfræðinnar til að varpa ljósi á samfélagslegar breytingar og á veruleika barna og ungmenna í sögu og samtíð.

Bókin Félagsfræði menntun-ar ber félagsfræðilegu og sögu-legu innsæi Gests glöggð vitni. Í árituðu eintaki bókarinnar sem hann rétti mér haustið 2008 stendur „We don't need no ed-ucation! Frá höfundu.“ Í ýmsum kimum íslensks samfélags hefur Gestur stundum verið kallaður Rokkdoktorinn og framan af rannsóknافرli hans voru saga roksins og '68-kynslóðin helstu viðfangsefni hans. Áletrunin „We don't need no education“ vísar í lag hljómsveitarinnar Pink Floyd á plötunni The Wall, sem síðar var kvikmynduð, og er gagnrýni á skólakerfi sem leggur áherslu á að steypa alla í sama mót og vinnur gegn gagnrýnni hugsun og sköpunargáfu. Tilvitnunin er til vitnis um húmoristann Gest en miklu frekar um hugsjóna-manninn Gest sem alla tíð lagði áherslu á jöfnuð í skólastarfi og talaði máli jaðarsettra hópa í skólakerfinu. Menntun og sam-félagsþátttaka í þágu lýðræðis og félagslegs jöfnuðar voru ætíð leiðarljós Gests.

Við lok starfsævinnar greindist Gestur með hinn vægðarlauska sjúkdóm alzheimer. Hann tókst á við sjúkdóminn af æðruleysi og ákvað snemma að tala opinskátt um hann. Við erum mörg sem munum eftir því þegar Gestur og Kristín, eiginkona hans, komu fram á málþingi sem haldið var í tilefni af sjötugsafmæli hans. Þar bað Gestur okkur að sýna sér polinmæði því þótt hann ætti stundum erfitt með að koma orð-um að hugsunum sínum væru þær þarna. Það tæki bara lengri tíma að koma þeim á framfæri. Nú hefur Gestur kvatt okkur en eftir lifir minningin um góðan vin. Ég sendi Kristínu, Rúnari Páli, Ólafi Steinari, Önnu Kar-ólínu, barnabörnun og öðrum aðstandendum mínar dýpstu samúðarkveðjur.

Ólöf Garðarsdóttir.

alltaf eftirvænting á Hamrafelli þegar beðið var eftir því að A 709 renndi í hlað. Kærkomin tilbreyting í hversdeginum. Oftast var farið í bíltúra út fyr-ir sveitina, a.m.k. til Þingvalla. Þarna var lagður grunnur að tengslum okkar systra og Gylfa, sem ávallt sýndi okkur frænd-rækni, áhuga og umhyggju. Hann var lengi búsettur úti á landi og meðan ferðalög voru ekki eins algeng og núna var lengra á milli samfunda. Það breyttist með bættum samgöngum og fleiri tilefni gáfust til að hittast eða slegið var á þráðinn og þar var einn dagur í upphaldi 11. sept-ember, sem var afmælisdagur Jóns pabba Gylfa. Frá því að Jón féll frá árið 2000 höfum við alltaf átt gott spjall á þessum degi, sem nú nálgast öðum. Þá verður erfitt að ná sambandi, síminn utan þjónustusvæðis.

Gylfi fylgdist vel með allri Hamrafellsfjölskyldunni. Hann skírði þrjú barnabörn, gifti tví-burasysturnar og jarðsöng for-eldra okkar. Þannig má segja að hans prestþjónusta í okkar þágu hafi náð frá vöggu til grafar. Hinsta ósk pabba var að Gylfi sæi um útförina en það stóð ekki vel á því hann og Solveig voru á leið til Þýskalands. Strax var gengið í að breyta plönum og farseðlum með einstakri ljúfmennsku. Fyrir það vorum við ævinlega þakklát-ar. Þannig studdi hann okkur á sorgarstundum og gladdist með okkur á gleðistundum.

Eftir að Gylfi og Solveig fluttu norður, fyrst á Möðruvelli og síðar að Hólum, natum við gest-risni og góðra samverustunda,

bæði í hversdeginum og við mikil veisluhöld, t.d. stórafmæli og vígsluafmæli. Þar naut hans mikla náðargáfa sín best, að spila á hljóðfæri hvaða lag sem var og fá fólkið til að syngja með. Í síð-asta sinn heyrðum við hann spila í veislu sem haldin var í apríl sl. í tilefni 80 ára afmælis hans. Þá var ljóst að þrekið var mjög far-ið að dvína, frekari meðferð bar ekki árangur og sjúkdómurinn að ná yfirhöndinni. Eftir áfall í lok júlí var mikil gæfa að fá pláss á líknardeildinni í Kópavogi. Það létti lífið að njóta útsýnsins yfir voginn á mörgum sólardögum í ágúst. Solveig og hönnin véku ekki frá honum í þessar fimm vikur. Andlegur styrkur var ótrúlegur á þessum tíma og hann meðvitaður um stöðuna, vildi ekki liggja ósjálfbjarga og var tilbúinn að leggja í síðustu ferðina.

Nú hefur lífsbók Gylfa verið lokað.

Við minnumst hans með virðingu og þakklæti fyrir sam-fylgdina. Elsku Solveig Lára og fjölskylda og Jón Gunnar, við systur og fjölskyldur okkar vottum ykkur djúpa og einlæga samúð.

Guð blessi allar góðu minn-ingarnar um kæran frænda.

Við þökkum fyrir ástúð alla, indæll minning lifir kær. Núna mátt þú höfði halla, við herrans brjóst er hvíldin vær. Í solum himins sólín skín, við sendum kveðu upp til þín.

(HJ)

Sigríður Birna og Guðný Margrét.

Prautir


Finndu fimm breytingar




Fimmkrossinn

Er hægt að búa til tvö fimm stafa orð með því að nota textann að neðan? Já, það er hægt ef sami bókstafur kemur fyrir í báðum orðum. Hvern staf má nota einu sinni.

LJÓSGJAFI



Stafakassinn



Ö

Þautin er að fylla í reitina með sex þriggja stafa orðum og nota eingöngu stafi úr textanum að neðan. Nota má sama stafinn oftar en einu sinni.

AÐKORTÚVÖ

Sudoku

	2		1		5	6	4
6	7					5	
4			5			9	1
		1	2	9			
					4		7
	1	2				8	9
8			4			1	5
		6		8			

				3	1		
	8				9		5
	4		5				
3		9	2			1	8
	7	5	3			9	
1			4			3	
		4	1		7		3
				8			
			9	5			7

1		9			4		2
2	8				3	9	
					6		7
7							4
			8			3	
			3			1	6
6				2			
			7		8	4	
				9			2

Orðarugl

T	F	I	R	D	T	Ó	S	E	P	Y	S	X	U	V
H	R	M	U	N	A	L	A	G	N	A	R	Z	H	A
G	D	A	X	V	P	K	L	N	Z	N	F	O	N	T
M	U	W	D	H	G	B	M	E	O	E	I	E	G	N
A	U	L	I	L	J	X	K	X	K	G	S	N	F	A
N	F	A	L	K	A	A	W	X	H	H	K	F	H	L
L	M	N	P	P	O	S	L	N	G	M	M	W	I	E
Z	O	Q	O	I	E	L	F	T	N	E	A	W	W	I
K	K	S	D	T	R	N	V	Í	L	J	T	F	U	Ð
A	X	C	T	B	A	G	I	I	L	A	Y	S	A	U
B	H	B	J	I	T	R	Í	N	Ð	N	N	T	G	M
C	M	I	N	R	N	N	É	H	G	U	R	D	G	O
A	G	G	Y	H	Q	U	G	T	Y	O	R	O	S	U
K	U	H	H	A	S	C	P	N	T	S	F	R	F	A
L	K	N	X	Y	S	S	E	N	R	A	G	R	O	B


Borgarness Afnotarétt Fiskmat Fornlífsaldar

Gullpening Hjaltdands Kolviður Lostinu

Rangalanum Sótdrift Vatnaleiðum Ígripa

Skák

Helgi Áss Grétarsson | skak@mbl.is



Svartur á leik

1. d4 d5 2. c4 e6 3. Rc3 Rf6 4. cxd5 exd5 5. Bg5 c6 6. e3 h6 7. Bh4 Be7 8. Bd3 O-O 9. Dc2 Re8 10. Bxe7 Dxe7 11. Rf3 Rd6 12. Re5 Df6 13. O-O Bf5 14. e4 dxe4 15. Rxe4 Rxe4 16. Bxe4 Bxe4 17. Dxe4 Hd8 18. f4 Rd7 19. Had1 Dd6 20. Hd3 Rf6 21. Df5 He8 22. Dh3 Had8 23. Kh1 Db4 24. Df5 Hxd4 25. Hg3 Db5 26. Hg1 He6 27. Rxf7

Staðan kom upp í A-flokki Haustmóts Taflfélags Reykjavíkur sem stendur yfir þessa dagana. **Oliver Aron Jóhannesson (2.245)** hafði svart gegn **Josef Omarssyni (2.129)**. **27. ... Dxf5?** svartur gat þvingað fram vinning eftir 27. ... Re4! þar eð hvítur verður mát eftir 28. Dxc5 Rf2# og 28. Dxe6 Rf2#. **28. Rxh6+ Kh7 29. Rxf5 Hxf4 30. Hxg7+ Kh8 31. g4 He2 32. Hg6 Re4 33. Rg3? Rf2+ 34. Kg2 Hxb2** og um síðir náði svartur að innbyrða vinninginn. Það er nóg um að vera í íslensku skáklífi, sjá nánar á skak.is.

Brids

Guðmundur Sv. Hermannsson | gummi@mbl.is

Óvænt víxltrömp V-Allir

Norður

♠ 83 ♡ Á972 ♦ Á9 ♣ DG1042

Vestur

♠ D64 ♡ G10864 ♦ KG1085 ♣ –

Austur

♠ 92 ♡ K ♦ D763 ♣ K98653

Suður

♠ ÁKG1075 ♡ D54 ♦ 42 ♣ Á7

Suður spilar 4♣. Gjafavélin var hrekkjótt þegar hún raðaði spílinu að ofan upp í leik sveita Grants Thorntons og Tímans og vatnsins í úrvaldsdeild Bridgesambandsins og Rafíþróttasambandsins.

Við annað borðið byrjaði Stefán G. Stefánsson í vestur á passi, Hlynur Garðarsson í norður opnaði á 1♣, Sigurbjörn Haraldsson í austur passaði, Jón Hersir Elíasson sagði 1♣, Stefán doblaði, Hlynur sagði 1G, Sigurbjörn 2♦ og Jón Hersir lauk sögnum með 4♣.

Stefán spilaði út ♦10 sem Jón Hersir drap með ás og spilaði spaða á tíuna. Stefán drap, spilaði tígli á kóng Sigurbjörns sem skipti í lauf. Jón Hersir stakk eðlilega upp ás, ætlaði að taka trompið og fría laufið, en Stefán trompaði óvænt og spilaði hjarta. Jón Hersir hleypti á drottningu en Sigurbjörn fékk á kónginn, gaf Stefáni aðra laufastungu og fékk hjartatrompun til baka. Þrír niður!

Lausnir

Sudoku →

Stafakassinn

TVO RÓK ÚÐA

Fimmkrossinn

GJÓSI FJÓLA

Krossgáta ↓

1	7	9	5	8	4	6	2	3
2	8	6	1	7	3	9	4	5
3	5	4	2	9	6	8	1	7
7	3	8	9	6	1	2	5	4
4	6	1	8	5	2	3	7	9
9	2	5	3	4	7	1	6	8
6	9	3	4	2	5	7	8	1
5	1	2	7	3	8	4	9	6
8	4	7	6	1	9	5	3	2

5	9	2	8	3	1	7	4	6
6	8	3	7	4	9	2	1	5
7	4	1	5	6	2	8	9	3
3	6	9	2	7	5	1	8	4
4	7	5	3	1	8	9	6	2
1	2	8	4	9	6	3	5	7
8	5	4	1	2	7	6	3	9
9	3	7	6	8	4	5	2	1
2	1	6	9	5	3	4	7	8

9	2	8	1	7	5	6	4	3
6	7	4	3	2	9	5	8	1
1	3	5	6	4	8	7	2	9
4	8	3	5	6	7	9	1	2
7	6	1	2	9	3	4	5	8
2	5	9	8	1	4	3	7	6
3	1	2	7	5	6	8	9	4
8	9	7	4	3	2	1	6	5
5	4	6	9	8	1	2	3	7

Lárétt 1 rask 5 læsta 10 allan 11 smit 12 græn 13 skána 14 næ 15 hvíss 16 magna 19 átt 20 eytrir 22 ritað 23 kr 24 óvænt 26 róðað 28 tíu 29 neinu 31 asargruning 32 rask 33 sísæ 34 kán 35 sísæ 36 rask 37 smásár 38 tins 39 átt 40 svára 41 hnyttini 42 gírr 43 tír 44 Lóðrétt 1 ragn 2 alræmt 3 síæ 4 kán 5 æski 6 rask 7 smásár 8 tins 9 átt 10 svára 11 hnyttini 12 gírr 13 tír 14 Lóðrétt 1 ragn 2 alræmt 3 síæ 4 kán 5 æski 6 rask 7 smásár 8 tins 9 átt 10 svára 11 hnyttini 12 gírr 13 tír 14

Krossgáta

1	2	3	4		5	6	7	8	9
10						11			
12					13				
14				15					
	16		17					18	
19			20			21			
		22					23		
24	25				26	27			
28				29	30				
31									

Lárétt 1 umrót 5 lokaða með lás 10 eins og hann leggur sig 11 útbreiðsla sjúkdóms 12 óþroskuð 13 batna 14 tekst 15 þytur 16 auka 19 borðaði 20 gjaldmiðill 22 skrifað 23 gjaldmiðill 24 óviljandi 26 gert rólegri 28 tími 29 enginn 31 hellirigning

Lóðrétt 1 bölv 2 sem illt orð fer af 3 ber 4 þjóðhöfðingjatitill með Mongólum 6 falist eftir 7 skeina 8 frumefnis 9 bardaga 13 ansa 15 orðheppni 17 spjót 18 fjarlægð 19 álíka 21 innvolsið 22 skipa línulega 23 þekki 25 vatryggingafélag 27 ofni 30 fornafrn

Málið

Að fá e-u framgengt merkir að koma e-u fram, fá e-u áorkað, fá e-ð fram. Í þremur fyrstu orðasamböndunum er það sem maður fær áorkað í þágufalli: „Húsfélagið fékk því framgengt (o.s.frv.) að ég var borinn út“; í því fjórða í þolfalli: fékk það fram. Að fara sínu fram er annað: hafa sína hentisemi, gera e-ð að eigin geðþótta.





Kaffe, Cream, Culture, Ichi o.fl. Dönsk merki

DARÍA

Netverslun www.daria.is

Verslun Firði Hafnarfirði

Stjörnuspá

21. mars - 19. apríl 
Hrútur Það getur verið til bóta að nálgast verkefni úr nýrri átt, þegar gömlu aðferðirnar eru hættar að duga. Hugmyndir skjóta upp kollinum.

20. apríl - 20. maí 
Naut Það skiptir sköpum að sam-skiptaleiðir séu greiðar þegar vandasöm störf eru í húfi. Nýttu nýfundinn kraft til þess að bæta einkalíf þitt.

21. maí - 20. júní 
Tvíburar Þú gætir átt mikilvægar sam-ræður við foreldra þína eða einhvern sem þú lítur upp til í dag. Ef þú vilt færa þig um set, skaltu gera það.

21. júní - 22. júlí 
Krabbi Það er af og frá að þú þurfir að vera sammála öllum til þess að allt virðist slétt og fellt. Ekki einblína á það sem gengur illa, heldur það sem gengur vel.

23. júlí - 22. ágúst 
Ljón Sjálföryggi þitt bætir upp litla reynslu þínu á ákveðnu sviði. Raunverulegar breytingar eiga sér stað innra með þér en ekki í vinnunni.

23. ágúst - 22. september 
Meyja Það er óþarfi að byrgja allt inni þegar þú átt aðgang að góðum sálufélaga. Láttu ekkert ganga þér of nærri og fylgdu hjarta þínu.

23. september - 22. október 
Vog Hjarta þitt er einlægt og þú gefur allt sem þú átt. Stundum verðurðu að láta eðlisávisunina ráða og ákveða að hrökkva eða stökkva.

23. október - 21. nóvember 
Sporðdreki Þú keyrir málin áfram bak við tjöldin. Breytingar á nánum samböndum neyða þig til að aðlagast breyttum aðstæðum. Hlustaðu og taktu þátt í samræðum en ekki lofa neinu.

22. nóvember - 21. desember 
Bogmaður Það er engin minnkun fólgin í því að leita sér hjálpar þegar verkefnin eru að vaxa manni yfir höfuð. Ef þú ert þreyttur skaltu hvíla þig og finna jafnvægi.

22. desember - 19. janúar 
Steingelt Afköst þín eru með ólíkindum og vinir og samstarfsmenn fylgjast með þér í forundran. Kynntu þér efnid vel og fáuð aðstoð ef þú ert í vafa um eitthvað.

20. janúar - 18. febrúar 
Vatnsberi Nýjar hliðar á vandasömu verkefni krefjast allrar þinnar athygli og atorku. Farðu varlega og reyndu að særa engan.

19. febrúar - 20. mars 
Fiskar Nýjar upplýsingar leiða til þess að þú átt erfitt með að taka ákvörðun. Hlustaðu á ábendingar um það hvernig þú getur hagrætt í vinnunni.

Arthúr Björgvin Bollason, rithöfundur, þýðandi og fjölmiðlamaður – 75 ára

Ljóðlistin rauði þráðurinn í lífinu

Arthúr Björgvin Bollason fæddist 16. september 1950 í Reykjavík. Hann ólst upp hjá móðurfor-elddrum sínum, lengst af í Hlíðahverfi. „Ég dvaldi fáein sumur í bernsku hjá foreldrum mínum í New York. Það var mikið „menningaráfall“ fyrir lítinn dreng að koma úr rykugum smábæ á hjara veraldar í iðandi mannlíf stórborgarinnar.“

Arthúr var í fyrsta árganginum sem flutti inn í nýbyggðan Hlíðaskóla. „Ég byrjaði níu ára gamall að sendast í forsætis- og menntamála-ráðuneytinu og vann þar sem sendi-sveinn allt árið í fjögur ár, hálfan daginn með skóla á veturna. Sentist þá jafnframt fyrir forsetaembættið og var tíður gestur á Bessastöðum, með lagafrumvörp sem forsetinn þurfti að undirrita. Síðan fylgdu tvö dásamleg sumur, með rómantík og töðuismi, sem kaupamaður á bænum Stóra-Hofi í Gnúpverja-hreppi, á bökkum Þjórsár.

Ég lauk stúdentsprófi úr mála-deild MR 1970, eftir fjögur ár þar sem einkenndust af „lýriskri vatns-orkusálsýki“. Hlaut „Gullpenna-sjóðsverðlaun“ á stúdentsprófi fyrir ritgerð um ljóð Stefáns Harðar Grímssonar, sem enn er, ásamt Friedrich Hölderlin, mitt eftirlætisskáld. Ég vann á sumrin í byggingarvinnu og stundaði síðan háskólanám í Freiburg im Breisgau og Hannover í Þýskalandi. Eignað-ist þar marga góða féлага og vini.“ Hann lauk magistersprófi (MA) í heimspeki og þýskum bókmenntum við háskólann í Hannover haustið 1979. Hann hlaut styrk frá þýskum stjórnvöldum (DAAD) síðustu þrjú námsárin.

Arthúr byrjaði rúmlega tvítugur sem leiðsögumaður í sumarferðum með Þjóðverja um hálendi Íslands og sinnti þeim starfa í rúman aldarfjórðung, einkum fyrir ferðaskrifstofu Úlfars Jacobsens. „Það voru unaðsríkir tímar í faðmi íslenskra fjalla. Ég gerði hlé á nám-inu 1972-1973, kenndi þann vetur við Flensborgarskóla í Hafnarfirði og sinnti jafnframt stundakennslu við Hlíðaskóla, fyrstur fyrrverandi



Afmælisbarnið Arthúr á ferðalagi í Bæjaralandi.



Hjónin Arthúr og Svala á slóðum Hegels og Hölderlins í Tübingen.

nemenda þess skóla.“ Síðan var Arthúr kennari við Menntaskólann í Hamrahlíð 1979-1985 og stunda-kennari við HÍ 1979-1983. Hann gerði nokkra útvarpsþætti fyrir RÚV sumarið 1969 og tók svo aftur upp þráðinn 1982. Hann annaðist næstu árin rúmlega 80 samtalsþætti um heimspeki, undir heitinu „Ugla- hennar Mínervu“. Hann hefur síðan unnið á þriðja hundrað útvarpsþætti fyrir RÚV, einkum um bókmennt-ir, heimspeki og sögu. Hann var fréttaritari RÚV í Þýskalandi 1985-1989 og hefur síðustu árin verið tíðindamaður Morgunvaktar Rásar 1 í Þýskalandi. Hann var umsjónar-maður sjónvarpsþáttarins Litrófs



Á Njáluslóðum Arthúr með þýska sjónvarpsmanninum Denis Scheck.

1989-1994 og var síðan í nokkur ár sjálfstætt starfandi rithöfundur og þýðandi.

Arthúr var forstöðumaður Sögusetursins á Hvolsvelli 1999-2004. „Ég bjó þá með konu minni Svölu og börnum okkar tveimur, Ívari Má og Irmu Þóru, í Fljótshlí-inni. Þarna var mér falið að kynna þá stórbrotnu sögu Njálu fyrir innlendum og erlendum gestum. Njáls saga hefur verið mér hugstæð allar götur síðan. Löngu seinna fékk ég það hlutverk að endursegja hana sem hljóðbók á þýsku. Það var skemmtilegt. Það var líka gaman að fá að taka þátt í verkefninu „Upp með Njálu“, undir forystu sagna-

meistarans Guðna Ágústssonar.“ Af Njáluslóðum flutti Arthúr með fjölskyldunni til Þýskalands og starf-aði sem kynningarfulltrúi Icelandair í Frankfurt am Main 2004-2013. „Ég steig í desember 2004 það gæfuspor að kvænast Svölu Arnardóttur, sem síðan hefur verið minn lífsföru-natur. Svala hefur ávallt verið opin fyrir að breyta til og og skipta um sviðsmyndir í lífinu, enda á hún, sem afkomandi skáldsins Einar Ben., ekki langt að sækja ævintýraþrána.“

Síðustu árin hefur Arthúr svo starfað sem rithöfundur, þýðandi og þáttagerðarmaður. „Ég hef sem slík-ur m.a. unnið fjölda heimildarmynda um íslenska rithöfunda, í samstarfi við „myndskáldið“, Jón Egil Berg-þórsson. Hef þýtt tæplega tuttugu verk úr þýsku, bæði skáldverk og heimspekirit, nokkur þeirra í sam-starfi við Pröست Ásmundsson sagn-fræðing og sjálfur samið nokkur rit, bæði á íslensku og þýsku, m.a. fjórar bækur um íslenska sögu og menn-ingu hjá þýska forlaginu Suhrkamp-Insel, auk viðamikils „portretts“ af landi og þjóð. Auk þess hef ég skrifað fjölda greina og birt frumort ljóð í blöðum og tímaritum. Árið 1999 kom út hjá Máli og menningu ljóðabókin „Okkar á milli“. Ef hægt er að tala um slíkan þráð, þá má segja að ljóðlistin sé og hafi ávallt verið „rauði þráðurinn“ í lífi mínu.

Ég hef ferðast mikið um Þýska-land með Íslandskynningar. Síðustu árin hef ég jafnframt tekið virkan þátt í undirbúningi fyrstu heildar-útgáfu Íslendingasagna á þýsku, sem Saga forlagið, undir stjórn þingeyska ofurhugans Jóhanns Sigurðssonar frá Lækjamoði, gefur út og er væntanleg á næsta ári. Í rauninni hef ég stærstan hluta ævinnar verið svo lánsamur að geta samræmt brauðstrit og helstu hugðarefni, sem tengjast ritstörfum, skáldskap, þýðingum, fjölmiðlun og ferðaþjónustu.

Ég hef átt gott og gjöfult líf. Hvað sem öllum „afrekum“ á ritvellingum líður er ég þó sáttastur við að hafa, ásamt minni frábæru konu, komið börnunum okkar tveimur á legg. Og enda þótt ég hafi átt þar minni hlut að máli gleðst ég líka yfir velgengni

Til hamingju með daginn

Laufey Ósk Christensen

50 ÁRA Laufey ólst meira og minna upp í Kópavogi en býr á Áshömrum í Ásahreppi í Rangárvalla-sýslu. Hún er grunnskóla-kennari með meistaragraðu í sérkennslu og starfar við það á Laugalandi í Holtum.

Laufey starfrækir ferðaþjónustu á Áshömrum ásamt eiginmanni sínum og þau eru einnig með hrossarékt kennda við Valhöll. „Ég hef alltaf haft áhuga á hestum en byrja af alvöru í hestamennsku þegar ég kynntist Óðni Erni manninum mínum árið 2011. Hrossaréktunin hefur verið farsæl og Óðinn er að safna fyrstuverðlaunamerum.“

Þau hjónin fluttust að Áshömrum árið 2019 og eru þar með þrjú hús fyrir fjórtán manns í heild. „Það er nóg að gera í ferðaþjónustunni og hefur verið fullt hjá okkur frá því í febrúar. En við erum ekki með hestatengda ferðaþjón-ustu.“

Laufey hefur mikinn áhuga á þjónaskap og alls konar hönnun. „Ég er að smíða, mála, vinna leir og almenna myndlist. Ég er í grunninn myndlistar-kennari.“

FJÖLSKYLDA Eiginmaður Laufeyjar er Óðinn Örn Jóhannsson, f. 1972, eftirlitsmaður og kynbótadómari hrossa. Börn Laufeyjar eru Jón Einar Christensen, f. 1995, Sigríður María Jónsdóttir, f. 2002, og Lena Ósk Jóns-dóttir, f. 2004. Börn Óðins og stjúpborn Laufeyjar eru Una María, f. 2000, og tvíburarnir Owen Rúnar og Aaron Freyr, f. 2005. Barnabarn Laufeyjar er Guðmundur Bastían Jónsson Christensen, f. 2019, sonur Jóns Einar. For-elldrar Laufeyjar eru Jón J. Christensen, f. 1947, fv. vörubílstjóri, og Sigríður Guðlaug Christensen, f. 1994, fv. bréfberi. Þau eru búsett á Selfossi. „Þau eltu mig hingað austur.“



Sindrastóll

Hönnuður: Ásgeir Einarsson (1927-2001)

Verð: 269.000 kr.




1960-2020

Sólóhúsgögn

Íslensk framleiðsla

Sólóhúsgögn ehf. Gylfaflöt 16-18 112 Reykjavík 553-5200 solohusgogn.is



eldri sona minna tveggja og barna-
barnsins Lísabetar Freyju. Þetta
eru ævintýrin sem upp úr standa í
lífinu.“

Fjölskylda

Eiginkona Arthúrs er Svala
Arnardóttir, f. 16.11. 1959, listkennari
og leikhús- og kvikmyndafræðing-
ur. „Við höfum flakkað um árabíl á
milli Norðurmyrar í Reykjavík og
Berlínar.“

Foreldrar Svölu: Örn Helgason,
sálfræðingur og rithöfundur í
Reykjavík, f. 21.5. 1932, d. 28.11.
2015, og Valgerður Þóra Másdóttir
Benediktsson, f. 8.5. 1935, búsett í
Reykjavík, Þau skildu.

Börn Arthúrs og Svölu eru Ívar
Már Arthúrssón, f. 14.7. 1997, og
Irma Þóra Arthúrsdóttir, f. 7.2. 1999.

Börn Arthúrs úr fyrri sambönd-
um eru Ýmir Björgvin Arthúrssón,
f. 19.3. 1973, athafnamaður í Reykja-
vík, barn Ýmis er Lísbet Freyja, f.
10.8. 2007. Móðir Ýmis er Lísbet

Grímsdóttir, f. 2.7. 1951, lífeinda-
fræðingur í Reykjavík, og Kormákur
Arthúrssón, f. 13.2. 1993, búsettur í
London. Móðir Kormáks er Guðný
Björk Hauksdóttir, f. 3.3. 1960.

Alsystur Arthúrs: Linda Sigrún
Bolladóttir Thomas, f. 15.7. 1954,
búsett á Maui á Havaí; Erla Bolla-
dóttir, f. 19.7. 1955, Helga Bolla-
dóttir, f. 3.1. 1957, d. 27.3. 2010; Lilja
Bolladóttir, f. 12.9. 1959, sjúkraliði
í Reykjavík. Hálfbræður samfeðra
eru Einar Gunnar Bollason, f. 6.11.
1943, kennari, íþróttافرömuður og
athafnamaður í Kópavogi, og Bolli
Þór Bollason, f. 24.2. 1947, hag-
fræðingur í Reykjavík.

Foreldrar Arthúrs voru Bolli Vest-
arr Gunnarsson, f. 1.7. 1918, d. 20.4.
1994, og Þóra Erla Ólafsdóttir, f. 17.1.
1931, d. 7.9. 2012. Fósturforeldrar
hans voru Ólafur Björgvin Ólafsson,
f. 7.11. 1908, d. 2.8. 1999, prentari í
Reykjavík, og Sigrún Magnúsdóttir,
f. 19.12. 1906, d. 15.11. 1979, húsfreyja
í Reykjavík.

Vísnahorn

Af búskap, banni og
húdddömunum

Skírnir Garðarsson rakst á
Sjálfslýsingu Dagbjarts Dag-
bjartssonar, hagyrðingsins mæta
í Borgarfirði, og sendir þættinum
pistil af því tilefni: „Við vorum
saman á kvæðaferð um árið og
þá varð þessi til í tilefni þess að
karlinn var eins og klipptur út úr
tískublaði:

Dagbjartur sig dável bar,
það drupu af honum vísur(nar),
Um hann tístu einatt þar,
aftursætisskvísur(nar).

Ég er hrifinn af andstæðum,
andstæða orðsins „aftursætis-
skvísa“ er orðið „húddama“,
sem er með þrem d-um í röð. Um
húddömur þarf ekki að fjölyrða,
þær voru á öðru hverju almanaki
áður fyrr.

Ég lét smyrja súbarúinn hjá
Birgi kunningja mínum um árið
og sá að hann var með þannig
dagatal glænýtt á smurstöðinni.
Þá kom þessi:

Húddama með hýra kinn,
hafði á mönnum tókin,
en nú eru bönnuð Birgir minn
blessuð almanökin.
Eins gott að fylgjast með.

Þegar ég frétti að Sverrir
bóndi í Hvammi væra að gera

við tölvur meðfram búskapnum
orti ég:

Ávallt nægur sjálfum sér,
sinnir tölvum vænum,
Sverris nafnið bóndinn ber,
býr í hvammi grænum.

Hvergi smakkaði ég betri kind-
kæfu en í Hvammi í Norðurárdal.
Svoleiðis gleymist ekki. Ábrystir
voru hins vegar bestar hjá Krist-
björgu á Pykkvabæjarklaustri.“

Skírnir fær þakkir fyrir þessa
góðu kveðju. Magnús Halldórsson
yrkir í tilefni af því að „braginn
dýri“ er lokaður almenningi:

Þar fáir höfðu álpast inn
allur rekstur dáinn,
svolitla ég samúð finn
að svona fór með stráin.

Bjarni Jónsson yrkir um
Tungnaréttir:

Þegar ber vel í veiði
víkur frá allur leiði.
Brosið er blítt
bjartviðri hlýtt
og í söng brestur Brynjar á Heiði.

• Allar kveðjur og ábendingar vel
þegnar, ekki síst í bundnu máli.

Pétur Blöndal
p.blondal@gmail.com


Grettir



Hrólfur hræðilegi



Ferdinand



Í klípu

eftir Mike Baldwin




ÞRÁTT FYRIR AÐ ALLIR TELDU AÐ
TEGUNDIN VÆRI ÚTDAUÐ FANNT
VILLTUR GARÐSKÁLI Í NÁTTÚRUNNI!

Hermann

eftir Jim Unger



„JÁ, ER ÞAÐ EKKI SPÆLANDI AÐ EGGIN
HAFI ENDAÐ Í GÖLFINU?“



ást er...

... að biða á bryggjunni.

metro

BACK TO SCHOOL

Tilboð

PEPSI

1.000KR

OSTBORGARI + FRANSKAR OG GOS

BAKVÖRÐUR

Víðir Sigurðsson
vs@mbl.is



Sá misskilningur er útbreiddur að nú sé í þann veginn að hefjast úrslitakeppni í íslenska fótboltanum.

Einhverjir hafa talað um 22. umferðina í Bestu deild karla og 18. umferðina í Bestu deild kvenna sem „lokaumferðir“.

Ég heyrði meira að segja lýsanda fullyrða á sunnudaginn að Víkingar hefðu tryggt sér deildarmeistaratitil karla með stórsigrinum á KR.

Þegar keppnisfyrirkomulaginu var breytt í Bestu deild karla 2022 og Bestu deild kvenna 2023 var ekki tekin upp úrslitakeppni.

Deildakeppnin var einfaldlega framlengd um fimm umferðir þar sem deildirnar skiptast í efri og neðri hluta og spiluð er einföld umferð í hvorum hluta.

Lokaumferðin í Bestu deild karla er 27. og síðasta umferðin sem leikin er í lok október. Á sama hátt er 23. umferð lokaumferðin í Bestu deild kvenna.

Þetta sama keppnisfyrirkomulag er við lýði í mörgum Evrópulöndum, svo sem Danmörku, Austurríki, Skotlandi, Sviss og Finnlandi svo nokkrar þjóðir séu nefndar.

Þar er leikin tvöföld umferð í seinni hlutanum og því alls 32 leikir í stað 27 hér á landi. Annars sama kerfið. Þar talar enginn um „úrslitakeppni“.

Úrslitakeppni er allt annar hlutur, eins og við þekkjum úr handboltanum og körfuboltanum.

Þar hefst sjálfstæð útsláttarkeppni um Íslandsmeistaratitla eftir að hefðbundinni deildakeppni er lokið.

Eigum við ekki að kalla hlutina sínum réttu nöfnum?

KNATTSPYRNA

Besta deild karla

ÍA – Afturelding.....	3:1
Breiðablik – ÍBV.....	1:1
Staðan í efri hluta:	
Víkingur R.	22 12 6 4 47:27 42
Valur	22 12 4 6 53:35 40
Stjarnan	22 12 4 6 43:35 40
Breiðablik	22 9 7 6 37:35 34
FH	22 8 6 8 41:35 30
Fram	22 8 5 9 32:31 29
Staðan í neðri hluta:	
ÍBV	22 8 5 9 24:28 29
KA	22 8 5 9 29:39 29
Vestri	22 8 3 11 23:28 27
KR	22 6 6 10 42:51 24
ÍA	22 7 1 14 26:43 22
Afturelding	22 5 6 11 29:39 21

Ítalía

Cómo – Genoa 1:1
●Mikael Egill Ellertsson lék fyrstu 70 mínúturnar með Genoa.

Svíþjóð

AIK – Brommapojkarna 2:1
●Hlynur Freyr Karlsson var allan tímann á bekknum hjá Brommapojkarna.
Häcken – Gautaborg 1:2
●Kolbeinn Þórðarson kom inn á hjá Gautaborg á 56. mínútu.
■ Efstu lið: Mjällby 56, Hammarby 46, AIK 43, Gautaborg 41, Malmö 39, GAIS 38, Elfsborg 37, Djurgården 35, Brommapojkarna 26.
Norrköping – Djurgården 2:0
●Sigdís Eva Bárðardóttir kom inn á hjá Norrköping á 86. mínútu.

Danmörk

Fredericia – Vejle 1:1
●Dáníel Freyr Kristjánsson var ekki í leikmannahópi Fredericia.

Meistaradeild Asíu

Al Sharjah – Al Gharafa 4:3
●Aron Einar Gunnarsson lék fyrstu 74 mínúturnar með Al Gharafa.

Landsbyggðarliðin byrja heima

KSÍ staðfesti í gærkvöld leiktímana í 23. umferð Bestu deildar karla í fótbolta um næstu helgi en niðurröðun síðustu fimm umferðanna lá fyrir eftir leiki gærkvöldsins. ÍBV mætir Aftureldingu í Eyjum og Vestri mætir ÍA á Ísafirði kl. 14 á sunnudaginn, KA og KR mætast á Akureyri klukkan 16 og svo Víkingur og Fram í Fossvogi klukkan 19.15. Á mánudagskvöld leikur svo Valur við Breiðablik og Stjarnan við FH en báðir leikir hefjast klukkan 19.15.



Morgunblaðið/Eyþór

Fossvogur Víkingur og Fram mætast næsta sunnudagskvöld.

Gjörnbreytt staða hjá ÍA

● ÍBV missti naumlega af efri hlutanum

BESTA DEILDIN

Víðir Sigurðsson
vs@mbl.is

Framarar stóðu uppi sem sigurvegarar í viðureign Breiðabliks og ÍBV í 22. umferð Bestu deildar karla í fótbolta í gærkvöld og Skagamenn sendu Aftureldingu niður í botnsætið fyrir lokasprettiinn sem hefst um næstu helgi.

Breiðablik og ÍBV skildu jöfn, 1:1, og þau úrslit voru hvorugu liðinu að skapi. Blikar léku sinn sjöunda leik í röð án sigurs, eiga nær enga möguleika á að verja meistaratitilinn og standa höllum fæti í baráttunni um Evrópusæti.

Íslandsmeistararnir eru nú sex stigum á eftir Stjörnunni og Val í þeim slag en aðeins þrjú efstu liðin fá sæti í Evrópukeppni, ásamt bikarmeisturum Vestra.

Eyjamenn hefðu með sigri komist í efri hlutann og verið um leið sloppnir úr fallhættu. Þeir eru hins vegar í sjöunda sætinu og þurfa áfram að berjast fyrir lífi sínu í deildinni, þó með sjö stiga forskot á fallsæti.

Tobias Thomsen gerði draum ÍBV að engu þegar hann jafnaði metin með skallamarki skömmu fyrir leikslok, 1:1. Eyjamenn fengu tvö dauðafæri undir lokin en náðu ekki að tryggja sér sigurinn.

Fyrir vikið eru það Framarar sem eru í sjötta sæti, eru sloppnir úr

fallhættunni og verða í efri hlutanum í síðustu fimm umferðunum.

Skagamenn virtust á hraðleið niður í 1. deild fyrir leik þeirra gegn Blikum á fimmtudag en nú eru þeir aðeins tveimur stigum frá því að komast úr fallsæti eftir sigur á Aftureldingu, 3:1, á Akranesi í gær. Tveir sigrar á fjórum dögum hafa gjörbreytt tímabilinu fyrir ÍA.

Ómar Björn Stefánsson var í lykilhlutverki hjá ÍA og skoraði tvö markanna, Rúnar Már Sigurjónsson lagði upp tvö mörk og Árni Marínó Einarsson átti mjög góðan leik í markinu.

Afturelding hefur sigið niður töfluna smám saman seinni hluta tímabilsins og er nú komin í botnsætið í fyrsta skipti. Það getur orðið þungur róður að komast þaðan.

Leikjaröðin í fimm síðustu umferðunum er sem hér segir:

23. umferð: Víkingur – Fram, Valur – Breiðablik, Stjarnan – FH, Vestri – ÍA, ÍBV – Afturelding, KA – KR.

24. umferð: FH – Breiðabl., Fram – Valur, Stjarnan – Víkingur, Vestri – ÍBV, ÍA – KR, Afturelding – KA.

25. umferð: Valur – Stjarnan, Víkingur – FH, Breiðablik – Fram, KR – Afturelding, KA – Vestri, ÍBV – ÍA.

26. umferð: Fram – Stjarnan, Breiðablik – Víkingur, Valur – FH, Afturelding – Vestri, KR – ÍBV, KA – ÍA.

27. umferð: FH – Fram, Stjarnan – Breiðablik, Víkingur – Valur, ÍBV – KA, Vestri – KR, ÍA – Afturelding.

Fanndís var best í sautjándu umferð

Fanndís Friðriksdóttir, kantmaðurinn reyndi úr Val, var besti leikmaðurinn í sautjándu umferð Bestu deildar kvenna í fótbolta að mati Morgunblaðsins.

Fanndís lék mjög vel og skoraði þrennu þegar Valur vann Tindastól, 6:2, á sunnudaginn en þetta var hennar fyrsta þrenna í tíu ár í deildinni og sú sjötta samtals.

Hún fékk tvö M í einkunn hjá Morgunblaðinu fyrir frammistöðu sína.

Fanndís, sem er 35 ára gömul, er ein reyndasta knattspyrnakona landsins. Hún er orðin sú þriðja leikjahæsta í sögu efstu deildar með 272 leiki fyrir Val og Breiðablik. Af öllum íslenskum konum, heima og erlendis, er hún sjöunda leikjahæst með 328 leiki í deildakeppni Íslands, Noregs, Frakklands og Ástralíu og verður líklega orðin sú fimmta hæsta í lok tímabilsins.

Fanndís lék með Breiðabliki frá 2005 til 2017, að einu og hálfu ári



Morgunblaðið/Hákon

Þrenna Fanndís Friðriksdóttir var í miklum ham á sunnudaginn.

undanskildu þegar hún lék í Noregi með Kolbotn og Arna-Björnar.

Hún lék með Marseille í Frakklandi veturinn 2017-18 en hefur verið í Val frá þeim tíma, ásamt því að leika hluta vetrarins 2018-

Hnífjafnir í mark í maraþoninu

Aðeins 3/100 úr sekúndu skildu að tvo efstu menn eftir 42 kílómetra maraþonhlaup á heimsmeistaramótinu í frjálsíþróttum Tókýó í fyrrinótt. Alphonce Felix Simbu frá Tansaníu sigraði eftir æsispennandi endasprett þar sem hann og Amanal Petros frá Þýskalandi komu nánast jafnir í mark á tveimur tímum og 90,48 mínútum. Fimm sekúndum á eftir þeim var Iliass Aouani frá Ítalíu. Simbu er fyrstur Tansaníumanna til að vinna gullverðlaun á HM.



AFP/Jewel Samad

Hársbreidd Alphonce Felix Simbu rétt á undan Amanal Petros.



Ljósmynd/Guðmundur Bjarki Halldórsson

Skoruðu Baldvin Þór Berndsen, Ísak Máni Guðjónsson og Ómar Björn Stefánsson fagna fyrsta marki ÍA gegn Aftureldingu sem Ómar skoraði.

ÍA – AFTURELDING 3:1

1:0 Ómar Björn Stefánsson 39.
2:0 Viktor Jónsson 53.
2:1 Luc Kassi 87.
3:1 Ómar Björn Stefánsson 88.

MM

Árni Marínó Ómarsson (ÍA)
Ómar Björn Stefánsson (ÍA)

M

Víktor Jónsson (ÍA)
Rúnar Már Sigurjónsson (ÍA)
Jóhannes Björn Vall (ÍA)
Aron Jóhannsson (Aftureldingu)
Sigurpáll Melberg Pálsson (Aftureld.)
Hrannar Snær Magnússon (Aftureld.)

Dómari: Arnar Þór Stefánsson – 7.
Áhorfendur: 1.237.

BREIÐABLIK – ÍBV 1:1


0:1 Sverrir Páll Hjaltested 27.
1:1 Tobias Thomsen 82.

M

Tobias Thomsen (Breiðabliki)
Ágúst Orri Þorsteinsson (Breiðabliki)
Kristinn Jónsson (Breiðabliki)
Anton Ari Einarsson (Breiðabliki)
Marcel Zapytowski (ÍBV)
Hermann Þór Ragnarsson (ÍBV)
Alex Freyr Hilmarsson (ÍBV)
Elvis Bwomomo (ÍBV)

Dómari: Þórður Þ. Þórðarson – 7.
Áhorfendur: 872.

17. umferð í Bestu deild kvenna 2025



19 með Adelaide í Ástralíu. Þá á Fanndís 110 landsleiki að baki og hún lék með Íslandi á EM árið 2017.

Tveir aðrir leikmenn fengu tvö M í sautjándu umferð Bestu

deildarinnar en það voru Blikarnir Birta Georgsdóttir og Agla María Albertsdóttir. Birta er fyrir vikið í liði umferðar í sjöunda skipti á þessu tímabili og Agla María í sjötta skipti.



AFP/Kirill Kudryavtsev

Langbestur Armand Duplantis fagnar heimsmeistaratitlinum í Japan.

Fjórtánda heimsmetið

Sviinn Armand Duplantis varð heimsmeistari í stangarstökki karla í þriðja sinn og setti sitt fjórtánda heimsmet í gær þegar hann sigraði í greininni á heimsmeistaramótinu í frjálsíþróttum í Tókýó.

Duplantis fór yfir 6,30 metra í þriðju og síðustu tilraun, eftir að hann hafði tryggt sér gullverð-launin í greininni.

Emmanouil Karalis frá Grikklandi veitti honum keppni upp að 6,15 metrum en fagnaði síðan keppinaut sínum innilega eftir

heimsmetið, eins og áhorfendur á leikvanginum í Tókýó sem voru 60 þúsund talsins, þótt klukkan væri orðin 23 að staðartíma og öðrum greinum dagsins lokið fyrir nokkru.

Duplantis er aðeins 25 ára og þetta er fjórða heimsmet hans á þessu ári. Hann hefur nú bætt metið um einn sentimetra í hvert skipti, alls fjórtán sinnum frá árinu 2020.

Hann hefur nú unnið 49 mót í röð og ellefu stóra titla, utan-húss og innanhúss.

ÍÞRÓTTIR | 31 Eitt og annað



■ **Ditaji Kambundji** frá Sviss sigraði mjög óvænt í 100 metra grindahlaupi á heimsmeistaramótinu í frjálsíþróttum í Tókýó í gær. Hún átti sitt besta hlaup á ferlinum og sigraði á 12,24 sekúndum en hún skildi þrjár þær sig-urstranglegustu eftir í öðru til fjórða sæti. **Tobi Amusan** frá Nígeríu fékk silfrið á 12,29 sekúndum.

■ **Geordie Beamish** varð fyrstur Nýsjálendinga til að verða heimsmeistari í hlaupagrein karla þegar hann sigraði í 3.000 metra hindrunarhlaupi. Hann vann sigurvegara tveggja síðustu móta, **Soufiane El Bakkali** frá Marokkó, á endaspretti-um og kom í mark á 8:33,88 mínútum, sjö hundruðustu úr sekúndu á undan.

■ Bandaríski kylingurinn **Scottie Scheffler**, sem er númer eitt á heimslistanum, tryggði sér sigur á Procore-mótinu, sem er hluti af PGA-mótaroðinni, en því lauk í Kaliforníu í fyrrinótt. Scheffler lék hringina fjóra á 19 höggum undir pari og var þannig einu höggi á undan **Ben Griffin**. Er um sjötta titilinn sem Scheffler vinnur á árinu að ræða, en hann hefur auk þess unnið fjögur stórmót á ferlinum.

■ **Róbert Hostert**, handknattleiksmaður úr Val, gæti verið frá keppni til áramóta. Hann fór í skurðaðgerð á ökkla í gær en fyrri aðgerð sem gerð var í sumar tókst ekki sem skyldi. Róbert sagði við Handkastið að í besta falli yrði hann 3-4 vikur frá keppni en í versta falli til áramóta.

■ **Samuel Umtiti**, einn af heimsmeisturum Frakka í knattspyrnu árið 2018, hefur lagt skóna á hilluna, aðeins 31 árs. Umtiti hefur glímt við þralát meðislið seinni hluta ferilsins og lék aðeins sex deildarleiki með Lille í Frakklandi undanfarin tvö ár. Áður var hann í röðum Barcelona í sex ár.

■ **Sam Kerr** frá Ástralíu, ein besta knattspyrnukona heims um árabíl, lék um helgina sinn fyrsta leik með Chelsea síðan í desember 2023 þegar hún sleit krossband í hné. Hún var fljót að láta til sín taka og innsiglaði sigur Chelsea á Aston Villa, 3:1, með marki í uppbótartíma eftir að hafa komið inn á sem varamaður seint í leiknum.

HANDBOLTI

Þýskaland

Flensburg – Hannover-Burgdorf..... 37:29									
●Heiðmar Felixson er aðstoðarþjálfari Hannover-Burgdorf.									
<i>Staða efstu liða:</i>									
Magdeburg	4	4	0	0	138:112	8			
Kiel	3	3	0	0	92:84	6			
Flensburg	4	2	2	0	139:118	6			
Lemgo	4	3	0	1	120:108	6			
RN Löwen	4	3	0	1	118:112	6			
Gummersbach	4	3	0	1	117:114	6			
B-deild:									
Nordhorn – Dormagen..... 30:27									
●Elmar Erlingsson skoraði 3 mörk fyrir Nordhorn.									

Grikkland

Meistarakeppnin:
Olympiacos – AEK Atena 24:23
●Grétar Ari Guðjónsson varði mark AEK.

Powerade-bikar karla

Bikarkeppni HSÍ, 1. umferð:
ÍBV 2 – Hörður..... 36:35

Í KVÖLD

HANDKNATTLEIKUR

Powerade-bikar karla, 1. umferð:
Garður: Viðir – Grótta..... 18:30
Fjölnishöll: Fjölnir – Hvíti riddarinn 19:30
Kaplakriki: ÍH – Víkingur..... 20

ÞÝSKALAND

Bjarni Helgason
bjarnih@mbl.is



Knattspyrnukonan Sandra María Jessen hafði úr mörgum tilboðum að velja þegar hún ákvað að ganga til liðs við þýska fyrstudeildarfélagið Köln frá uppeldisfélagi sínu Þór/KA í lok ágústmánaðar.

Sandra, sem er þrítug, sló í gegn með íslenska kvennalandsliðsins á Evrópumótinu í Sviss í sumar þar sem hún byrjaði alla þrjá leiki liðsins í riðlakeppninni.

Frammistaða hennar á mótinu vakti mikla athygli en hún þekkir vel til í Þýskalandi eftir að hafa leikið með Bayer Leverkusen þar í landi, fyrst á láni árið 2016 en hún gekk svo alfarið til liðs við félagið árið 2019 og lék með liðinu í tvö tímabil.

Þá hefur hún einnig leikið með Slavia Prag á láni frá Þór/KA, árið 2018, en hún hefur tvívegis orðið Íslandsmeistari með Þór/KA, árin 2012 og 2017, og á að baki 190 leiki í efstu deild þar sem hún hefur skorað 121 mark.

„Þessar fyrstu tvær vikur hérna í Þýskalandi hafa verið ótrúlega skemmtilegar en á sama tíma mjög krefjandi,“ sagði Sandra í samtali við Morgunblaðið.

„Þetta er mikill pakki, að flytja heila fjölskyldu, og fyrstu dagarnir hérna hafa því verið vægast sagt annasamir. Unnusti minn er heima á Íslandi núna þar sem hann er að klára að ganga frá búslóðinni okkar og gera hana klára fyrir flutninga.

Ég og stelpa okkar erum því einar úti en móðir mín kom með mér út til þess að aðstoða mig með stelpuna þar sem hún er ekki komin inn á leikskóla ennþá. Þetta er klárlega þúsulspil en skemmtilegt þúsulspil og það verður gott þegar hlutirnir byrja að ganga sinn vana-gang og við verðum öll komin í góða rútínu,“ sagði Sandra.

Fljót að skrifa undir

Það var fátt sem benti til þess að Sandra væri á förum frá Þór/KA en hlutirnir eru ansi fljótir að breytast í fótbolta.

„Gylfi Sigurðsson umboðsmaður heyrir í mér í aðdraganda Evrópumótsins og spyr mig hvort ég sé eitthvað að velta því fyrir mér að fara aftur út í atvinnumennsku. Ég svara því til að ég sé alltaf tilbúin að skoða það, ef eitthvað spennandi kemur upp, og svo bara heyri ég í raun ekkert aftur í honum fyrr en Evrópumótinu lýkur í júlí.

Hann lætur mig svo vita af því að það séu nokkrir spennandi kostir í boði, þar á meðal Köln. Ég heyri í forráðamönnum Köln og við eigum nokkra mjög góða fundi um stöðuna. Viku seinna skrifa ég svo undir tveggja ára samning í Þýskalandi þannig að það tók ekkert sérstaklega langan tíma að ganga frá þessu þegar boltinn fór að rúlla.“



Ljósmynd/Jon Forberg

Thun Sandra María Jessen í baráttunni við Tuvu Hansen í leik Íslands og Noregs á Evrópumótinu í Sviss í sumar.

Opin fyrir Ítalíu og Spáni

Sandra var ekki bara eftirsótt af liðum í Þýskalandi því félög bæði á Ítalíu og Spáni sýndu henni mikinn áhuga.

„Ég var alveg opin fyrir því að fara til Ítalíu eða Spánar. Það er vissulega heitara þar en í Þýskalandi en það heillaði mig samt alltaf mest að fara til Þýskalands. Unnusti minn er þýskur og bæði ég, hann og dóttir okkar tölum öll þýsku. Ég þekki deildina út og inn eftir að hafa spilað hérna og ég veit nákvæmlega út í hvað ég er að fara.

Köln er risastórt félag í Þýskalandi og svo skemmdi það heldur ekki fyrir að með karlaliðinu leikur líka Íslendingur, Ísak Bergmann Jóhannesson. Þetta er ein háttskrifaðasta deild Evrópu og svo heillaði hugmyndafræði þjálfarans, Brittu Carlsson, mig mikið. Við erum með skýr markmið og félagið fékk um tíu nýja leikmenn í sumarglugganum. Núna erum við í ferlinu að púsla liðinu saman þannig að það eru mjög spennandi tímar fram undan.“

Endalaust þakklát Þór/KA

Sandra hefur verið einn besti leikmaður Íslandsmótsins undanfarin ár og algjör lykilmaður í liði Þórs/KA en hvernig var að kveðja félagið á þessum tímamarki?

„Það var ofboðslega erfitt, eitt það erfiðasta sem ég hef gert. Það tók virkilega á mig að segja Jóa [Jóhanni Kristni Gunnarssyni þjálfara Þórs/KA] frá því að ég væri að skoða möguleika erlendis og svo tók annað eins við þegar ég tjáði leikmannahópnum það að ég væri á förum. Mér þykir ofboðslega vænt um þetta félag og ég hef gefið bæði

líkama og sál fyrir Þór/KA í gegnum tíðina.

Það sem gerði þetta einna erfiðast var að yfirgefa félagið á miðju tímabili en á sama tíma gerast hlutirnir hratt í fótbolta og stundum þarf maður að stökkva á tækifærin þegar þau gefast. Ég væri ekki á þeim stað sem ég er í dag ef ekki væri fyrir Þór/KA og ég er endalaust þakklát þessu félagi. Að hugsa um tíma minn með félaginu fær mig til þess að brosa og ég vona að forráðamenn félagsins hugsi líka með hlýhug um tíma okkar saman.“

Hefur mikla trú á liðinu

Köln hafnaði í 10. sæti af tólf liðum á síðustu leiktíð og er án stiga í dag í ellefta sæti af fjórtán liðum eftir fyrstu tvær umferðirnar.

„Markmið félagsins er að gera sig gildandi í efri hluta deildarinnar á næstu árum. Ég er bara búin að vera hérna í tvær vikur en við erum á réttu leið og eins og ég kom inn á áðan er mikið um nýja leikmenn sem eru ennþá að koma sér inn í hlutina. Við vorum mjög óheppnar í síðasta leik gegn Freiburg þar sem við áttum einfaldlega að vinna. Við erum á þeim stað sem lið að við erum ennþá að búa til þessar tengingar á milli leikmanna og það er að koma, ég finn það sterkt á æfingasvæðinu. Ég hef mjög mikla trú á liðinu og að við munum byrja að safna stigum þegar við erum búnar að spila okkur aðeins betur saman.

Við erum líka með þjálfara sem tók við á miðju síðasta tímabili og leikmenn eru enn að læra inn á hennar hugmyndafræði. Hún er eldklár, mjög metnaðarfull og býr yfir mikilli reynslu en hún var lengi

vel aðstoðarþjálfari þýska kvennalandsliðsins þannig að hún kann ýmislegt fyrir sér. Frá því ég gekk til félagsins er hún búin að kenna mér heilan helling, sem kom mér aðeins á óvart verð ég að segja. Ég er orðin þrítug en er samt ennþá að læra, sem segir manni að þú getur alltaf bætt þig sem íþróttamaður, sama hversu gamall þú ert.“

Mikil vonbrigði á EM

Eins og áður sagði var Sandra í aðalhlutverki hjá kvennalandsliðinu á Evrópumótinu í Sviss þar sem Ísland tapaði öllum þremur leikjum sínum en er hún búin að jafna sig eftir vonbrigðin á EM?

„Ég held að það geti allir verið sammála um það að þetta mót hjá okkur var gríðarleg vonbrigði. Við erum allar með mikinn metnað til að gera vel og þetta sat lengi í manni, sérstaklega af því að við vissum að við áttum mikið inni og við gætum gert miklu betur en við sýndum á EM. Það var gott að komast heim á Akureyri, inn í annað umhverfi og einbeita sér að öðrum hlutum.

Ég skal alveg viðurkenna að þetta situr ennþá í mér en á sama tíma er þetta líka hvatning fyrir mig persónulega. Núna er ég komin í annað umhverfi þar sem samkeppnin er mikil og mér líður alltaf vel í þannig umhverfi. Ég þarf virkilega að ögra sjálfri mér og ég er hérna af því að ég er staðráðin í því að bæta mig sem fótboltakona. Vonandi getur maður tekið allt sem maður lærir hérna úti með sér inn í næstu landsliðsverkefni og hjálpað landsliðinu að ná sínum markmiðum,“ sagði Sandra í samtali við Morgunblaðið.

Löngu tímabært að sýna verk Ísleifs

● 50 ár síðan verk Ísleifs hafa verið sýnd heildstætt ● Sýningu Safnasafnsins um Ísleif lýkur næstu helgi ● „Merkilegt að sjá þau svona mörg saman“ ● Ísleifur var íhugull og hæglátur

VIÐTAL

María Margrét Jóhannsdóttir
mariamargret@mbl.is

Komin eru yfir 50 ár síðan verkum Ísleifs Konráðssonar (1889-1972) hefur verið safnað saman og þau sýnd heildstætt eins og gert er á



Unnar Örn

sýningunni *Hallir ímyndanna* í Safnasafninu. Ísleifur er jafnan talinn einn þekktasti „einfari“ í íslenskri listasögu en athygli vekur hversu fá verk eru eftir hann í eigu listasafna.

Á sýningunni má sjá 22 verk eftir Ísleif sem ekki hafa oft ratað fyrir augu almennings. „Það má segja að viss eigingirni hafi verið hvatinn að sýningunni en mig langaði sjálfan að sjá stóra sýningu á verkum hans,“ segir Unnar Örn myndlistamaður og sýningarstjóri. „Ég sá að hvergi var þannig sýning á dagskrá á verkum Ísleifs og því fékk ég Safnasafnið með mér í lið. Sérstaklega í ljósi þess að safnið fagnar í ár 30 ára afmæli, þá var tilefni til þess að leggja áherslu á frumkvöðla í alþýðulist sem Ísleifur svo sannarlega er. Verk hans halda algjörlega gildi sínu og það er merkilegt að sjá þau svona mörg saman. Ég er að sjá nánast öll verkin í fyrsta sinn.“

Var afkastamikill á efri árum

Ísleifur var sjálfærður í listinni og byrjaði seint að mála eða upp úr sjötugu.

„Hann sýndi fyrst í Bogasalnum í Þjóðminjasafninu árið 1962, þá 73 ára gamall. Á næstu tíu árum var hann mjög afkastamikill og hélt átta einkasýningar. Fólki þekkir kannski ekki mikið til hans í dag enda koma verkin ekki oft fyrir sjónir almennings. Þau eru að mestum hluta í eigu einkaaðila sem halda mjög fast í verkin. Það er helst að eitt og eitt rati á stærri sýningar á íslenskri listasögu. Ég þarf að þakka öllum þeim sem lánuðu verk



Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon

Ísleifur Þessi mynd er frá einkasýningu Ísleifs 1963 í Bogasal Þjóðminjasafnsins en hann var þá 74 ára.



Dritvík Ísleifur málaði gjarnan verk frá ýmsum stöðum á Íslandi þar sem sjá mátti landslag með fantasíublæ en verkið Dritvík var sýnt árið 1967.

til sýningarinnar – en fólk átti erfitt með að skilja við þau – höfðu jafnvel hangið uppi hjá því síðan 1972.“

Ísleifur fæddist á prestssetrinu Stað í Steingrímsfirði á Ströndum en foreldrar hans voru ógift vinnuhjú þar og hann var eins árs sendur í fóstur til Ólafar Jörundardóttur á Hafnarhólma á Selströnd í Kald-rananessókn. „Hann bjó hjá fóstur sinni og átti einn albróður sem bjó með mömmu þeirra á næsta bæ. Fóstran deyr þegar hann er 14 ára gamall og fer hann þá á flakk og tekur að sér ýmis störf og flytur um tíma til Danmerkur. Hann byrjar svo að mála þegar hann kemst á eftirlaun en hann hafði verið listrænn alla tíð. Það eru t.d. til sögur um það þegar Kjarval er að hvetja hann áfram í listinni og ráðleggja honum að kaupa sér trönu.“

Málaði listaverk á rúminu

Unnar Örn segir það ekki hafa verið sjálfgefið fyrir ólærðan lista-

mann að halda fyrstu sýningu sína í Bogasal Þjóðminjasafnsins á þessum tíma.

„Það er skemmtileg saga í kringum þá atburðarás en hana sagði mér Ásta Ólafsdóttir á Vopnafirði sem hann leigði herbergi hjá í Hlíðunum um tíma í kringum 1960. Hann var víst mjög privát maður og eignaðist aldrei fjölskyldu. Einn daginn bauð hann manni Ástu að koma í herbergið sitt og sýndi honum 15 verk sem hann hafði verið að mála á rúminu sínu án þess að þau hefðu um það grun. Þarna í herberginu heldur hann litla sýningu á verkunum og þau voru hans fyrstu áhorfendur.

Ásta ákveður svo í framhaldinu að halda sýningu á verkum hans inni í stofu hjá sér og býður nokkrum gestum í kaffi eitt kvöldið til að skoða þau. Einn af þeim sem er boðið er Björn Th. Björnsson listfræðingur. Hann vissi ekkert hverju hann mætti eiga von á og sagðist ekki ætla að stoppa lengi. En þegar hann sér verkin þá fellur hann fyrir þeim. Í framhaldinu fer allt af stað og hann fer að tala mjög fyrir nafni Ísleifs og hjálpar honum að setja upp fyrstu sýningar sínar í Bogasal Þjóðminjasafnsins. Þannig fær Ísleifur mjög mikinn stuðning en þá var Björn helsti listfræðingur þjóðarinnar og skrifar m.a. um Ísleif þannig að með honum séu Íslendingar loks búinir að eignast alþýðumálara – eins og hann orðaði það.“

Þú lagðist í mikla rannsóknarvinnu fyrir þessa sýningu, fékkstu einhverja tilfinningu fyrir því hvernig persónuleiki Ísleifur var?

„Það var talað um hann sem íhugulan, hæglátan og hljóðlátan mann. Hann var snyrtilegur og mjög barngóður. Bróðir hans átti fjölda afkomenda og þau tala um Ísleif sem mikinn fjölskyldumann þótt hann hafi alla tíð búið einn. Síðustu árin bjó hann á Hrafnistu í Reykjavík og hélt að minnsta kosti tvær sýningar þar. Hann er dádur í vissri kreðsu listunnenda og þekktur hjá ákveðinni kynslóð en að einhverju leyti hefur þekkingunni á verkum hans ekki verið haldið við, né haldið utan um hans heildarverk,“ segir Unnar Örn en sýningin *Hallir ímyndanna* stendur til sunnudags, 21. september, og er það síðasta sýningarhelgi í Safnasafninu á Svalbarðseyri þetta sumarið.

Notalegir Daggar



20% afsláttur af koddum, sængum og rúmfötum

Vogue Reykjavík Síðumúli 30 108 Reykjavík S: 533-3500	Vogue Akureyri Glerártorg 600 Akureyri S: 462-3504	Opið 10-18 virka daga 11-16 laugardaga Vogue.is	 Vogue FYRIR HEIMILIÐ
---	--	---	--

SAFNASAFNIÐ



Hrafnabjörg Vitað er að Ísleifur málaði í kringum 200 myndir.

Kalla eftir upplýsingum um verk eftir Ísleif Konráðsson

Talið er að fjölmörg verk eftir Ísleif Konráðsson leynist hjá einkaaðilum sem ekki er vitað um. „Við vitum lítið um þau verk sem leynast úti í samfélaginu,“ segir Unnar Örn. Við förum í gegnum sýningarskrár og töldum hátt í 200 verk. Þetta er góður fjöldi af verkum sem eftir hann liggja en við vitum bara um staðsetningu 40 til 50 verka. Safnasafnið leggur mikla áherslu á að halda utan um heimildir og staðsetningu

verka Ísleifs og það skiptir miklu máli enda ekkert annað safn sem sinnir þessum hópi alþýðulistamanna. Við vitum að einhver verk voru seld út fyrir landsteinana eins og til dæmis til Þýskalands. Við hvetjum því alla sem vita um verk eftir Ísleif að hafa samband við Safnasafnið,“ segir Unnar Örn en símanúmer safnsins er 461-4066 og eins er hægt að senda tölvupóst á netfangið safnasafnid@gmail.com.





Nánari upplýsingar um sýningartíma á sambio.is









Fjölskyldusýningin Lína Langsokkur var frumsýnd á Stóra sviði Þjóðleikhússins um helgina



Einbeitt Nick Candy með herra Niels og Birta Sólveig Söring Þórisdóttir sem leikur Línu Langsokk.



Brúðugerð Brúðumeistarinn Bernd Ogródnik og Nick Candy, sem stjórna meðal annars herra Niels, apa Línu Langsokks, í sýningunni.

» Fjölskyldusýningin Lína Langsokkur var frumsýnd á Stóra sviði Þjóðleikhússins um helgina. Með hlutverk Sigurlínu Rúllugardínu Nýlendínu Krúsímundu Efraímsdóttur Langsokks fer Birta Sólveig Söring Þórisdóttir. Um þessar mundir er því fagnað víða um heim að 80 ár eru liðin frá því þessi ástsæla persóna Astridar Lindgren leit dagsins ljós.



Fríður hópur Halla Björk Guðjónsdóttir, Kristín Þórdís Guðjónsdóttir, Ástrós Tekla Jóhannsdóttir, Heiða Lind Hermannsdóttir, Rafney Birna Guðmundsdóttir, Birta Sólveig Söring Þórisdóttir, Atli Rafn Sigurðarson, Kristinn Óli S. Haraldsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Almar Blær Sigurjónsson, Selma Rán Lima, Jakob van Oosterhout og Ebba Katrín Finnisdóttir.



Tæknimál Bragi Fannar F. Berglindarson, einn þeirra sem annast hljóðstjórn, aðstoðar Selmu Rán Lima, sem leikur Önnu, með mikkrofóðinn.



Klár Sviðsmaðurinn Siobhán Antoinette Henry hugar að leikmyndinni.

RÚV

10.30 HM í frjálsíþróttum
13.30 Fréttir með táknmálstúlkun
14.00 Heimaíðfimi
14.10 Kastljós
14.35 Útsvar 2013-2014
15.40 Silfrið
16.25 Spaugstofan
16.50 Vesturfarar
17.20 Myndavélar
17.30 KrakkaRÚV
17.31 Hróturinn Hreinn IV
17.38 Hvolpasveitin
18.00 Filsi og verkfærin
18.05 Blæja III
18.12 Tölukubbar
18.18 Haddi og Bibbi
18.20 Krakkafréttir með táknmálstúlkun
18.25 Lag dagsins
18.30 Meistarinn
19.00 Fréttir
19.30 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Kastljós
20.15 Hatur
20.50 Draumagufubaðið
21.05 Morðin í Port Talbot
22.05 Vofa Richards Harris
23.50 Babylon Berlin IV
00.45 Dagskrárlök

Sjónvarp Símans

16.35 Love Island
17.20 The King of Queens
17.45 The Unicorn
18.10 The Real Love Boat
19.10 The Block
20.10 Heartland
21.00 Elsbeth
21.50 NCIS: Origins
22.40 Ray Donovan
23.30 Handboltahöllin
00.20 NCIS
01.05 FBI
01.50 Chicago Med
02.35 Fire Country
03.20 Star Trek: Discovery



mbl.is
Sjónvarp

Ljós vakinn Ásdís Ásgeirsdóttir

Viðvörunarbjöllur klingja stöðugt

Í ástralska þættinum Fake, sem nú er sýndur í Sjónvarpi Símans, fylgjumst við með blaðakonunni Birdie Bell og raunum hennar í makaleit. Birdie kynnist Joe Burt í gegnum stefnumótapp og ákveður að gefa honum tækifæri. Úr verður ástarsamband, en Joe er sannfærandi og sjarmerandi en þó fráhrindandi á sama tíma. Viðvörunarbjöllur klingja alveg stöðugt. Birdie fer fljótlega að gruna að Joe sé ekki allur þar sem hann er séður, en þráin eftir ást og sambandi er sterkari og Joe fær sífellt fleiri sénsa.

Áhorfandinn situr límdur við kassann og langar helst að teygja sig í Birdie og hrista hana til og segja: Sérðu ekki hvað maðurinn er mikill loddari og lygari? Aðeins fjórir þættir af átta eru komnir í sýningu þannig að ekki er öll von úti enn að Birdie sjái í gegnum manninn og vísi Burt burt.

Þættirnir eru ansi grípandi og leikurinn góður hjá aðalleikurunum tveimur. Kannski eru þeir líka ágætis áminning til þeirra sem eru á stefnumótappum að fara varlega. Oft leynist úlfur í sauðargæru.



Svik Ekki er allt sem sýnist í þættinum Fake.

Rás 1 92,4 • 93,5

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Útvarpsfréttir
07.03 Morgunvaktin
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Útvarpsfréttir
09.03 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Útvarpsfréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Útvarpsfréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
11.57 Dánarfregnir
12.00 Útvarpsfréttir
12.03 Uppástand
12.10 Síðasta lag fyrir fréttir
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Þetta helst
13.00 Samfélagið

14.00 Útvarpsfréttir
14.03 Straumar
15.00 Útvarpsfréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Útvarpsfréttir
17.03 Lestin
18.00 Kvöldfréttir útvarps
18.10 Spegillinn
18.30 Krakkakastið
18.50 Veðurfregnir
18.55 Dánarfegnir
19.00 Tónleikur
19.50 Úr íslensku tónlistarlífi
20.35 Samfélagið
21.35 Hin hvíta segl
22.00 Fréttir
22.03 Veðurfregnir
22.07 Mannlegi þátturinn
23.05 Lestin

Sýn

07.00 Dóra könnuður
07.25 Óskastund með Skoppu og Skríttlu
07.35 Hvolpasveitin
08.00 Danni tígur
08.10 Rusty Rivets 1b
08.30 Sólarkanínur
08.40 Svampur Sveinsson
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Masterchef USA
10.05 The Traitors
11.00 Sullivan's Crossing
11.45 Um land allt
12.20 Neighbours
12.45 Grand Designs: Australia
13.40 Golfarinn
14.15 Hvar er best að búa?
15.00 Kúnt
15.15 Masterchef USA
15.50 The Traitors
16.45 Sullivan's Crossing
17.30 Bold and the Beautiful
17.55 Neighbours
18.25 Veður
18.30 Kvöldfréttir
18.50 Sportpakinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Masterchef USA
20.00 The Great British Bake Off
21.10 Shark Tank 16
22.00 Brjánn
22.25 Fallen
23.10 Chucky
00.40 Hvar er best að búa?
01.25 Grand Designs: Australia

Omega

08.00 Vonarljós
08.31 Vegur Meistarans
09.00 Barnaefni
09.27 CTF samkoma
09.59 Vonarljós
10.30 Máttarstund
11.27 Á göngu með Jesú
12.05 Dýrðarfrelsi Guðs
13.03 Hvs.kirkjan í Keflavík
13.57 Vonarljós
14.36 Viðtal
15.32 I am Equipping Center
17.02 Trúarlíf
18.02 Barnaefni
18.28 Nauðgun Evrópu
19.43 Hugleiðing
20.00 Vonarljós
20.30 Biblíulestur
21.32 Það er yfirnáttúrulegt
21.58 Vonarljós
22.30 United samkoma
00.00 Þjóðsöngur
00.04 Vonarljós



„Besti staður sem ég hef komið á“

Bolli Már, þáttastjórnandi Ísland vaknar, var vakinn í beinni þegar Þór Bæring hringdi í hann til Split í Króatíu í gær. Bolli, sem er í frii, hafði þá eytt helginni á snekkju. „Það var snekkja og við áttján saman sigldum út í einhverjar eyjar og borðuðum.“ sagði hann og viðurkenndi að röddin væri farin eftir allt „trallið“. „Þetta er nú bara besti staður sem ég hef komið á,“ sagði Bolli sem sagði frá stemningunni í þættinum. Hann ræddi jafnframt um fótboltaleik Þróttar og Þórs um helgina sem hann fylgdist að sjálfsgöðu með. Spjallið við má finna á K100.is.



6 til 10 Ísland vaknar Þór Bæring og Bolli Már vakna með hlustendum K100 alla virka morgna. 10 til 14 Kristín Sif Skemmtileg tónlist og létt spjall yfir daginn með Kristínu. 14 til 16 Ásgeir Páll Fersk og skemmtileg tónlist, létt spjall og leikur ásamt því að fara skemmtilegri leiðina heim með hlustendum síðdegis. 16 til 18 Skemmtilegri leiðin heim Ásgeir Páll, Regína Ósk og Jón Axel með hressilegar upptakur, spjall og tónlist. 18 til 22 Heiðar Austmann Besta blandan af tónlist öll virk kvöld á K100. 7 til 18 Fréttir Fluttar eru fréttir frá ritstjórn Morgunblaðsins og mbl.is á heila tímanum alla virka daga.



Dagmál

mbl.is/dagmal

Horfðu hér




Bifreiðaeigendur orðið hart úti

Það er upplifun margra að lítil skilningur og velvilji hafi verið í garð bifreiðaeigenda á höfuðborgarsvæðinu upp á síðkastið. Þrengt hefur verið að notkun einkabílsins á ýmsa vegu. Til dæmis hefur hægriþeygjum inn á stofnbrautir verið fækkað og ljósaþýringu umferðarljósa ábótavant. Runólfur Ólafsson framkvæmdastjóri FIB ræðir þetta ásamt fleiri í þætti dagsins.

Veðrið kl. 12 í dag

Norðaustan og austan 3-10 m/s, en gengur í norðaustan 8-15 norðvestan til. Víða dálitlar skúrir, en lengst af þurrt um landið suðvestanvert. Hiti 5-14 stig, mildast á Suðvesturlandi.



Á miðvikudag: Norðaustan 5-13 m/s og dálitlar skúrir eða él, en að mestu þurrt og bjart á Suður- og Vesturlandi. Hiti 2-10 stig, mildast syðst. Á fimmtudag og föstudag: Norðlæg átt 3-10 m/s, hvassast við austurströndina. Bjart með köflum sunnan heiða, en skýjað og dálítill el norðan- og austanlands. Hiti 1-8 stig og útlit fyrir næturfrost í flestum landshlutum.

16. september	Sólarupprás	Sólsetur
REYKJAVÍK	6:51	19:56
ISAFJÖRÐUR	6:53	20:03
SIGLUFJÖRÐUR	6:36	19:47
DJÚPIVOGUR	6:20	19:26

Byggt á upplýsingum frá Veðurstofu Íslands

Veður víða um heim kl. 18.00 í gær að isl. tíma				°C	Veður
Reykjavík	12	skýjað	Lúxemborg	18	léttskýjað
			Brussel	17	léttskýjað
Akureyri	11	alskýjað	Dublin	15	skýjað
Egilsstaðir	10	alskýjað	Glasgow	14	léttskýjað
Hvalnes	None	alskýjað	London	17	skýjað
Nuuk	2	alskýjað	Paris	20	skýjað
Þórshöfn	13	heiðskirt	Amsterdam	18	léttskýjað
Ósló	11	rigning	Hamburg	18	rigning
Kaupmannahöfn	16	léttskýjað	Berlin	20	heiðskirt
Stokkhólmur	15	léttskýjað	Vín	25	heiðskirt
Helsinki	15	skýjað	Moskva	19	léttskýjað
			Algarve	24	heiðskirt
			Madrid	32	heiðskirt
			Barcelona	27	heiðskirt
			Mallorca	28	léttskýjað
			Róm	26	heiðskirt
			Áþena	27	heiðskirt
			Winnipeg	24	þoka
			Montreal	19	léttskýjað
			New York	25	heiðskirt
			Chicago	25	heiðskirt
			Orlando	29	heiðskirt

Tókstu vítamínin þín í morgun?

Gæði - Hreinleiki - Virkni



Bætiefni koma ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki neyta meira af vörunni heldur en ráðlagður daglegur neysluskammtur segir til um án ráðlegginga frá lækni. Ófrískar konur, konur með börn á brjósti og þeir sem eru að taka lyf ættu einnig að ráðfæra sig við lækni varðandi inntöku bætiefna. Geymist þar sem börn ná ekki til.



Ódýrasta hleðslan fyrir fjölbýli

frá 3.390 kr.
á mánuði í áskrift



amper

S. 546 4200 | amper.is

Frábær stemning hjá íslenska hópnum

● Ísland hlaut bronsverðlaunin í iðnaðarrafmagni

Dóra Ósk Halldórsdóttir
doraosk@mbl.is

Það var stór hópur Íslendinga sem lagði leið sína til Herning í Danmörku í síðustu viku á EuroSkills 2025, Evrópumót iðn-, verk- og tæknigreina, sem haldið var 9.-13. september. Mótið er haldið annað hvert ár og Ísland hefur átt fulltrúa í keppninni frá árinu 2007. Í ár var keppt í 38 greinum og kepptu 13 Íslendingar í jafn mörgum greinum og hafa aldrei verið jafn margir og nú. Allir íslensku keppendurnir hafa náð góðum árangri í sinni grein og nokkrir þeirra voru sigurvegarar í Íslandsmóti iðn- og verkgreina, Minni framtíð, sem fór fram í Laugardalshöll fyrr á árinu. Á síðustu Evrópumótum hafa keppendur frá Íslandi staðið sig með þryði og hlotið sérstakar viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur, en bestí árangur Íslands er silfurverðlaun í rafeindavirkjun í EuroSkills í Búdapest árið 2018.

Hlaut brons í iðnaðarrafmagni

Gunnar Guðmundsson, keppandi í iðnaðarrafmagni, vann til bronsverðlauna í sinni keppnisgrein á Euroskills fékk 719 stig, en Martin Riegler frá Austurríki var í 2. sæti með 721 stig og Philip Svensson frá Svíþjóð hlaut gullverðlaunin með 737 stig.

Þá hlutu tveir íslenskir keppendur verðlaunin „Medal of excellence“ fyrir framúrskarandi árangur. Það voru þau Andrés Björgvinsson fyrir matreiðslu og Daniel Francisco Ferreiga sem keppti í húsarafmagni. Einnig hlaut Hildur Magnúsdóttir hraðaverðlaun í sínu fagi, málara-iðn.

Skemmtilegur hópur

Ezekiel Jakob Hanssen, sem er nýbyrjaður í meistaranámi hjá Tækniskólanum í Hafnarfirði, keppti fyrir hönd Íslands í pípulögnunum en hann segir að þessi reynsla í Danmörku hafi verið frábær. Hann segir að markmiðið sitt fyrir keppnina hafi verið skýrt. „Fyrst og fremst að klára verkið,



Hópurinn Íslensku þátttakendurnir í EuroSkills 2025 fyrir utan Bessastaði með Höllu Tómasdóttur forseta sem tók á móti þeim með virktum í gær.



Brons Gunnar Guðmundsson hlaut bronsverðlaun í iðnaðarrafmagni á EuroSkills, Evrópumóti iðn- og verkgreina sem haldið var í Danmörku.

halda góðu tempói og standa mig vel.“ Hann segist hafa mjög gaman af því að finna lausnir við áskorunum og að stemningin hafi verið frábær hjá íslenska hópnum.

„Mikill heiður“

Hópurinn kom aftur til landsins seint á sunnudaginn og í gær var farið til Bessastaða þar sem Halla Tómasdóttir forseti heiðraði hópinn. „Það var frábært að enda EuroSkills-ævintýrið í boði á Bessa-

stöðum hjá forseta Íslands og mikill heiður,“ sagði Gunnar, bronsverðlaunahafi í iðnaðarrafmagni, í gær. Hann sagði að það væri einstök upplifun að hljóta verðlaun í keppninni. „Það var eitthvað sem mig dreymdi um en með því að leggja hart að sér í undirbúningi er hægt að ná langt. Núna tekur við að miðla af þeirri reynslu sem ég hef viðað að mér til næstu keppenda frá Íslandi í EuroSkills þannig að við náum vonandi aftur á verðlaunapall.“

ÍÞRÓTTIR



Erfitt að yfirgefa Akureyrarliðið

Sandra María Jensen, landsliðskona í knattspyrnu, segir að það hafi verið gríðarlega erfitt að yfirgefa Þór/KA til að spila með Köln í Þýskalandi en hún fór til þýska félagsins í lok ágúst. „Ég er endalaust þakklát þessu félagi,“ segir Sandra um Akureyrarliðið en hún er nú byrjuð að spila af fullum krafti með Köln í einni af sterkustu deildum heims. » 31

MENNING



Flökt og fuglasöngur franska tónskálda í aðalhlutverki

Flautuleikarinn Björg Brjánsdóttir og píanóleikarinn Richard Schwenicke halda tónleika undir yfirskriftinni Flökt í Norðurljósum Hörpu í kvöld, 16. september, kl. 20. Efnisskrá þessara tónleika er sögð einkennast af flökti og fuglasöng franska tónskálda. „Elsta verkið á efnisskránni, Síðdegi skógarpúkans, er eitt lykilverka impressjónismans og var sagt marka kaflaskil í tónsmíðum, en impressjónisminn er einmitt augljós innblástur næstu þriggja kynslóða tónskálda sem flutt verða á tónleikunum.“ Miðasala fer fram á tix.is.

MILT en ÖFLUGT

Immortelle ofurseyði.
Staðgengill náttúrunnar
fyrir retínól.



L'OCCITANE
EN PROVENCE

Kringlan & Smáralind
s. 577-7040 | www.loccitane.is



Í lausasölu 990 kr.
Áskrift 10.490 kr. Helgaráskrift 6.690 kr.
PDF á mbl.is 9.190 kr. iPad-áskrift 9.190 kr.

Sími 569 1100
Ritstjórn ritstjorn@mbl.is Auglýsingar augl@mbl.is
Áskrift askrift@mbl.is mbl.is@netfrett.is

BÍLAR

Morgunblaðið

ÞRIÐJUDAGUR
16. SEPTEMBER 2025

» Fortíðarþráin og nútíminn mætast í margverðlaunuðum Renault 5. **8-9**



Konungurinn fylgdist með

» Adam Stefánsson stóð sig eins og hetja í afar krefjandi keppni bifvélavirkja. **2**



Lúxusinn er staðalbúnaður

» Nýjar útgáfur Xpeng G6 og G9 sýna hvernig hestöflin eru að víkja fyrir hugvitinu. **4-6**



Mætir bráðum í umferðina

» Niels segir það líklega hafa þótt svolítið töff í MH að sleppa því að taka bílpróf. **10**



Á fullri ferð að safna punktum?

Öflugir radarvarar frá **COBRA** og **ESCORT**

Síðumúla 19 • Sími 581 1118 • nesradio.is

NESRADIÓ

Gerði við bíla undir vökulu auga Danakóngs

Í fyrsta skipti átti Ísland fulltrúa í bílgreinaflokki á Euroskills. Í þrjá daga fékk Adam Stefáns-son að kljást við miklu flóknari vandamál en bifvélavirkjar fá að kynnst í sínum dag-legu störfum.

Ásgeir Ingvarsson
ai@mbl.is

Keppni var að ljúka á Euroskills 2025, en um er að ræða Evrópumeist-aramót iðngreina og fór viðburðurinn að þessu sinni fram í bænum Herning í Danmörku.


Að vanda sendi Ísland keppend-ur á mótið en í þetta skiptið átti landið í fyrsta skipti fulltrúa í flokki bílgreina. Adam Stefánsson, 24 ára bifvélavirki, stóð sig eins og hetja á móti 18 fulltrúum annarra landa og þurfti að leysa úr sérlega krefjandi áskorunum.

Adam útskrifaðist frá Borg-arholtsskóla árið 2021 og hefur því haft fjögur ár úti á vinnumarkaðin-um til að finskerpa hæfileika sína í faginu, en þátttakendur í mótinu mega vera allt að 25 ára gamlir.

Til glöggvunar eru haldin tvö stórmót iðngreina: Annars vegar er Euroskills sem haldið er annað hvert ár og hins vegar Alheimsmótið sem fer fram árin þar á milli. Á Evrópumótinu er keppt í bifvéla-virkjun en á Alheimsmótinu er líka keppt í sprautun og bifvélasmiði.

Verulega krefjandi áskorun

„Keppnin fer þannig fram að búið er að útbúa nokkra bíla alveg sér-staklega fyrir keppnina, og í þetta skiptið var um að ræða Renault, Kia og Mercedes-Benz. Gengið hefur verið þannig frá tölvubúnaði bílanna að prófðómarar geta „sett inn“ villur sem við þurfum svo að finna og greina,“ útskýrir Adam og bætir við að um sé að ræða bilanagreiningu sem er mun meira krefjandi en bif-vélavirkjar þurfa yfirleitt að eiga við. „Á venjulegu verkstæði fáum við inn bíla sem eru kannski með eina eða



Adam við eina af þrautum mótsins. Að greina flókna og mikla bilun í bifreið er ekki létt verk.



Sem barn gat Adam þekkt bíla í sundur af hljóðinu einu saman.

tvær bilanir, en í þessum prófum þurfum við kannski að finna út úr 20 eða 30 mismunandi bilunum í hvert skipti og höfum aðeins klukkustund til að leysa úr vandanum.“

Keppendur fengu einn dag til að kynnst og læra á þau tæki og tól sem þeir máttu nota á mótinu og strax í kjölfarið kom keppnin sjálf og skiptist í fimmtán verkefni sem dreifðust yfir þrjá daga.

Aðrir fulltrúar Íslands í keppninni voru flestir yngri en Adam, og segir hann að eftir að hafa látið fulltrúa fylgjast með keppninni síðast hafi verið afráðið að senda eldri og reyndari bifvélavirkja til mótsins, frekar en nýútskrifaðan. Þeir tíu Íslendingar sem náð hafa hæstu einkunn í sveinsprófi bifvélavirkja-námsins voru boðaðir í próf og varð Adam þar hlutskarpastur. „Þetta hefur verið verulega krefjandi keppni og hefði verið óráðlegt að kasta nemanda svona út í djúpu laugina í fyrstu atlögu,“ segir hann.

Herma eftir viðgerð

Að sögn Adams var ein helsta hindrunin að þau tæki sem keppend-ur höfðu afnot af reyndust full-komnari en íslenskir bifvélavirkjar eiga að venjast. „Búnaðurinn suður í Evrópu virðist af töluvert hærri

skala en sá sem við notum á Íslandi. Þetta er rándýr búnaður en eftir að hafa kynnst honum betur er ljóst að það væri ógalið að koma svona tækjum til Íslands.“

Að greina villur í bíl er töluverð kúnst og segir Adam að mörg hundruð vírar liggi í tölvuna í nýjum bíl og beini þangað upplýsingum af öllu tagi. Þau merki sem berast tölvunni geta verkað saman á ýmsan hátt og þarf bifvélavirkinn að vinna í gegnum hvert lagið á fætur öðru, frá einni bilun til þeirrar næstu. „Við segjum prófðómara hvað við teljum að hver villa sé að segja okkur, og þeir geta notað sérstaka tölvu til að eyða villunum út ef við höfum á réttu að standa og þannig hermt eftir framvindu viðgerðar.“

Keppnin snerist ekki bara um villulestur heldur þurfti einnig að gera ítarlega bremsuskoðun og viðgerð, framkvæma hjólastillingu, og rífa vél í sundur og setja aftur saman. „Við höldum að keppnin myndi prófa grunnþekkingu í öllum helstu sviðum bifvélavirkjunar en þegar á hólminn var komið var ætlast til þess að keppendur væru rosalega góðir í öllu ef þeir áttu að eiga einhvern séns.“

Gaman er að segja frá því að mikill fjöldi gesta lagði leið sína á Euroskills. Viðburðurinn dreifðist á nokkrar stórar sýningarhallir og skilst Adam að í kringum 100.000 manns hafi komið til að fylgjast með um 600 keppendum frá öllum lönd-um Evrópu. „Það er mikið líf í kring-um keppnina og þó nokkur læti, og kom m.a. Friðrik X Danakóngur við á básnum mínum og fylgdist með mér að störfum.“

Með meðfædda hæfileika

Vilji lesendur treysta Adam fyrir bílnum sínum þá vinnur hann hjá Bilaverkstæði Högna í Hafnarfirðin-um. Hann er einn af þessum bifvéla-virkjum sem virðast hafa fæðst með smurolíu í blóðrásinni og man hann ekki eftir sér öðruvísi en að fíkt í hvers kyns vélbúnaði. „Sem barn gat ég þekkt bíla í sundur á hljóðinu og þrettán ára fékk ég að kaupa minn fyrsta bíl og geyma hann fyrir utan hús foreldra minna þar sem ég fékk að dytta að honum.“

Bláamaður spyr hvort þátttaka í svona keppni opni ekki dyr og játar hann að á svona viðburði mæti menn í leit að hæfileikafólki, og ekki óþekkt að freistandi atvinnutilboð fylgi í kjölfarið. „Enda er varla hægt að setja neitt flottara á ferilskrána en að hafa tekið þátt í svona móti, hvað þá að hafa unnið til verðlauna.“



Ljósmynd/Askja

Greinilegt er að dýraafurðalaus innréttingin í GLC er falleg og stílhrein.



Bílaframleiðendur eru farnir að setja aukinn metnað í að koma til móts við dýravini.

GLC fyrstur með vottaða vegan-innréttingu

Gaman hefur verið að fylgjast með viðleitni bílaframleiðenda til að lágmarka notkun dýraafurða í bifreiðum sínum.

Hefur áherslan einkum verið á að bjóða upp á eitthvað annað en leðuráklæði, og reynt að finna efni sem hafa þó sömu eigin-leika hvað varðar áferð, styrk og hreinlæti. Framleiðendur hafa farið ýmsar leiðir að þessu marki og t.d. brúkað áklæði sem gerð eru úr gerviefnum eða unnin úr hráefni sem fengið er frá plönturíkinu.

Nú hefur Mercedes-Benz gengið skrefinu

lengra og kynnrir til sögunnar GLC með inn-réttingu sem fengið hefur sérstaka vottun frá samtökunum The Vegan Society. Um er að ræða fyrstu og elstu grænkerasamtök heims, stofnuð í Bretlandi árið 1944, og er grænkeravottun veigamikill þáttur í starfi þeirra.

Mercedes-Benz segir þetta vera í fyrsta skiptið sem vegan-innrétting í bifreið er vottuð af óháðum aðila, og hefur The Vegan Society gengið úr skugga um að GLC-bílar með svokölluðum vegan-pakka séu innrétt-

aðir án dýraafurða, allt frá lofti niður í gólf. Er ekki ein einasta arða af dýraafurðum notuð nokkurs staðar í framleiðsluferli inn-réttingarinnar, og í stað dýrahúða eru sætin klædd með svokölluðu Artico-gervieleðri.

Úttektin fór fram í nánú samstarfi við birgja Mercedes-Benz og ef dýraafurðir reyndust einhvers staðar koma við sögu var framleiðsluaðferðum breytt eða önnur efni valin í staðinn.

Dýravinasamtökin PETA gerðu nýverið úttekt á framboði nýrra bíla með dýra-

afurðalausar innréttingar, og er nú svo komið að langflestir framleiðendur hjóða upp á það sem valkost fyrir sín vinsælustu módel að panta innréttingu sem er laus við dýraafurðir að mestu eða öllu leyti.

Er um að gera að láta það fljóta með, að ólíkt því sem margir halda þá er alcantara ekki gert úr dýraleðri heldur er um að ræða gerviefni. Alcantara þykir afar heppilegt áklæði á sæti og stýri í sportbílum, enda grípur efnið vel, auk þess að hafa fallega rúskinnssáferð. ai@mbl.is



Toyota
Professional

NÝR TOYOTA **PROACE MAX** ER MÆTTUR

MAX MAX MAX OG AFTUR MAX

ÞESSI STÓRGLÆSILEGI ATVINNUBÍLL ER SÁ STÆRSTI HINGAÐ TIL OG FULLKOMNAR PROACE-LÍNU TOYOTA.



Komdu og kynntu þér Proace Max og alla Proace-línuna, bæði í **díselútgáfu** sem og **rafmagnsútgáfum**.

TOYOTA **PROACE MAX** RAFMAGNSBÍLL
VERÐ FRÁ 12.990.000 KR. (SENDIBÍLL)



TOYOTA **PROACE CITY** RAFMAGNSBÍLL
VERÐ FRÁ 7.860.000 KR. (SENDIBÍLL)



TOYOTA **PROACE** RAFMAGNSBÍLL
VERÐ FRÁ 8.490.000 KR. (SENDIBÍLL)

Söluráðgjafar gefa frekari upplýsingar um ýmsar útfærslur og frábær sérkjör

TOYOTA PROFESSIONAL
- FYRIRTÆKJALAUSNIR

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bílarnir í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur. Sjá nánar á www.toyota.is



Nýtt útlit hins skemmtilega Xpeng G6 er einkar glæsilegt og grátóna fjólublár liturinn mun vafalaust vekja athygli þegar bíllinn mætir á íslenskar götur. Það er þó ekki aðeins útlitið sem er breytt: bíllinn er hlaðinn framúrstefnulegum tækni-eiginleikum og einkar hljóðlátur og lipur í akstri.

X markar fjársjóðinn

Ljósmynd/Xpeng

Nýjar útgáfur Xpeng G6 og G9 voru prófaðar í München og stóðust allar væntingar blaðamanns.

Andrea Sigurðardóttir
andrea@mbi.is

Xpeng kynnir um þessar mundir nýja og spennandi G6 og G9 og eru þeir væntanlegir til landsins í byrjun október. Af því tilefni brá blaðamaður sér í skottúr til München á dögum með bílaumboðinu Unu og fékk forskot á sæluna. Uppfærslan á G6 er nokkuð umfangsmeiri en á G9 og því verður sá bíll hafður í forgrunni umfjöllunarinnar.

Við lentum í München um hádegisbil og vorum örskömmu síðar sest upp í nýjan og glæsilegan G6. Nýja útgáfan kemur meðal annars í lit sem kannski verður best lýst sem grátóna fjólubláum og er einstaklega vel heppnaður. Ég man í svipinn ekki eftir álíka lit í bílaflóru landans og á ökutækioð því vafalaust eftir að vekja athygli. Litapalletta G6 er innblásin af geimnum, en sá gráfjólublái (e. Stellar purple) er sá sem hreif mig mest.

Hinn nýi G6 er afar glæsilegur og sportlegur. Fagurfræðilega séð gengur allt upp, jafnt að innan sem utan. Bíllinn er búinn tveimur skjáum; stærri skjárin, sem er aðalstjórnborðið, er fyrir miðju en svo er minni skjár beint fyrir framan ökumanninn. Fíðusarnir eru því sem næst endalausir; sumt sem maður hefur séð áður, en annað sem var nýtt fyrir mér. Svo tæknilega er bíllinn búinn að ég fullyrði að ég saknaði einskis.

Sætin eru úr ekta leðri, það er ekkert verið að æra óstöðugan með einhverju pleðri sem er yfir og allt um kring í bílaheiminum í dag. Svo mikið, að ég var næstum því búin að gleyma hversu góð lyktin er í nýjum bíl með leðuráklæði. Það er ákveðin víma sem felst í því en þó



Hér má sjá innra rými G6 í ljósum tónum. Sætin eru klædd ekta leðri og hönnunin er stílhrein.

ekki slík að maður sé ekki ökufær – þvert á móti!

Það helsta sem er nýtt er að DC-hleðslan er orðin mun hraðari, fer úr um 3C í 5C, eða um 451 kílóvatt í DC-hleðslu. Ytra byrði bílsins hefur fengið nýtt útlit, en mest eru áberandi framljósín sem nú eru óslitin LED-ljósapverrönd, þar sem merki Xpeng hefur verið fært neðar. Þá eru hjólin ný og straumlínulögunin á ytra byrðinu er að mínu mati orðin fallegrí en áður.

Skjáirnir tveir eru ögn stærri og við hefur bæst skjár í baksýnisspeglinum, þannig að hægt er að velja hvort horft er í raunverulegan spegil eða baksýnin fengin í gegnum myndavél. Sætin bjóða enn sem áður hita og kælingu og koma nú með nuddi í nýju útgáfunni. Innri hönnun bílsins hefur verið uppfærð og hefur meiri glæsibrag á sér en áður.

Nú er gervigreindar-aksturs-

aðstoðin orðin staðalbúnaður í bílnum, en hún notar allt í senn myndavélar, radar og gervigreind til þess að hjálpa við aksturinn, skipta um akreinar, veita leiðsögn, skynja hindranir í veginum og leggja sjálfvirk í stæði. Hljóðeinangrun hefur verið eflð, farangurspláss aukið og rafhlaðan er betur högg- og hitavarin.

Á sama tíma og mjög hefur verið aukið við staðalbúnað bílsins hefur verðmiðinn lækkað umtalsvert ytra.

Af stað!

Það er alltaf örlítið taugatrekkjandi að setjast inn í spánnýjan bíl og aka honum um ókunnar slóðir í nýju landi. Ég hef ekið víða erlendis, meira að segja á Bretlandi í vinstri umferð, en fyrstu kílómetrarnir eru þrátt fyrir það alltaf smá brekka á meðan maður venst aðstæðum og umferðarmenningu.

Þjóðverjinn má eiga það að hann er agaður og tillitssamur í umferðinni, svo að þetta var allt saman fljótt að venjast og sjálfstraustið að aukast. Við svona streituástand sakar heldur ekki að hafa baknudd í sætinu sem hjálpar til við að róa taugarnar, en það er einmitt tilfellið í G6!

Hugarafi í stað hestafla

Búið var að setja upp lengri leiðina af flugvælinum yfir á hótelið í leiðarkerfi bílsins. Á sama tíma og ég reyndi að fylgja leið á þýskri hraðbraut var ferðafélagi minn að fíkta í skjánum, þannig að kortið hvarf mér sjónum, sem mér fannst óþægilegt þangað til ég uppgötvaði að kortið er líka sýnilegt á minni skjánum sem er staðsettur beint fyrir framan ökumanninn. Farþeginn getur því fíktað í stjórnskjánum að vild, jafnvel horft á eitthvert skemmtilegt sjónvarpsefni til þess að stytta sér stundir, án þess að

það trufla bílstjórnann. Það þykir mér frábær kostur!

Hér áður fyrr höfðu hestöfl meira vægi en þau gera í dag, einfaldlega vegna þess að með tilkomu rafbíla er krafturinn orðinn allt annar og hestöflin ódýrari. Á undanförunum árum hafa bílaframleiðendur keppt sín á milli um að ná sem mestri drægni en nú bjóða flestir nýir rafbílur upp á fullnægjandi drægni.

Í dag er auðsýnilegt að áherslurnar í samkeppninni eru að breytast og hestöfl víkja fyrir hugarafi. Þetta eru tölur á hjólum og menn keppast um að bjóða bestu tölvuna, með hagnýtustu og skemmtilegustu eiginleikana – og það segir sig sjálft að gervigreindin leikur þar stórt hlutverk til framtíðar. Þegar drægnin er komin um og yfir 500 km á hleðslu dugir það langflestum og samkeppnin liggur ekki lengur þar. Nú bitast menn um að bjóða sem mestan hleðsluhraða.

Ökumenn alrafmagnaðra bíla kannast eflaust flestir við þann hausverk sem fylgir því að þurfa að bíða í hátt í klukkustund á hraðhleðslustöð, stundum á ögur-stundu. Ég á sjálf sennilega með dramatískari senum í þeim efnum þegar ég þurfti að fara á hleðslustöð um miðja nótt, í miðri barnsfæðingu! Ögleymanlegt atriði og kómískt eftir á að hyggja, en mér var síður en svo hlátur í huga þá.

Þeir sem hyggja á barneignir, eða vilja geta treyst á skyndihleðslu í hröðum heimi af öðrum ástæðum, þurfa ekki að örvænta því að þetta er óðum að breytast. Hinir nýju Xpeng, hvort tveggja G6 og G9, koma með ofurhraðri hleðslu þar sem bíllinn getur farið úr 10% í 80% á aðeins 12 mínútum við bestu aðstæður. Það er æði vel af sér vikið. Þá eru bílarnir hlaðnir skemmtilegum eiginleikum – eða fíðusum á lélegri íslensku – sem gerir að verkum að það er endalaust hægt að fíkta. Ég sé fyrir mér að nýr eigandi Xpeng upplifi sambærilega tilfinningu og maður gerði þegar nýr snjallsími kom á markað með alls konar spennandi nýjungum. Maður hverfur aftur til barnæskunnar og er í nokkrar vikur að fíkta

Bílskúrs- og lõnaðarhurðir

Smíðað eftir máli

lõnaðarhurðir

lõnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

**Fyrsta flokks þjónusta
og ráðgjöf**



VH HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, www.vagnar.is



Ljósmynd/Xpeng

Hönnun ytra byrðis Xpeng G6 er einstaklega vel lukkuð. Ávalar línur í bland við smá brodd ná saman í fullkominni harmóníu. Bíllinn er sportlegur og praktískur í senn, að innan sem utan. Hann þjónar eiganda sínum vel hvort sem er innanbæjar eða á þýskri hraðbraut. Við kjöraðstæður tekur nú aðeins 12 mínútur að hlaða rafhlöðuna úr 10% í 80%.

og uppgötva nýja skemmtilega virkni eftir að maður eignast nýju græjuna.

Ef ég reyni að kreista fram eitt-hvað sem hægt er að setja út á þá væri það kannski að fidusarnir eru það margir, og svo margt í gangi, að það gæti verið svolítið yfirþyrmandi fyrir suma sem eru vanari meiri einfaldleika í viðmóti.

Að því sögðu er stýrikerfið samt skipulega uppsett, þannig að ég held að langflestir ættu að ráða við að þræða sig í gegnum það að stilla bílinn eftir sínu höfði og finna þá eiginleika sem til þeirra höfða.

Eitt sem ég elskaði við þennan bíl, í samanburði við aðra nýja bíla hér í álfunni, er hvernig farið er með þá þýngjandi evrópsku kröfu (svei þér, ESB!) að bílar verði að pípa yfir öllu mögulegu, nú síðast ef maður ekur yfir hámarkshraða, sem ég gengst góðfúslega við að ég gerist af og til sek um. Ég er á því að allur þessi hávaði trufli frekar við aksturinn en hitt og sé til þess fallinn að auka slysátöni ef eitthvað er, en svo ég taki það skýrt fram byggji ég það eingöngu á eigin reynslu og engum empírískum vísindarannsóknum. Oftast þarf maður að fara langa leið að því að slökkva á grábölvuðum hávaðamerkjunum og stundum er ekki vinnandi vegur að finna út úr því. Í Xpeng birtist aftur á móti gluggi á skjánum við fyrsta píp sem býður manni kurteislega að slökkva á hljóðinu. Fyrir það ber að þakka.

Ég spái því að geðheilsa Xpeng-ökumanna verði fyrir vikið merkjanlega betri en annarra innan fárra ára og legg til að á því verði gerð samanburðarrannsókn til að staðfesta kenningu mína.

Talandi um hámarkshraða, þá er hann víða ekki vandamál í Þýskalandi, þar sem hraðbrautirnar eru sums staðar alveg lausar við slík leiðindi. Það var mögnuð upplifun að aka bílnum á einni slíkri og stilla á svokallað „launch mode“ og gefa allt í botn. Það jafnast fátt á við að finna þýngdaraflskraftinn toga mann aftur í sætið.

Í slíkum leiðangri er mikilvægt að hafa góða tónlist og hljóðkerfið í bílnum olli ekki vonbrigðum. Það er mjög kraftmikið og hljómgott!

Það var virkilega skemmtilegt að aka hinum nýja G6 og ég get eiginlega ekki fundið honum nokkuð til foráttu. Hann er lipur, hraður, skemmtilegur og glæsilegur í alla staði. Hann er einstaklega hljóð-



Klassískt brúnt leðuráklæði á sætum hins settlega G9, sem hlýtur að vera draumabíll úthverfapabbans.



Ný útgáfa hins settlega G9 felur í sér aukin þægindi og meiri lúxus. Sannkölluð stofa á hjólum.

látur á veginum, þannig að manni leið stundum eins og maður svifi á veginum án nokkurrar mótstöðu.

Stofa á hjólum

Morguninn eftir var komið að því að prófa hinn nýja G9. Sá er stærri, í hærri verðflokki og almennt settlegri en G6, það er að segja að G6 er sportlegri en G9 er meira í úthverfapabbastílnum, eins og stofa á hjólum, með meira plássi og auknum þægindum.

Eins og í tilfelli G6 hefur hleðslu-hraðinn verið aukinn verulega með uppfærslu úr 3C-hleðslu í 5C og er bíllinn, við kjöraðstæður, eingöngu 12 mínútur að hlaðast úr 10% í 80%. Ýmsir „premium“-eiginleikar hafa verið gerðir að staðalbúnaði í nýrri útgáfunni og innra byrðið hefur fengið andlitslyftingu.

Bíllinn er glæsilegur útlits. Hann er meðal annars hægt að fá í útliti sem ég tel að muni vekja nokkra athygli. Ytra byrðið er í djúpsjávargrænum möttum lit, en innra rýmið í klassíska brúna leðri. Það fer einhvern veginn afar vel saman og eykur mjög á klassískan gæðablæ bílsins.

Það var hrein unun að aka G9, rétt eins og G6, og þrátt fyrir settlegt útlitið er bíllinn mikil græja og hlaðinn spennandi tæknieiginleikum sem nýr eigandi mun njóta þess að leika sér með.

Hvort sem lesendum hugnast betur praktískur og sportlegur G6 eða stærri og settlegri G9 held ég að enginn geti orðið fyrir vonbrigðum með þessa bíla. Þeir eru einfaldlega framúrskarandi valkostur á rafbílamarkaði.

Sennilega háir þeim mest ímyndarlega séð að framleiðandinn er kínverskur, en þessir bílar eru skýr vitnisburður um hversu framarlega á merinni kínverjar eru í tækniþróun og þar eru rafbílar engin undantekning. Hér áður fyrr voru menn skeptískir á japanska og kóreska bíla, en í dag hafa sennilega flestir bifreiðaeigendur á Íslandi átt bíl frá japönskum eða kóreskum framleiðanda. Ef fram fer sem horfir er ekki ólíklegt að vægi kínverskra bíla muni aukast mjög á rafbílamarkaði.

Svo er rétt að geta þess að bílarnir tveir eru á einstaklega hagstæðu verði miðað við markaðinn almennt, á sama tíma og það sem víðast hvar telst til „premium“-eiginleika er einfaldlega staðalbúnaður í þeim kínversku.

Bíla- og kerruviðgerðir

Bremsur • Hjólalegur • Beisli • Ljósabúnaður o.fl.



Rafmagns-
viðgerðir
Almennt
bifreiðaverkstæði

Tímappantanir
564 0400



- Hestakerrur
- Sleðakerrur
- Vagnakerrur
- Bílakerrur

Bílaraf

Renault 5 er kominn á göturnar aftur og fangar anda gömlu útgáfunnar, sem var geysivinsæl á sínum tíma, en gerir það með nútímalegum hætti sem fellur vel að þörfum borgarbúa árið 2025.



Nostalgía og nútíminn mætast

Hermann Nökkvi Gunnarsson
hng@mbl.is

Renault 5 er mættur aftur á göturnar, nú sem rafbíll, og á að höfða til þeirra sem kunna að meta bæði hefð og nútímalega hönnun. Bíllinn var fyrst kynntur árið 1972 og varð einn allra vinsælasti borgarbíll Evrópu næstu tvo áratugin. Hann þótti á sínum tíma bæði nettur, lipur og ódýr í rekstri – eiginleikar sem gerðu hann að ástsælum fararskjóta fyrir heilu kynslóðirnar. Nú, rúmlega hálfri öld síðar, hefur Renault tekið gömlu hugmyndina, blásið í hana nýju lífi, og sett hana í

rafmagnsbúning sem á að höfða til nútímabílstjóra. Ég fékk tækifæri til að reynslu-aka nýja Renault 5 Techno í fjóra daga og komst fljótt að því að framleiðandanum hefur tekist ágætlega að sameina nýja tækni og gamlan sjarma. Bíllinn er stílhreinn og gripandi að utan og að innan er hann nútímalegur án þess þó að missa þann „retro“-fíling sem gerir hann sérstakan. Ég hef almennt verið þeirrar skoðunar að flestir rafmagnsbílar séu nokkuð óspennandi í útliti að utan sem að innan – það er eins og með flestum sé reynt að þvinga okkur í einhvern framtíðarveruleika sem skortir alla



Mælaborð Renault 5 er nútímalegt og með öllum helsta búnaði sem völ er á í svona bifreið.

**ÖKULAND**

Meirapróf á íslensku og ensku
Endurmenntun atvinnubílstjóra á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar: **okuland.is**

Alltaf í boði 24/7

Taktu námskeiðið þegar þér hentar!



figurð – en það er alls ekki tilfellið með Renault 5. Hann er öðru-vísi, sker sig úr og er einstaklega skemmtilegur í útliti. Með skýrum skírskotunum í gamla Renault 5 tekst að höfða jafnt til þeirra sem muna eftir bílnum frá fyrri tíð og til yngri kynslóðarinnar sem vill fá eitthvað nýtt og ferskt. Í akstri reyndist Renault 5 einstaklega þægilegur. Dempararnir taka höggum vel, beygjurnar eru mjúkar og aksturinn almennt skemmtilegur. Hann passar mjög vel í umferðinni í Reykjavík, hvort sem það er í þröngum götum miðbæjarins eða í daglegum ferðum mínum frá Árbænum upp í Háskóla Íslands. Þar kom vel í ljós hversu

Renault 5 Techno

- » Rafmagnsmótor
- » Stærð rafhlöðu: 40 kWst
- » Drægni: 300-409 km
- » Hestöfl: 150
- » Drif: Framhjóladrif
- » Hröðun 0-100 km/klst.: 9 sek.
- » Hámarkshraði: 150 km/klst.
- » Farangursrými: 326 lítrar
- » Verð frá: 3.990.000 kr.
- » Bílaumbod: BL

hagnýtur hann er sem borgarbíll, auðvelt er að leggja honum, hann tekur lítið pláss og maður finnur fljótt að Renault 5 er hannaður fyrir styttri daglegar ferðir. Hljóðkerfið í bílnum er mjög gott, sem gerir akstursupplifunina enn betri.

Drægni fyrir innanbæjarakstur

Samkvæmt framleiðanda á Renault 5 Techno að ná 300 kílómetra rafmagnsdrægni. Í minni notkun reyndist hún heldur skemmri en fyrir daglegar ferðir innan höfuðborgarsvæðisins er þetta þó fullkomlega nægjanlegt. Bíllinn hentar því vel þeim sem hlaða heima og aka stuttar vegalengdir, en síður þeim sem



Ljósíð í fimmunni sýnir hversu góð hleðslustaða bílsins er.



Bíllinn er sportlegur í útliti þótt ekki sé um sportbíl að ræða.



Afturendinn á nýja Renault 5 er bæði einfaldur og stílhreinn, með skírskotun í hinn klassíska Renault 5 sem gerði garðinn frægan áður fyrr.



Bíllinn er með svokallaða LED-stemningsljýsingu sem gerir akstursupplifunina enn skemmtilegri.

vilja hafa frelsi til að bruna lengri leiðir án þess að hugsa um næstu hleðslu. Vert er að taka fram að þrjár tegundir eru í boði af þessum bíl. Þannig er hægt að fá Renault 5 Evolution, Techno eða Iconic.

Renault 5 er smár í sniðum þótt hann sé vissulega með fimm sæti. Skottið tekur léttilega á móti innkaupapokum, skólatösku eða tveimur minni ferðatöskum. Fyrir fjölskyldur sem þurfa að flytja barnavagna eða gera stór innkaup gæti hann reynst of þröngur, en það er ekki endilega markhópurinn. Þetta er bíll sem lögð er áhersla á að sé nettur, praktískur og stílhreinn félagi í daglegum borgarferðum.

Það sem Renault hefur tekist vel er að skapa bíl sem er bæði lipur og þægilegur. Hann er einfaldur borgarbíll en á sama tíma líður bílstjóra eins og á algjörum kagga.

Þótt Renault 5 sé smár í sniðum er hann vel búinn. Í Techno-útgáfunni er meðal annars 10,3 tommu snertiskjár, bakkmyndavél og fjarlægðarskynjarar að aftan sem gera bílastæðaleit í þröngum götum mun auðveldari. Bifreiðin er með lyklalausni aðgengi, mismunandi akstursstillingum og þráðlausri farsímahleðslu.

Þá er öryggisbúnaðurinn umfangsmikill: akreinavari, árekstrarvörn að framan og neyðarbremsa sjá til þess að ökumaður og

farþegar séu öruggir. Að innan er einnig svokölluð LED-stemningsljýsing sem sakar ekki frekar en mjóhryggsstuðningurinn sem er í bílnum fyrir ökumanninn.

Á sanngjörnu verði

Ég tel að Renault 5 sé kjörinn fyrir þá sem búa í þéttbýli og vilja bíl sem er bæði praktískur og með smá karakter. Fyrir íbúa á landsbyggðinni, sem þurfa lengri drægni og meiri sveigjanleika, er hann síður góður kostur.

Verðið á Renault 5 Techno með styrk úr orkusjóði er 4.390.000 krónur, sem má telja sanngjarnt miðað við hönnun, búnað og þá stemningu sem bifreiðin býður upp á.



Klæðningin á sætum er tau sem gert er úr endurunnu plasti.



Sætin aftur í eru þægileg en ekki með mikið pláss fyrir stóra menn.

Draumabílskúr Nielsar Thibaud Girerd leikara

Vantar bara skriflega hlutann

Ásgeir Ingvarsson
ai@mbli.is

Estur draumabílskúrsins að þessu sinni sker sig úr fyrir þær sakir að eiga ekki bíl og vera ekki einu sinni með bílpróf. Það stendur þó til bóta, og upphaflega ætlaði Niels Thibaud Girerd að klára þessi mál þegar hann var unglingur.

„Það var meðvituð ákvörðun hjá mér að taka ekki prófið, og lítaðist m.a. af því hvað mér leiddist í bóklegu tímunum, hvað mér fannst stemningin í kennslustofunni þrúgandi, og að kennarinn virtist ekki mjög áhugasamur um að kenna okkur,“ segir Niels og játar að kannski hafi það líka lítað ákvörðunina að hann gekk í Menntaskólann við Hamrahlíð og ekki laust við að það hafi þótt svolítið töff þar á bæ að sleppa bílprófinu. „Við MH-ingar erum svo miklir bóhemar,“ segir hann glettinn. „En svo var ég líka nýlega fluttur af Seltjarnarnesinu í Hlíðarnar og hafði ekki mikla þörf fyrir bíl. Þar var stutt í flesta þjónustu, skólinn í göngufæri og ekki langt að fara niður í miðbæ.“

Niels er með mörg járn í eldinum um þessar mundir. Hann kemur fram í *Jónsmessurnæturdraumi* í Tjarnarbíói og hefjast sýningar 26. september. Þá er röðin komin að *Péttri Pan* á Óperudögum í Reykjavík 25. október, og því næst *Birtíngi* í uppfærslu Leikfélags Akureyrar 26. febrúar. Loks hefjast sýningar á *Kabarett* í Þjóðleikhúsinu í vor, með leikhópi Leikhúss ókunnuga fólksins sem Niels tók þátt í að stofna.



Morgunblaðið/Birta Margrét

Niels hefur náð að komast af án bílprófs en ætlar senn að gera aðra atlgöu að skriflega prófinu.

Ók upp á fæðingardeild

Niels er nýkominn á fertugsaldurinn og hefur náð að pluma sig alveg ágætlega þrátt fyrir bílleysið. Það

hjálpar eflaust að hann hefur búið í og við miðbæinn, og þá hóf hann að búa með konu og fylgdi henni bæði ökuskírteini og bíll.

Núna er allt sem vantar að klára sjálft skriflega prófið og gerði Niels atlgöu að því í september í fyrra, en hafði ekki erindi sem erfíði. Hann á

hins vegar ekki í nokkrum vanda með að aka bíl, og er með æfingaleyfi fyrir bíl barnsmóður sinnar – sem hann fékk m.a.s. að aka með hraði upp á spítala þegar barn þeirra ákvað að koma í heiminn.

Spurður hvort það flæki nokkuð heimilishaldið að Niels vanti enn bílprófið þá segir hann það ekki koma mjög að sök. Strætó nýtist sér vel, og reiðhjólíð líka, og þá þykir Niels gaman að spana um á Hopp-hlaupahjólí flæddur frakkanum sínum sem flaksast í vindinum.

Niels er skarpur í kollinum og ágætis námsmaður, og átti von á að ganga betur í bóklega prófinu. „Ég fór vandlega yfir svörin en svo poppuðu upp sex villur en máttu bara vera fjórar. Það má ekki vanmeta þessar spurningar og það verður að huga að orðalaginu, og oft getur framsetningin verið æði kvikindisleg,“ segir hann. „En á móti kemur að þetta á að vera þroskandi fyrir mann, og eðlilegt að gera ríkar kröfur til þeirra sem vilja fá að aka bíl.“

Bjallan heillar

Hvaða bíl myndi Niels svo vilja fá sér, þegar ökuskírteinið er loksins klárt? Ungi listamaðurinn reynist vera veikur fyrir sígildum smábílum: „Frá því ég var barn hef ég verið heillaður af þessari þýsku há-gæðasmíði sem Volkswagen-Bjallan er, og myndi vilja hafa hana rauða. Ég myndi hins vegar þurfa að fá líðsauka til að halda bílnum við, því ég er ekki handlaginn og ekki rétti maðurinn til að eiga við vélina.“

Draumabílskúrinn

Litli borgarbíllinn:

Það jafnast ekkert á við lítinn fallegan Volkswagen og hvað þá rauða Bjöllu. Þannig keyrir maður með „class“ um breiðgötur sem og stræti borgarinnar.



Fyrir lottóvinninginn:

Aston Martin DB5 árgærd 1963. Íklæddur rykfrakka á slíkum bíl væri maður fær í flestan sjó. Það jafnast ekkert við þennan kagga með leðursætis-áklæði.



Sunnudagsbíllinn: Lada frá 1980 með smá óhljóðum, ella biluðu þústróri, myndi gera sunnudagana afar rómantíska innanbæjar sem utanbæjar.

Fíni bíllinn:

Hvítur Citroën frá 2000. Hann væri afar huggulegur og færir mér vel þó að ég sé ekki mikill aðdáandi franskra bíla, en ég hef bara svo gaman af því að þeir séu til.



Einn ómissandi í viðbót:

Mótorhjól með hliðarvagni er nokkuð sem ég mun fá mér fyrr en varir. Þá væri allur aukabúnaður nauðsynlegur svo sem hjálmur, sem og gleraugun.



Ljósmyndir

Aston Martin Media
Toyota Global Newsroom
Wikipedia/Alvaro Ibanez (CC)
Wikipedia/Charles01 (CC)
Wikipedia/Citroen Xsara (CC)
Wikipedia/Rastaman3000 (CC)



Hinn fullkomni íslenski hversdagsbíll er Toyota Corolla: Gott skott og fínustu bílar sem koma manni frá A-B. Akkúrat það sem ég bæði hann að gera.

Brotin rúða?

framrúðuskipti og
framrúðuviðgerðir
fyrir allar bifreiðar



T E S L A

APPROVED BODY SHOP

SKODA

Tryggðu þér
rafbil fyrir áramót



ELROQ 4x4

Bíll ársins í flokki rafdrifinna fjölskyldubíla*

- Fjór hjóladrifinn
- Allt að 536 km drægni (Skv. WLTP)
- Aukin veghæð - 18,6 cm
- 470 lítra farangursrými sem mögulegt er að stækka í 1.580 lítra

Forpöntun hafin. Væntanlegur í lok árs.

Verð frá 6.390.000 kr.

Með styrk úr Orkusjóði



8 Ára ábyrgð
á rafhlöðum



Fullkominn ferðafélagi

Škoda Kodiaq - fjór hjóladrifinn
Dráttargeta 2300 kg - 2.0 l díselvél, 193 hö

Verð frá **9.590.000** kr.



Vinsæli fjölskyldubíllinn

Nýr Škoda Enyaq 85x - fjór hjóladrifinn
Verð frá **7.590.000 kr.** með styrk
Fullt verð frá 8.490.000 kr.

Allt að 539 km drægni (WLTP)



Laugavegi 174, 105 Rvk. _ Sími 590 5000 _ www.hekla.is
Höldur Akureyri _ Bílasala Selfoss _ Bílakjarninn Reykjanesbæ

*WHATCAR? Car of the Year Awards 2025